

Pabbi minn var kóngurinn á Hlemmi

Mikael Torfason missti föður sinn í vor
úr alkóhólisma. Hann gerir upp æsku
sína og síðustu daga föður síns. → 26



FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Starfar í Kísildalnum
Líney Arnórsdóttir um
námið í Stanford og
ferilinn. → 30



Bílprófslaust líf
Sumum þykir ekkert
tiltökumál að vera án
bílprófs. → 40



**Strangheiðarlegur
heimilismatur**
Kótilettur alltaf
jafn vinsælar. → 42

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • ATVINNA

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

LAUGARDAGINN 4. NÓVEMBER KL. 12-15

Kraftmikill fjölskyldudagur


JARÐHITASÝNING ON Í HELLISHEIÐARVIRKJUN

SIRKUS
ÍSLANDS



Skemmtileg
dagskrá fyrir alla
fjölskylduna!

Veður



Norðan 5-15 m/s og él fyrir norðan og austan, en jafnvel bjart annars staðar. Nokkuð svalt í veðri, hiti um og undir frostmarki. **SJÁ SIÐU 54**

Vigga gamla finnur loks hjartahlýjuna

FÓLK „Þetta var það sem Vigga þráði og leitaði að; hjartahlýja og kærleikur frá sveitungum sínum – hún þurfti á því að halda,“ segir Jóna Sigríður Jónsdóttir, ein kvennanna sem safna fyrir legsteini á ómerkta gróf förukunnar Vigdísar Ingvadóttur í Mýrdal.

Auk tveggja steinsmiðja sem nefndar voru í Fréttablaðinu í gær hefur S. Helgason boðist til að leggja til legstein á leiði Vigdísar í Skeiðflatarkirkjugarði. Fjöldi einstaklinga hefur líka haft samband við Jónu og söfnunin hefur gengið ótrúlega vel að hennar sögn.

●● Það sem mér finnst svo ánægjulegt við þetta sérstaklega, er að þetta fólk sem er að gefa sig fram og leggja til peninga gerir það af svo mikill hlýju og gleði.

Jóna Sigríður Jónsdóttir

„Ég er búin að fá ótal kveðjur og þakkir. Það sem mér finnst svo ánægjulegt við þetta sérstaklega, er að þetta fólk sem er að gefa sig fram og leggja til peninga gerir það af svo mikill hlýju og gleði. Það er alveg dásamlegt að Vigga skuli fá legstein með þessum hætti. Hún stóð ein í lífsbaráttunni og var svo mikill einstæðingur alla ævi,“ segir Jóna.

Fram undan er að velja stein og skiptu leggja málið nánar. „Það er að minnsta kosti ljóst að það er hægt að hafa steininn veglegan og fallegan og persónulegan,“ segir Jóna Sigríður Jónsdóttir. –gar



Vigga eins og Jóna Sigríður sér hana.

Stund milli stríða í Syðra-Langholti



„Vá, hvað þetta er gírnilegt!“ sagði Smári McCarthy um pitsurnar úr golfskálabístróinu Seli í Hrunamannahreppi, enda orðinn svangur eftir samtali morgunsins. Hlé var gert á stjórnarmyndunarviðræðum á heimili Sigurðar Inga og Elsu í Syðra-Langholti í gær til að samningamenn gætu fyllt á tankinn enda ekki vænlegt til árangurs að mynda ríkisstjórn á fastandi maga. Viðræður ganga ágætlega og vel fer á með mönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Forvali hagrætt í þágu Clinton

BANDARÍKIN Forkosningum Demókrata fyrir forsetakosningar í Bandaríkjunum á síðasta ári var hagrætt. Þetta fullyrta Elizabeth Warren, öldungadeildarþingmaður flokksins, í gær. Warren var opinber stuðningsmaður sigurvegarans Hillary Clinton.

Fréttamaður CNN spurði þingmanninn hvort Clinton hefði notið stuðnings á bak við tjöldin í baráttunni við Bernie Sanders og svaraði hún játandi.

Warren er ekki sú eina sem fullyrðir þetta en svar hennar var viðbragð við nýrri bók sem Donna Brazile, fyrrverandi formaður miðstjórnar Demókrata, gaf út á dögunum.

Í bók Brazile kemur fram að hin fjársvelta miðstjórn hafi gert samkomulag um sameiginlega fjáröflun miðstjórnarinnar og framboðs Clinton. – þea

Vinsældir Smáralindar aukast í kaupgleðinni

Viðskiptavinum og gestum Smáralindar fjölgaði um 31 prósent í september eftir opnun H&M. Framkvæmdastjórinn finnur fyrir aukinni kaupgleði landans. Um 23.000 manns kusu utankjörfundar í verslunarmiðstöðinni.

VERSLUN Aðsókn gesta og viðskiptavina Smáralindar jókst um 31 prósent í september, miðað við sama mánuð í fyrra, og 24 prósent í október eða fyrstu mánuðina eftir opnun fatarisans H&M. Framkvæmdastjóri verslunarmiðstöðvarinnar finnur fyrir mikilli aukningu í kaupgleði landans.

Fasteignafélagið Reginn, eigandi Smáralindar, kynnti í gær uppgjör sitt fyrir fyrstu níu mánuði ársins. Þar segir að samkeppnistáða verslunarmiðstöðvarinnar hafi gjörbreytt með komu H&M í lok ágúst og opnun á nýrri tiskuvöruslun Zöru. Árið hafi einkennst af miklum fjárfestingum vegna breytinga í húsinu og leigutekjur því verið lægri en áætlað var og rekstrarkostnaður hærri á stórum hluta hússins. Nú sé útlit fyrir að tekjur muni aukast umfram fyrri spár.

„Við finnum að verslun í Smáralind hefur verið að glæðast sem er mjög jákvætt og leigutakar mjög ánægðir með breytingarnar. Þessi aukna aðsókn er í samræmi við okkar væntingar og við vissum að með öflugu akkeri myndi hún aukast,“ segir Sturla Gunnar Eðvarðsson, framkvæmdastjóri Smáralindar.

Stóraukin netverslun og gjörbreytt kauphegðun nýrrar kynslóðar eru risavaxnar áskoranir fyrir verslunarmiðstöðvar, eins og kom fram í Markaðnum, fylgiriti Fréttablaðsins um viðskipti og efnahagsmál, í lok ágúst. Á sama tíma spáir Hagstofa Íslands, í nýrri þjóðhagsspá sem birtist í gær, því að einkaneysla verði enn meiri á þessu ári en



Raðir mynduðust þegar H&M opnaði í Smáralind í lok ágúst. FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÓR

●● Við finnum að verslun í Smáralind hefur verið að glæðast sem er mjög jákvætt

Sturla Gunnar Eðvarðsson, framkvæmdastjóri Smáralindar



í fyrra þegar hún jókst um 7,1 prósent. Hún muni aukast um 7,8 prósent, eða meira en á árinu 2007, og kaupmáttur halda áfram að aukast. Sturla Gunnar svarar aðspurður

að kærkomið hafi verið að utankjörfundaratkvæðagreiðsla á höfuðborgarsvæðinu fyrir alþingiskosningarnar 2017 hafi verið haldin í Smáralind. Þar kusu um 23.200 manns en Sturla bendir á að 30 þúsund hafi mætt á miðnæturöppun Smáralindar síðasta miðvikudag.

„Utankjörfundaratkvæðin voru mikilvæg í sjálfu sér en einungis dropi í hafid. Í síðasta mánuði komu um 400 þúsund manns hingað. Við sjáum svo stærri daga í húsinu en það er töluvert meira að gera hér fyrir jólna en miðnæturöppunin var mjög stór dagur,“ segir Sturla Gunnar.

haraldur@frettabladid.is

15%

afsláttur af 210 stk. Nicorette nikótínlyfjatyggiðummi

- Allar bragðtegundir
- 2 mg og 4 mg

Fruitmint - Classic - Whitemint - Freshmint



Gildir til 12. nóvember 2017

Apótekarinn+
- lægra verð

www.apotekarinn.is



ENNEEM / SIA / NM84823

Nýr spennandi IONIQ plug-in hybrid

FRUMSÝNING – Nýr Hyundai IONIQ plug-in hybrid

Nýr Hyundai IONIQ plug-in hybrid tengitvinnbíl sameinar það besta sem völ er á í nýjustu rafbílatækni og hefbundinni vélartækni. IONIQ plug-in hybrid kemst allt að 63 km* á rafhleðslunni einni saman sem gefur öikumanni kost á að aka nánast eingöngu á rafhlöðunni allra sinna ferða innanbæjar. Komdu og reynsluaktu nýjum umhverfisvænum Hyundai IONIQ plug-in hybrid

**Frumskýning í dag frá 12–16.
Verið velkomin í kaffi
og reynsluakstur**

Hyundai | Kaupúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is



8 YEAR / 200,000 KM
BATTERY
WARRANTY*

5 Á
ÁBYRGÐ
ÓTAKMARKADUR AKSTUR

*Drægi samkvæmt NEDC-prófun (New European Driving Cycle). Drægi bíls fer eftir aksturslagi, hitastigi, ástandi vega og ýmsum öðrum þáttum. Hámarksdrægi er mælt í bestu mögulegum aðstæðum.

TÖLUR VIKUNNAR 29.10.2017 TIL 04.11.2017

2,2%

var atvinnuleysið á þriðja ársfjórðungi þessa árs. Að jafnaði voru 198.600 manns á aldrinum 16-74 ára á vinnumarkaði. Af þeim voru 194.300 starfandi og 4.300 án vinnu og í atvinnuleit.

244 starfsmenn

lögðu fram kvörtun til Vinnu-eftirlitsins á árunum 2004 til ársins 2015 vegna ofbeldis eða áreitni á vinnustað.



11.200
krónur

geta ríkisstarfsmenn fengið greiddar fyrir mat í heilan dag á ferðalögum sínum innanlands á vegum ríkisins.

9**þúsund**

kindur vill skógarbóndinn Gunnar Jónsson, eigandi Króks í Norðurárdal, að ekki sé farið með um lönd hans þegar farið er með fé af fjalli á haustin.

69,4

milljónir króna eru biðlaunagreiðslurnar sem þingmennirnir 15 sem ekki náðu endurkjöri eiga rétt á næstu mánuði.

**163****milljónir**

króna fengu þingmenn greiddar á árunum 2013 til ársloka 2016 vegna aksturs eigin bifreiða.

Þrjú í fréttum

Skutl, þreyta og kvennaframboð

Inga Sæland
formaður Flokks fólksins,

kvaðst ekki kannast við bandalag Flokks fólksins og Miðflokksins í stjórnarmyndunarviðræðum sem Sigmundur Davíð Gunnlaugsson ýjaði að. „Við spjölluum nú bara saman í dag og Sigmundur var svo elskulegur að biðja bilstjórn sinn að skutla mér heim,“ sagði Inga eftir að hún sást í aftursæti bifreiðar Sigmundar við Bessa-staði.



Ásmundur Friðriksson
þingmaður Sjálfstæðisflokksins,

kvaðst hafa verið argur og þreyttur þegar hann neitaði að upplýsa um akstursgreiðslur sem hann fengi. Við blaðamann sagði hann að fréttamenn væru ekki að spyrja hvað lögfræðingar Rauða krossins væru að fá fyrir að senda bréf til innanríkisráðuneytisins vegna hælisleitenda. Ásmundur bað starfsfólk Rauða krossins afsökunar.



Stefanía Óskarsdóttir
dösent við stjórn-málafræðideild HÍ,

sagðist efast um að kvennaframboð næði einhverju flugi. Á annað hundrað konur mættu á fund þar sem ályktað var að niðurstöður kosninganna væru í hróplegu ósamræmi við tilefni þeirra. Fundað var um hugsanlegt kvennaframboð.



Spurningarmerki sett við notkun stoðneta eftir sögulega rannsókn

Aðferð sem notuð hefur verið á hundruð þúsunda sjúklinga er að mestu tilgangslaus samkvæmt nýrri rannsókn sem birt var í The Lancet. Varpar einstöku ljósi á ávinning kransæðavíkkana þar sem stoðnet eru notuð til að lina þjáningar hjartasjúklinga. „Þetta er alveg stórmerkilegt,“ segir hjartalæknir.

HEILBRIGÐISMÁL Litill sem enginn munur er á ávinningi þess fyrir sjúklinga að gangast undir kransæðavíkkun þar sem stoðnet er notað og að gangast undir lyfjameðferð.

Tvíblinda rannsóknin ORBITAL er sú fyrsta sinnar tegundar og hefur vakið gríðarlega athygli. Hún setur spurningarmerki við aðferð sem notuð hefur verið á hundruð þúsunda sjúklinga með stöðuga hjartaöng um allan heim á undanföllum áratugum.

Stoðnet er agnarsmá járngrind sem opnar stíflaðar æðar. Þessi litlu tæki hafa bjargað lífi fjölmargra einstaklinga sem fengið hafa hjartaáföll. Tvö hundruð einstaklingar með stöðuga hjartaöng, eða stöðugan brjóstverk, tóku þátt í rannsókninni. Að lokinni sex vikna lyfjameðferð fór hópurinn í hjartaþræðingu. Af þeim fengu 105 stoðnet. Hinir 95 fóru einnig í hjartaþræðingu en eftir að læknarnir höfðu þrætt örmjóan æðalegg í slagæð þeirra biðu þeir í örfáar mínútur og drógu legginn út án þess að koma stoðneti fyrir. Þetta er í eitt af örfáum skiptum í sögu hjartasjúkdómfræðinnar þar sem fólk aðgerð er framkvæmd.

Stoðnetin gerðu sitt hjá þeim sem þau fengu. Blóðflæði jókst verulega. Sex vikum síðar sýndu báðir hópar minni einkenni og voru þrekmeiri. Enginn marktækur munur var á hópunum.

„Þetta er alveg stórmerkilegt og er í raun brautryðjendastarf. Rann-



Um 700 kransæðavíkkarnir eru gerðar árlega á Landspítala en á heimsvísu hundruð þúsunda. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

sakendurnir eiga mikið hrós skilið,“ segir Þorbjörn Guðjónsson, hjartalæknir. Hann bendir þó á að hér sé um að ræða rannsókn á stöðugum kransæðasjúkdómi og þýðið, sem sé lítið, sé skipað tiltölulega hraustum einstaklingum með einnar æðar sjúkdóm.

Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt fram á jákvæðan árangur og betri lífsgæði sjúklinga eftir kransæðavíkkun.

Þó er ekki hægt að útiloka lyfleysuáhrif þrátt fyrir að aðgerðin sýni aukið blóðflæði.

Á Landspítalanum hafa

Stoðnet eru úr ryðfri stáli, kóbalti og krómi. Þau halda kransæðapregslum betur opnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY.

þúsundir kransæðavíkkana verið framkvæmdar og í 90 prósent tilvika eru stoðnet notuð.

„Niðurstaða [rannsóknarinnar] er eitthvað sem við öll getum verið sammála um, að það er sjálfsagt að reyna lyfjameðferð áður en sjúklingi er vísað til hjartaþræðingar,“ segir Ingibjörg Guðmundsdóttir, deildarstjóri æðaskurðeildar Landspítala.

Hún segir að um það bil 700 kransæðavíkkarnir séu gerðar á ári. Stór hluti þeirra sé vegna stöðugrar hjartaöngvar.

Stoðnet voru tekin í notkun snemma á tíunda áratug síðustu aldar. Þau útheimta ekki meiriháttar aðgerð eins og hjáveituaðgerð.

Rannsóknarhöfundar ORBITAL segja að hjartasérfræðingar hafi hingað til ekki tekið vel í hugmyndir

um lyfleysurannsókn á virkni kransæðavíkkana. Það sé almennt viðurkennt að kransæðavíkkun beri ótvíræðan árangur og að það geti talist á siðferðilega gráu svæði að beita lyfleysu meðferð á einstaklinga í þessum aðstæðum.

„Við vitum það að lyfjameðferð er árangursrík í fólki með stöðuga sjúkdóm, en ef lyfjameðferð virkar ekki eða reynist þeim erfið, þá er eðlilegt að vísa fólki í hjartaþræðingu,“ segir Ingibjörg.


ORBITAL-rannsóknin tók aðeins til einstaklinga með stöðuga hjartaöng og niðurstöður hennar hafa engin áhrif á þá sem gangast undir kransæðavíkkun vegna bráðs kransæðaheilkenniss, þar á meðal vegna kransæðastíflu með eða án ST-hækkunar. kjartanh@frettabladid.is



Ný íslensk bók um sögu Mercedes-Benz

Yfir 400 myndir af glæsivögnum

Ómissandi bók fyrir alla bílaáhugamenn!



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | www.forlagid.is
Opíð alla virka daga 10-18 | laugardaga 11-15

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavæxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.



Seriur

Okkar mesta úrval frá upphafi

Samtengjanlegar LED útiseriur 50 ljósa

Frábært verð

Sjáðu verðið!

FROST

3.990 kr

LED útiseriur
Samtengjanlegar LED
útiseriur, 50 ljósa.
14500290-293



FROST

4.990 kr

Ljósahringur
LED, 26 cm, 100 LED, einnig til 43 cm, 200 LED. Einstaklega fallegt í glugga.
14500410

1.990 kr

Frostrós í glugga
Hvít, rauð eða marglit.
2703001/39-40

Verð frá:

1.490 kr

Pýramídi
Hvitt LED ljós 30, 45 eða 60 cm.
1450093

Ljósahringur
Curly
40 cm 64 LED
hlýr hvítur
14500951

2.990 kr

Jól í Blómavali

Frábær tilboð

Nóvemberkaktus
Verð frá: **790 kr**
~~990 kr~~

11261225 12 cm potti: 1.490 kr. 1990 kr.
11328200 9 cm potti: 790 kr. 990 kr.

Jólastjarna
-25%
1.490 kr
~~1.990 kr~~

Orkidea
-26%
1.990 kr
~~2.690 kr~~

JOTUN

Lady litur mánaðarins

1352 FORM
Hlýr, þægilegur og passlega grár tónn sem tekur þægilega á móti þér.

LADY Blöndum alla liti



Húsasmíðjan og Blómavali ... frábær saman



LANDSKJÖRSTJÓRN

Fundur um úthlutun þingsæta

Landskjörstjórn kemur saman til fundar þriðjudaginn 7. nóvember, kl. 14:00, til að úthluta þingsætum á grundvelli kosningaúrslita í kjördæmum eftir almennar alþingiskosningar sem fram fóru 28. október sl.

Hér með er umboðsmönnum þeirra stjórnmalasamtaka sem buðu fram við alþingiskosningarnar gefinn kostur á að koma til fundarins, sem haldinn verður á 2. hæð í Austurstræti 8-10, Reykjavík, húsnæði nefndasviðs Alþingis. Gengið er inn frá Vallarstræti.

Reykjavík, 30. október 2017.

Landskjörstjórn.



Stjórnmalamenn ræddu innviði samfélagsins í sveitinni hjá Sigurði Inga og frú. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Framhald viðræðna ræðst á mánudaginn

Viðræður um stjórnarmyndun halda áfram um helgina og staðan svo metin á mánudaginn. Allir eru sammála um að byggja upp innviði samfélagsins en áherslur flokkanna eru ólíkar um hvernig fjármagna eigi uppbygginguna.

STJÓRN MÁL „Við tókum bara einn dag í einu,“ segir Katrín Jakobsdóttir um framhaldið og næstu daga stjórnarmyndunarviðræðna Vinstri grænna, Framsóknarflokksins, Samfylkingar og Pírata. „Við erum bara að setja grunninn núna yfir helgina svo tókum við stöðuna á mánudaginn og sjáum hvort við klárum þetta eða ekki.“ Katrín segir viðfangsefni dagsins hafa verið þessi helstu uppbyggingarmál, skilgreining verkefna og farið var yfir þau mál sem helst skilur flokkana að. Hópurinn hittist aftur eftir hádegi í dag.

Uppbygging helstu innviða eru fyrirferðarmest í stjórnarmyndunarviðræðunum. Ágætur samhljómur er meðal flokkanna um þá uppbyggingu en áherslur um tekjuöflunarleiðir og fjármögnun hennar eru ólíkari og skiptar skodanir um hvort og að hvaða marki eigi að nota afgang af ríkisrekstri og arðgreiðslur frá ríkisfyrirtækjum og hvort hækka eigi veiðigjöld og innheimta skuli hátekjuskatt.

Fréttablaðið ræddi við þingmenn þeirra flokka sem eiga í viðræðum um myndun ríkisstjórnar, um hvað felist í „uppbyggingu innviða“ sem óhætt er að segja að hafi verið vinsælasta hugtak nýafstaðinna kosninga.

Heilbrigðiskerfið, menntakerfið, löggæslan, húsnæðismálin, vegakerfið og almenningssamgöngurnar. Þetta eru innviðirnir sem þeim eru hugleiknastir.

Við eigum ekki að lita á innviðauppbyggingu sem kostnað og fjárútlát heldur er þetta fjárfesting sem skilar aukinni velmegun og hagkvæmni.

Ágúst Ólafur Ágústsson, þingmaður Samfylkingarinnar

„Innviðir eru það sem gera okkur að samfélagi,“ segir Ágúst Ólafur Ágústsson þingmaður Samfylkingarinnar. „Einkamarkaðurinn sér ekki hag sinn í að fjárfesta í þessum innviðum að því marki sem nauðsynlegt er og þess vegna þarf hið opinbera að gera það.“ Ágúst segir fjárfestingu í innviðum hagkvæma og það auki almenna velsæld samfélaga að hið opinbera setji fé í helstu innviði eins og skóla, spítala, almenningssamgöngur og löggæslu. „Við eigum ekki að lita á innviðauppbyggingu sem kostnað og fjárútlát heldur er þetta fjárfesting sem skilar aukinni velmegun og hagkvæmni,“ segir Ágúst.

„Þegar við erum að tala um uppbyggingu innviða erum við í rauninni að tala um að setja aukið fjármagn í grunnreksturinn. Rekstur heilbrigðisþjónustunnar hefur verið vanfjármagnaður hingað til og hið

sama má segja um menntamálin,“ segir Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir þingmaður Vinstri grænna.

Aðspurð segja þau helsta verkefnið lúta að launum og aðbúnaði starfsfólks enda mannekla eitt af stóru vandamálunum sérstaklega í heilbrigðisþjónustunni. Þau eru einnig sammála um að Ísland þurfi að ná að hífa sig upp úr botnsætinu í samanburði við önnur Evrópsk OECD ríki í hlutfallslegu fé til innviðauppbyggingar í heilbrigðisþjónustu.

Þá þurfi uppbygging þessara innviða að fara fram um landið allt. „Aðstöðumunurinn er svo misjafn,“ segir Ásmundur Einar Daðason, þingmaður Framsóknarflokksins. „Jafnvel þótt við getum ekki haft færustu sérfræðinga um allt landið þá þarf að finna lausnir á aðstöðumun þeirra sem búa á afskekktari stöðum. Jafnvel þótt við getum ekki gert kröfu um fæðingþjónustu á Hvammstanga, þurfum við að huga að þeim aðstöðumun sem íbúar þar búa við og það er hluti af því að styrkja innviðina,“ segir Ásmundur.

Björn Lévi Gunnarsson þingmaður Pírata nefnir einnig húsnæðismálin. „Húsnæðismálin eru líka mikilvægir innviðir og til að leysa húsnæðisvandann þarf fyrst og fremst að bregðast við eftirspurninni. Það þarf að byggja miklu meira og leggja meiri áherslu á heilbrigðan leigumarkað,“ segir Björn Lévi. adalheidur@frettabladid.is

Segir Kortabjónustuna ekki í vanda

VIÐSKIPTI Risavaxið gjaldþrot breska flugfélagsins Monarch Airlines leiddi til þess að félagið Kortabjónustan var selt til Kvikú og annarra fjárfesta. Þetta herma heimildir Fréttablaðsins en samkvæmt heimildum voru áhyggjur af því að gjaldþrotið gæti leitt til lausafjándanda.

Þessu hafnar Jóhannes Ingi Kolbeinsson, framkvæmdastjóri félagsins. „Félagið var ekki komið í neinn lausafjándanda og það var alveg óvíst að félagið hefði komist í einhvern lausafjándanda,“ segir Jóhannes og bætir því við að færsluhirðar Monarch hafi verið átta talsins.



Jóhannes Ingi Kolbeinsson, framkvæmdastjóri Kortabjónustunnar

Hluti Kortabjónustunnar hafi verið frekar litill og tryggingarféð mikið. „Það voru ýmsir búnir að sýna félaginu áhuga en þetta var ágætis tækifæri til að styrkja félagið. Til að taka allan vafa af um að það yrðu nokkur lausafjándandræði. En

það var ekki að stefna í það og það var ekkert sem var fyrirséð. Það er ekki orðinn neinn lausafjándandi að neinu leyti,“ segir Jóhannes enn fremur.

Kvika og hópur fjárfesta keyptu allt hlutfélagið og leiddi hlutfélaginu áhuga en þetta var greint á fimmtudag en eignarhluti Kvikú verður rúmlega fjórutíu prósent eftir viðskiptin. Samkvæmt heimildum gengu kaupin mjög hratt fyrir sig.

Ármann Þorvaldsson, forstjóri Kvikú, vildi ekki tjá sig um málið í samtali við Fréttablaðið – þea / hae

VORRÚLLU OFURTILBOÐ

16 VEGETABLE SPRING ROLLS

10 DUCK SPRING ROLLS

Iceland Vegetable Spring Rolls and Iceland Duck Spring Rolls

199 KR/PIK
Verð áður 259 KR/PIK

OPÍÐ 24 TÍMA

Netgjóró
Betri kaló til að borga

Iceland

ENGIHJALLI – VESTURBERG – ARNARBAKKI – GLÆSIBÆR – STADARBERG



Fyrirtæki með mikla möguleika

Gamalgróið fjölskyldufyrirtæki með verslun og heildverslun á besta stað í Reykjavík er til sölu. Afkoma er góð með um 80 milljóna kr. ársveltu og ágætan hagnað.

Mikill eigin innflutningur sem gefur töluverða möguleika á veltuaukningu bæði í verslun, heildverslun og verktöku.

Tilvalið fyrirtæki fyrir hugmyndaríkt fólk eða samhenta fjölskyldu.

ATVINNUHÚS EHF

Atvinnuhús ehf • Atli Vagnsson hdl., lögg. fasteignasali
Hverfisgata 4 • 101 Reykjavík • Sími: 561 4433 / 698 4611
atli@atvinnuhus.is

TAX FREE

DAGAR



AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT*
AF ÖLLUM LEIKFÖNGUM
2.-5. NÓVEMBER

*Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Sæmmtilegast að versla



Ungt fólk sem tekur þátt í skuggakosningum framhaldsskólanna er líklegra til að kjósa í alþingiskosningum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Karlar áhugalausir og hafa litla trú á stjórnámálum

STJÓRN MÁL Þeir sem tóku þátt í skuggakosningum framhaldsskólanna fyrir kosningarnar í fyrra voru líklegri til að kjósa í alþingiskosningum, en fylgnin var sterkari hjá körlum en konum. Þetta kemur fram í nýrri rannsókn sem Magnús Þór Torfason, lektor við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, og Hulda Þórisdóttir, dósent við stjórnmálafræðideild, gerðu. Fyrirkomulag skuggakosninga skipti máli fyrir þátttökuna; þegar farið var úr tíma til að kjósa var þátttaka í skuggakosningum meiri hjá báðum kynjum. Það fyrirkomulag spáði einungis aukinni þátttöku í alþingiskosningum hjá körlum.

Magnús Þór segir að út frá niðurstöðunum sé ekki hægt að fullyrða neitt um orsakatengsl þarna á milli, þar sem rannsóknin hafi ekki verið sett upp með tilraunasniði.

Hins vegar hafi tengslin þarna á

milli verið miklu sterkari milli pílta en stúlkna. „Þess vegna fórum við að skoða hvers vegna karlar og konur kusu ekki,“ segir Magnús Þór. Fyrstu niðurstöður úr meginlegum og eiginlegum greiningum benda til þess að karlar sem ekki kusu séu líklegri til að segjast hafa litla trú á stjórnámálum og lítinn áhuga á kosningum. Konur eru líklegri til að hafa aðrar ástæður fyrir því að kjósa ekki.

Komið hefur fram í fjölmiðlum að þátttaka í alþingiskosningum hefur minnkað undanfarna áratugi og náði sögulegu lágmarki í alþingiskosningunum 2016. Þá kusu 79,2 prósent.

Kosningaþátttaka ungs fólks er mun minni en þeirra sem eldri eru, en nokkuð jöfn sé horft til kynja. Þau Magnús Torfi og Hulda segja vísendingar um að einstaklingar sem ekki kjósa í fyrstu kosningum sem þeir hafa kosningarétt í séu ólíklegri til að kjósa í framtíðinni. – jhh

Zúistum fækkar í stríði um sálirnar og gjöldin

Andstæðir pólar zúista ýmist hvetja fólk til að skrá sig í trúfélagið eða úr því. Forstöðumaðurinn boðar endurgreiðslur sóknargjalda. Öldungaráðið yfirgaf félagið og hvetur til úrsagna áður en nýtt greiðsluár hefst 1. desember.

TRÚFÉLÖG Forstöðumaður trúfélagsins Zuism hvetur fólk til að skrá sig í félagið og lofar að endurgreiðslur sóknargjalda til meðlima hefjist eftir miðjan nóvember. Á sama tíma hvetja þeir sem áður skipuðu svokallað öldungaráð zúista alla til að yfirgefa félagið.

„Við undirrituð hörmum innilega þá stöðu sem nú er uppi í trúfélaginu Zuism og hvetjum alla meðlimi til að skrá sig úr félaginu í síðasta lagi fyrir 1. desember,“ segir í yfirlýsingu sexmenninganna. Er þar vísað til þess að ef meðlimir skrá sig ekki úr Zuism fyrir 1. desember renna sóknargjöld í þeirra nafni úr ríkissjóði í tólf mánuði til viðbótar.

„Við drógum fólk inn í þetta og getum ekki borið ábyrgð á því að fólk fái nokkurn tíma greitt eða að upphafleg markmið okkar gangi eftir,“ segir Snæbjörn Guðmundsson, einna hinna sex fyrrverandi öldungaráðsmeðlima.

Hálftíma eftir að öldungaráðsmennirnir sendu yfirlýsingu frá sér í gær barst yfirlýsing frá Ágústi Arnari Ágústssyni sem fyrir tæpum mánuði fékk viðurkenningu sýslumanns á því að vera forstöðu-



Við drógum fólk inn í þetta og getum ekki borið ábyrgð á því að fólk fái nokkurn tíma greitt eða að upphafleg markmið okkar gangi eftir.

Snæbjörn Guðmundsson, fyrrverandi öldungaráðsmeðlimur hjá zúistum

maður félags zúista. Sagði Ágúst umsóknarfrest um endurgreiðslur sóknargjalda vera til 15. nóvember og að stefnt væri að því að greiða tveimur dögum síðar.

„Eftir langa bið og mikla baráttu er loksins komið að því að zúistar geti fengið endurgreiðslu,“ segir í yfirlýsingu Ágústs. „Zuism er eina trúfélag landsins sem leyfir sóknarbörnum að ráðstafa sínum sóknargjöldum. Við hvetjum fólk til að skrá sig í félagið fyrir 1. desember því stefnt er að því að endurgreiðslur muni halda áfram á næsta ári.“

Öldungaráðið fyrrverandi undirstrikar að það beri enga ábyrgð lengur á félaginu. Um leið virðist ráðið telja forstöðumanninn vera að skreyta sig með stolnum fjöðrum. „Við fráböðjum okkur einnig tilraunir núverandi forráðamanna félagsins til að eigna sér upphafleg markmið okkar með gjörningnum,“ segir í yfirlýsingunni.

Sjálfur segist Snæbjörn aðspurður hafa skráð sig úr félaginu í vikunni. „Nei,“ svarar hann og hlær aðspurður hvort hann hyggtist senda inn umsókn um endurgreiðslu.

Hvatning öldungaráðsins virðist hafa haft sín áhrif. Á þriðja tímanum í gær höfðu 62 skráð sig úr Zuism þann daginn og alls 357 frá því í byrjun október. Samkvæmt þjóðskrá eru nú 2.303 í félaginu. gar@frettabladid.is

SPARIÐ

25%

AF ÖLLUM VÖRUM*
laugardag og sunnudag

*Gildir ekki um LEGO®-sett, leikjatölvur, spjaldtölvur og vörur sem þegar eru með afslætti. Tilboðin gilda 04.11-05.11 2017.

ToysRUs



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

GERÐU GOTT MÓT MEÐ AURIS

sérstakt tilboðsverð

í takmarkaðan tíma

á völdum bílum



Verðlistaverð frá:
Auris – 2.970.000 kr.
Auris Hybrid – 3.290.000 kr.

Þegar mikið er í húfi er gulls ígildi að hafa samherja innan sinna raða sem dregur fram það besta í öðrum. Ef þú vilt finna leikgleði í liprum akstri skaltu bruna til næsta viðurkennda söluaðila og nýta þér sértíloð á öllum gerðum Auris, hinum eina sanna óska-samherja. Jafnframt fylgja fjórfaldir Vildarpunktar með öllum gerðum Auris. Skelltu þér á hann áður en lokaflautið gellur.

Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000



Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

Sóttvarnalæknir óttast afleiðingar kynsjúkdóma

HEILBRIGÐISMÁL Búast má við alvarlegum afleiðingum vegna vaxandi útbreiðslu kynsjúkdóma hér á landi sem ekki hafa sést um árábil. Þetta kemur fram í ritstjórnargrein Þórólfs Guðnasonar sóttvarnalæknis í nýjasta tölublaði Læknablaðsins.

Þórólfur segir í greininni að fyrst megi nefna alvarlegar afleiðingar sárásóttar, til dæmis meðfædda sýkingu. Þá varar hann einnig við því að ein afleiðinganna gæti verið meðfæddar HIV-sýkingar. „Því eru læknar og aðrir heilbrigðisstarfsmenn hvattir til að vera á varðbergi gagnvart þessum sjúkdómum í sínum daglegu störfum,“ skrifar sóttvarnalæknir.

Sú aukning sem Þórólfur nefnir er talsverð. Skrifar hann að fylgst hafi verið með árlegum fjölda einstaklinga sem greinast með sárásótt og/eða lekanda frá árinu 1896, með klamydíu frá 1982, HIV frá 1983 og svo með lifrabólgu B frá 1985.

Samkvæmt Þórólfi hefur árlegur

Því eru læknar hvattir til að vera á varðbergi gagnvart þessum sjúkdómum.

Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir.



fjöldi þeirra sem greinist með lekanda aukist árlega frá árinu 2004 og í fyrra hafi 89 greinist með sjúkdómnum. „Í dag eru flestir sem greinast með lekanda karlmenn sem stunda kynlíf með öðrum karlmönnum.“

Sama þróun hefur jafnframt átt sér stað með sárásótt og í fyrra var fjöldi nýgreindra með HIV-sýkingu sá hæsti á einu ári frá því faraldurinn hófst. – þea

Var ýtt til hliðar af ótta við Sjálfstæðismenn

Birgitta Jónsdóttir fékk ekki heiðursæti á lista fyrir síðustu kosningar. Hún segir það hafa verið af ótta við viðbrögð Sjálfstæðismanna. Hún óskar félögum sínum velfarnaðar í stjórnarmyndunarviðræðum og segist ekki vera sár.

STJÓRNMÁL „Ég var hreinsuð út og var náttúrliga ekkert í þessum kosningaham Pírata. Ég held að það hafi verið út af ótta við Sjálfstæðisflokkinn, eða mér skildist það. Það var eina skýringin sem ég fékk,“ segir Birgitta Jónsdóttir.

Fyrir nýafstaðnar alþingiskosningar var ákveðið að Birgitta yrði ekki í heiðursæti á framboðslista Pírata. Birgitta segist hafa frétt það á kjördegi að ástæðan hefði verið ótti við að Sjálfstæðisflokknum tækist að hræða fólk með því að hún yrði ráðherra, ef hún yrði í heiðursætinu.

Birgitta segist ekki vera sár yfir þessu. „Ekki lengur. Ég var þinu sár þegar ég heyrði þetta,“ segir hún. Birgitta, sem er einn af stofnfélögum Pírata, segist stolt af því að hafa tekið þátt í að byggja upp stjórnmálareyfið. „Ég er stolt af því að hafa tekið þátt í að hafa búið til hreyfingu sem hefur starfað með svona mörgu ungu fólkum sem fann farveg fyrir sjálfstjórnarmálum og hafa beitt sér á flottan hátt. Mér finnst það frábært legacy,“ segir Birgitta og segist mjög stolt yfir því að hafa tekið þátt í að búa til svoleiðis.

Píratar eru aðilar að fjögurra flokka stjórnarmyndunarviðræðum



„Það sem skiptir máli er að Píratar hafa ítrekað sagt að þeim finnst ekki að ráðherrar eigi að vera þingmenn og við höfum talað fyrir fagræðingum. Ég veit ekki hvernig það verður núna,“ segir Birgitta. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

» Fyrir nýafstaðnar alþingiskosningar var ákveðið að Birgitta yrði ekki í heiðursæti á framboðslista Pírata.

reynsluleysi, sérstaklega í þingflokki Pírata. Þetta finnst Birgittu ósanngjarnar athugasemdir.

Í síðustu ríkisstjórn voru allmargir sem höfðu aldrei setið á þingi. „Það hafa allir Píratar núna setið á þingi þó það sé misjafnlega lengi. Við erum með stífar reglur um að bera hluti undir grasrótina. Það getur ekki átt sér stað á einum degi eins og hjá öðrum flokkum. Þannig að allar þær áhyggjur sem hafa verið settar fram eiga nú frekar við hjá öðrum flokkum. Og varðandi reynsluleysið, ímyndaðu þér þá hvað hefði gerst ef Miðflokkurinn og Flokkur fólksins færu inn á þing. Hvað hefur mikið af fólkum þar setið áður á þingi? Og formaður annars flokksins mætti aldrei í vinnuna,“ segir Birgitta og bætir við að þessi orðræða gagnvart félögum hennar sé ósanngjörn. jonhakon@frettabladid.is

undir forystu Katrínar Jakobsdóttur. Birgitta segist ekki vita nógu mikið til að hafa afgerandi skoðun á þeim stjórnarmyndunarviðræðum. Hún sé ekki aðili að stjórnarmyndunarviðræðunum og sé ekki að skipta sér af.

Hún óskar Pírötum á þingi velfarnaðar í stjórnarmyndunarviðræðunum. Í Fréttablaðinu í gær var greint frá því að innan þeirra flokka sem eiga aðild að stjórnarmyndunarviðræðunum hafi áhyggjum verið lýst af

Legsteinasafn Páls fer á ný fyrir úrskurðarnefnd

SKIPULAGSMÁL Deila tveggja landeigenda í Húsafelli þarf að fara að nýju fyrir úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Eins og Fréttablaðið sagði frá 5. október 2016 er listamaðurinn Páll Guðmundson að reisa nýtt hús við vinnustofur sínar í Húsafelli. „Það er verið að gera legsteinahús um alla gömlu, merkilegu legsteinana sem forfeður mínir á Húsafelli gerðu,“ sagði Páll í Fréttablaðinu.

Deiliskipulag lóðarinnar og byggingarleyfi hússins var kært til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála af Sæmundi Ásgeirssyni, sem keypti gamla Húsafellsbæinn á árinu 2009 og rekur þar gistiheimili. Steinsnar er milli húsanna. Sæmundur sagði að komu að gistiheimilinu og bílastæðum tekna burt og bílastæðin verða notuð af gestum safns Páls. Ómögulegt yrði að stækka gistiheimilið og hann myndi því verða af tekjum. Atroðningur safngesta á hlaði gistiheimilisins myndi enn fremur gera rekstur þess erfiðan.

Úrskurðarnefndin sagði hins vegar kærðu Sæmundar vegna deiliskipulagsins of seint fram komna og hafnaði því sömuleiðis að ógilda byggingarleyfi vegna legsteinasafnsins. Sæmundur leitaði í framhaldinu til Umboðsmanns Alþingis sem segir ekki ljóst hvort nefndin hafi tekið formlega afstöðu til þess hvort umdeild auglýsing um samþykkt deiliskipulagsins hafi verið birt með fullnægjandi hætti:

Það er verið að gera legsteinahús um alla gömlu, merkilegu legsteinana sem forfeður mínir á Húsafelli gerðu.

Páll Guðmundson í Húsafelli



„Hafði þetta álitafni þó sérstaka og verulega þýðingu í því máli sem hér er til umfjöllunar, enda verður að telja að þegar hvort tveggja nafn svæðis sem deiliskipulag á að taka til sem og landnúmer þess er ranglega tilgreint í auglýsingu skipulagsins í Stjórnartíðindum hljóti að vakna umtalsverður vafi um það hvort slík birting geti talist fullnægjandi,“ segir í niðurstöðu umboðsmanns sem leggur fyrir úrskurðarnefndina að taka málið fyrir ef Sæmundur óskar þess og það mun hann þegar hafa gert.

Deilan stendur í raun um tvö hús; safnahúsið sem nú er verið að steypa upp og timburhúsið sem flutt var á staðinn eftir að deiliskipulagið var kært. Óljóst er hvor húsinn þurfa að víkja falli málið á endanum Sæmundi í vil og Páli í óhag. – gar

Ásgerður Búadóttir og Sverri Haraldsson

Höfum verið beðin að útvega listaverk eftir Ásgerði Búadóttur og Sverri Haraldsson.

Einnig abstraktverk eftir Guðmundu Andrésdóttur, Hjörleif Sigurðsson, Hörð Ágústsson, Karl Kvaran, Valtý Pétursson o.fl..

Hátúni 6B | Sími 552 4700
studiosafn.is/listaverkasala

STUDIO
STAFN

Persónuvernd

Persónuvernd í íslensku skólasamfélagi

Frá leikskóla til háskóla

Fimmtudaginn 9. nóvember 2017 í aðalsal Háskólabíós kl. 15:00-17:00

Persónuvernd, í samstarfi við Háskóla Íslands, boðar til málþings fyrir íslenskt skólasamfélag um nýja Evrópureglugerð um persónuvernd sem mun taka gildi árið 2018. Hið nýja regluverk markar tímamót í sögu persónuverndarlöggjafar í Evrópu. Eftirfarandi er meðal þess sem verður rætt:

- Áhrif nýrrar Evrópulöggjafar um persónuvernd á íslenskt skólasamfélag
- Vinnsla persónuupplýsinga í vísinda- og rannsóknarstarfi
- Hvernig eiga skólar að vinna eftir nýrri löggjöf?

Dagskrá:

Opnun málþings: Dómsmálaráðuneyti



Áhrif nýrrar persónuverndarlöggjafar á skólastarf

Vigdís Eva Línal, skrifstofustjóri upplýsingaöryggis hjá Persónuvernd



Söfnun persónuupplýsinga í þágu rannsókna

Þórður Sveinsson, skrifstofustjóri lögfræðisviðs hjá Persónuvernd



Raunhæf ráð um innleiðingu nýrrar persónuverndarreglugerðar

Hörður Helgi Helgason, lögmaður hjá Landslögum



Fundarstjórn og inngangserindi:

Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar

Málþingið er hluti af fundaröð Persónuverndar um hið breytta regluverk og fer fram í aðalsal Háskólabíós fimmtudaginn 9. nóvember 2017 kl. 15:00-17:00. Málþingið er aðallega ætlað þátttakendum í skólastarfi á Íslandi – en verður opið öðrum áhugasömum á meðan húsrúm leyfir.

Málþinginu verður streymt á vefsíðu Persónuverndar.

Vinsamlegast skráið þátttöku á skraning@personuvernd.is.

Tilgangur skráningar er að áætla fjölda þátttakenda

Kia

stinger



Við frumsýnum Kia Stinger í dag frá kl. 12–16

Kia Stinger er urrandi kraftmikill Gran Turismo, fjórhjóladrifinn, 370 hestöfl og keppir við þá öflugustu á markaðnum. Hann geislar af sjálfstrausti og fær þá hörðustu til að snúa sér við, sérstaklega þegar vélin lætur til sín taka. Með þessum einstaka bíl setur Kia sér ný viðmið í hönnun og framleiðslu.

Komdu í Bílaumboðið Öskju, Krókhálsi 11 og upplifðu Kia Stinger. Við tökum vel á móti þér.



#kia #stinger



Upplýsingakerfi fyrir Reykjavíkurborg

Upplýsingatæknideild Reykjavíkurborgar (UTD) undirbýr innkaup á upplýsinga- og skjalakerfi fyrir Reykjavíkurborg. Um er að ræða rafrænt umsjónarkerfi mála, verkefna, skjala, skráa og annarra gagna, sem heldur utan um myndun, umsjón, umsýslu, vinnslu, notkun, stjórnun og varðveislu upplýsinga. Mikilvægt er að kerfið styðji við skilgreinda verkferla í starfsemi Reykjavíkurborgar og allt utanumhald gæðamála.

Hluti af undirbúningi fyrir innkaupin er að kalla eftir upplýsingum frá aðilum á markaði sem bjóða slík kerfi. Þeir sem hafa áhuga á að kynna virkni sinna kerfa og þjónustu skulu vinsamlegast hafa samband við Sigurlaugu B. Stefánsdóttur verkefnastjóra hjá UTD fyrir 15. nóvember nk. á netfangið sigurlaug.bjorg.stefansdottir@reykjavik.is

Athugið að þessi markaðskönnun felur ekki í sér neina skuldbindingu um innkaup, hvorki af hálfu Reykjavíkurborgar né áhugasamra aðila. Ekki liggur endanlega fyrir hvenær innkaupaferlið hefst en það verður framkvæmt í samræmi við lög um opinber innkaup nr. 120/2016 og innkaupareglur Reykjavíkurborgar.

reykjavik.is/upplýsingakerfi-fyrir-reykjavikurborg



Sýrlenskur hermaður fagnar sigri í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Síðustu dagar kalífadæmisins

Íslamska ríkið hefur misst 95 prósent af því landsvæði sem hryðjuverkasamtökin réðu yfir. Deir al-Zour, síðasta stóra vígi samtakanna í Sýrlandi, féll í hendur Sýrlandshers í gær. Unnið er að upprætingu samtakanna bæði í Írak og Sýrlandi. Fall kalífadæmisins þýðir þó ekki endalok Íslamska ríkisins.

SÝRLAND Deir al-Zour, síðasta stóra vígi hryðjuverkasamtakanna sem kenna sig við íslamskt ríki, féll í hendur Sýrlandshers í gær. Frá þessu greindi ríkissjónvarpið þar í landi en aðrir miðlar greindu jafnframt frá því að herinn væri nú að hrekja ISIS burt af öðrum smærri svæðum á sama tíma. Þá var sömu sögu að segja af störfum írakska hersins sem rekur um þessar mundir hryðjuverkamenn frá síðustu bæjum þeirra sín megin við landamæri ríkjanna.

ISIS hefur verið við völd í Deir al-Zour undanfarnin þrjú ár en borgin gegndi lykilhlutverki í hinu svokallaða kalífadæmi samtakanna vegna nálægðar við landamærin að Írak. Á undanförunum mánuðum hafa hryðjuverkasamtökin einnig misst höfuðvigin Mósúl og Raqqa. Er því farið að syrta allverulega í álinn fyrir ISIS.

Þessir stóru ósigrar hafa leitt til þess að hið svokallaða kalífadæmi ISIS virðist vera á enda. Lýst var yfir stofnun kalífadæmis í júní 2014 og gerðu forsprakar þess tilkall til trúarlegra, pólitískra og hernáðarlegra yfirvalda yfir öllum múslimum heimsins. Það var jafnframt á þessum tíma sem samtökin hófu að kenna sig við íslamskt ríki. Engin sjálfstæð ríki viðurkenndu sjálfstæði þessa kalífadæmis.

Að mati utanríkisráðgjafanna BBC, Jonathans Marcus, er góður árangur Sýrlandshers góð áminning um að stríðið gegn kalífadæminu sé að vinnast. Þrátt fyrir það sé stáðan að flækjast. Marcus hélt því fram í gær að vegna stríðsins hafi sýrlenskir uppreisnarmenn, ríkisstjórnarherinn og Kúrdar beint sjónum sínum að ISIS en nú gæti það farið að breytast.

Kalífadæmið spannar nú einungis brotabrot af því sem var þegar það var sem stærst. Fara liðsmenn ISIS

» Tekist hefur að frelsa 4,4 milljónir írakskra borgara úr klóm Íslamska ríkisins og endurheimta 95 prósent landsvæðis kalífadæmisins.

einungis með völd á litlum svæðum í Deir al-Zour-héraði sem og Íraks-megin við landamærin. Eins og áður segir sækja herir beggja ríkja þó stíft og er útlit fyrir að samtökin missi allt sitt landsvæði á næstunni.

Samkvæmt hernáðarbandalaginu gegn ISIS, sem Bandaríkin eru í forsvari fyrir, hefur tekist að hrekja samtökin á brott frá 95 prósentum þess landsvæðis sem áður voru undir hæl hryðjuverkasamtakanna. Jafnframt hefur tekist að frelsa 4,4 milljónir írakskra borgara undan samtökunum, að því er bandalagið greinir frá.

Undir lok októbermánaðar voru liðsmenn samtakanna á Filippseyjum hraktir frá borginni Marawi eftir fimm mánaða orrustu. Er borgin nú öll á valdi ríkisstjórnarinnar en talið er að 87 almennir borgarar hafi látið lífið í átökunum og rúm milljón misst heimili sín.

Þótt kalífadæmið sé á síðasta snúningi hafa hryðjuverkasamtökin ekki verið sigruð, að því er kemur fram í fréttaskýringu The Guardian. Enn eru liðsmenn þeirra margir og dreifðir víða um Mið-Austurlönd og jafnframt heiminn og verður því erfitt að uppræta starfsemi samtakanna.

thorgnyr@frettabladid.is

LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU 35. STARFSÁR THE HALLGRÍMSKIRKJA FRIENDS OF THE ARTS SOCIETY 35TH SEASON SCHOLA CANTORUM

STJÓRNANDI / Conductor: Hörður Áskelsson



KÓRPERLUR Á ALLRA HEILAGRA MESSU Í HALLGRÍMSKIRKJU

GEMSTONES OF A CAPELLA CHORAL MUSIC ON ALL SAINT'S DAY

EFNISSKRÁ / PROGRAMME

MEDIA VITA EFTIR JOHN SHEPPARD

MISERERE EFTIR JAMES MACMILLAN

REQUIEM EFTIR KJELL MÖRK KARLSEN

SUNNUDAGINN 5. NÓVEMBER KL. 17

SUNDAY NOVEMBER 5TH AT 5 PM

AÐGANGSEYRIR / ADMISSION: ISK 3500

MÍÐASALA / Ticket sale: Hallgrímskirkja s. / tel. 510 1000 og MIDI.IS (online midi.is)

LISTVINAFELAG.IS · SCHOLACANTORUM.IS

Sófadagar!

25% afsláttur af sófum og sófasettum!



Luktir Day Home, frá kr. 9.800,-



Camerich Crescent tungusófi í áklæði
Stærð: 285 x 163 cm. Litir: brúnt.. Verð kr. 498.000,- nú kr. 373.500,-



PB home stytur,
settið kr.28.000,-



PB home sófaborð 90x90x45 cm,
verð frá kr. 58.000,-



Mikið úrval af púðum, verð frá kr. 7.200,-,



PB Home kertastjaki
kr. 8.600,-



idp Sphera sófasett
Verð 3+1+1 kr. 796.000,- nú kr. 597.000,-, Litir; svart, grátt og dökkbrúnt.



PB Home kertakróna
kr. 12.900,-



LSA kökudiskur, kr. 8.600,-



KAK 5331 tungusófi í leðri m/hvildarsæti
Stærð: 282 x 80 x 169 cm. Litir; dökkgrár, brúnn og svartur
Verð kr. 398.000,-, nú kr. 298.500,-



LSA karafla kr. 6.500,-



Hübsch klukka
kr. 19.800,-



Camerich Crescent sófasett 3+1+1
Stærð: 3ja 228 x 93 cm., stóll 80x80 cm
Verð í áklæði frá kr. 662.000,-, nú frá 496.500,-



LSA rauðvinsglös
4 stk/pk kr. 12.900,-



SC mottur, margar stærðir,
verð frá kr. 28.000,- (120x160 cm)



HTL sófi í leðri m/2 hvildarsætum
Stærð; 220 x 98 cm. Litir; grár, brúnn og svartur. Verð; kr. 368.000,-, nú kr. 276.000,-



PB Home borðlampi 53 cm
kr. 31.800,-



HEIMAHÚSIÐ





A3 e-tron



Q7 e-tron



Passat GTE



e-Golf



Caddy Metan



Octavia G-Tec



Golf GTE



e-up!



Frumskýning

A3 g-tron

Metanútgáfa af hinum
sívinsæla A3



Golf Metan



Outlander PHEV Invite+

Stórsýning á vistvænum bílum

í HEKLU í dag milli kl. 12 og 16

HEKLA býður upp á langmesta úrvalið af vistvænum bílum á Íslandi. Þeir eiga það allir sameiginlegt að ganga fyrir íslenskri orku og verða til sýnis í **HEKLU, Laugavegi, í dag milli kl. 12 og 16**. Við frumsýnum nýjan **Audi A3 g-tron**, lauflettar veitingar verða í boði og sölufólk okkar leiðir þig í allan sannleikann um kosti þess að vera á vistvænum bíl. Komdu á laugardaginn, við bíðum spennt eftir að sjá þig!





Útsýnið af Kömbunum er stórkostlegt. Þessir fjórmenningar stöldruðu þar við og litu niður af heiðinni.

Fallegt á Suðurlandi

Lengi hefur verið vinsælt að ferðast um Suðurland enda má þar finna mikla náttúrufegurð og eru kennileitin fjölmörg. Ernir Eyjólfsson, ljósmyndari Fréttablaðsins, slóst í hópinn með ferðamönnum og myndaði.



Þótt stigurinn sé fjölfarinn getur hann samt svikið mann. Þá er gott að eiga góða að sem hjálpa manni að komast leiðar sinnar og passa upp á að maður detti ekki.



Goshverir eru ekki á hverju strá og því ekki skritið að erlendir ferðamenn staldri við og biði eftir gosi. Sérstaklega ef þeir eru klæddir eftir veðri svo þeim verði ekki kalt í nóvemberkuldanum sem gerir nú vart við sig.



Stigurinn að Gullfossi er fjölfarinn enda fossinn gríðarlega vinsæll ferðamannastaður.

Vöðva eða liðverkir?

Voltaren Gel er bæði verkjastillandi og bólgueyðandi

15% afsláttur
af 100g og 150g Voltaren Gel



Voltaren Gel - njótum þess að hreyfa okkur

Voltaren 11,6 mg/g hlaup. Inniheldur diklófenakvítylamín. Staðbundnir bólgueyðingar. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leiðið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

Nýr Hyundai i30.

Hinn nýi fólkabíll.



Verð frá:
2.990.000 kr.

Hyundai i30 er hinn nýi fólkabíll.

Glæsileg tímalaus hönnun, fullkomið upplýsinga- og afþreyingarkerfi og snjall öryggisbúnaður. Hægt er að velja úr úrvali sparneytinna bensín- og díslvéla sem eyða frá 3,6l/100 km. Komdu og reynsluaktu hinum nýja fólkabíl sem kostar aðeins frá 2.990.000 kr.

Hyundai | Kaupúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is



Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur. Athugið að 5 ára ábyrgðarskilmálar Hyundai ná eingöngu yfir Hyundai bifreiðar sem eru seldar af viðurkenndum Hyundai söluaðila til endanlegs viðskiptavinar.

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

Flókið mál



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Formenn núverandi stjórnarandstöðuflokka sátu í gær sveittir við stjórnarmyndun á sveitabæ Sigurðar Inga Jóhannssonar, formanns Framsóknarflokksins. Svo virðist sem viðræður gangi vel og að forsvarsmenn flokkanna vilji láta á það reyna að mynda ríkisstjórn með minnsta mögulega meirihluta.

Og það þótt sporin hræði frá því síðast.

Einkar víðeigandi hlýtur þó að vera að viðræðurnar fari fram á sveitabæ Sigurðar Inga. Framsókn, með tvíeykið Sigurð og Lilju í fararbroddi, er með öll spil á hendi. Þeirra er valið varðandi stjórnarmyndun og hvort líta skuli til hægri eða vinstri.

Gaman er að velta fyrir sér hvað kjörtímabilið ber í skauti sér ef leiðtogunum tekst ætlunarverkið og þeir ná saman um ríkisstjórn.

Hvað Katrínu Jakobsdóttur varðar er ljóst að hún þarf bráðnaðsýnlega að komast í ríkisstjórn. Alltof oft hefur hún að því er virðist haft öll spil á hendi en leyst illa úr stöðunni. Líklegt er að Framsókn og Vinstri græn geti náð saman um flest mál. Hvorugur flokkurinn er til að mynda með sérstaklega alþjóðlegar áherslur þannig að þeir ganga í takt í Evrópu- og myntmálum, og báðir standa þeir vörð um landbúnaðarkerfið í óbreyttri mynd.

Öðruvísi er því farið með Samfylkinguna og Pírata. Báðir flokkar hafa lagt ríka áherslu á stjórnarskrármálið og standa varla upp frá viðræðum án þess að verða ágengt þar. Önnur grundvallarmál þurfa flokkarnir hins vegar að leggja til hliðar.

Samfylkingin mun þurfa að leggja niður vopn þegandi og hljóðalaust í Evrópumálum. Krónan verður þess utan fest í sessi sem gjaldmiðill þjóðarinnar á komandi kjörtímabili. Stjórnarþátttaka getur beinlínis reynst flokknum hættuleg nú eftir að hann virðist á góðri leið með að rétta sig af eftir afhroðið fyrir ári.

Á meðan nudda Þorgerður Katrín og Viðreisn saman höndum, en allt litur út fyrir að þau muni sitja ein að Evrópu- og myntmálum næsta kjörtímabilið.

Píratar virðast hreinlega þurfa að fóna allri sinni ásýnd til að komast í ríkisstjórn. Ekki bara munu þeir setjast í ríkisstjórn sem nýtur stuðnings minnihluta kjósenda, en meirihluta þingmanna – þvert á fögur fyrirheit – heldur þurfa þeir einnig að fóna sinni grunnstefnu um beint lýðræði og lofordum um aðkomu almennings að ákvörðunum sem koma honum við. Reynslumikla þingmenn hlýtur að hrylla við tilhugsuninni um að tvær ríkisstjórnir í röð verði sprengdar í netkosningum.

Hvað sjálfa Framsókn varðar hljóta þau Sigurður og Lilja að óttast veru Sigmundar Davíðs og Miðflokksins í stjórnarandstöðu. Sigmundur hefur sýnt það áður að hann getur verið öflugur stjórnarandstöðuþingmaður þegar sá gállinn er á honum.

Ljóst er að ný ríkisstjórn, verði hún mynduð, mun ekki einungis lafa á eins manns meirihluta, heldur þurfa allir stjórnarflokkarnir að feta einstigi þar sem margar hættur geta leynst. Fari allt á versta veg er ekki bara stjórnin sjálf undir, heldur jafnvel framtíð stjórnarflokka sjálfra.

Gangi þeim vel.



Fari allt á versta veg er ekki bara stjórnin sjálf undir, heldur jafnvel framtíð stjórnarflokka sjálfra.

Gunnar



Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



Aldrei aftur viðlíka vanvirðing

Engum dylst að niðurstaða alþingiskosninganna um síðustu helgi var ósigur fyrir konur. Konum á Alþingi fækkaði úr þrjátíu í tuttugu og fjórar. Hverfandi stólaþjöldi í þingsal var þó langt frá því að vera stærsti ósigur kvenna í kosningunum.

Hvers vegna var boðað til kosninga? Strax við upphaf kosningabaráttunnar virtust allir búnir að gleyma því. Frambjóðendur flokkanna minntust ekki einu orði á fillini í stofunni og fjölmíðlar tipluðu á tánum kringum hann eins og léttstígir listdansarar. Á sama tíma og spila-borg kynferðisafbrotamanna um heim allan hrundi er konur upplýstu um áreiti og ofbeldi sem þær höfðu mátt þola og afhjúpuðu vandamál útbreiddara en nokkurn óraði fyrir undir formerkjum #metoo, þöggð íslenskir stjórnmálamenn þunnu hljóði. Þeir töluðu um skatta, banka, jarðgöng og virkjanir rétt eins og allt væri með felldu. Ekkert hefði þó getað verið fjær sanni.

Þörf eða ekki þörf?

Eftir kosningarnar kom til tals að stofna nýjan kvennalista. Rætt var við nokkrar forgöngukonur hins upphaflega Kvennalista í Morgunblaðinu um málið. Sitt sýndist hverri. „Það er augljóst eftir þessar kosningar og úrslit þeirra að konur verða að fara að hugsa sér til hreyfings“, sagði Sigríður Dúna Kristmundsdóttir. Guðrún Ögmundsdóttir var á öðru máli. „Ég sé ekki alveg að það sé þörf fyrir kvennaframboð akkúrat núna.“

Þegar Kvennalistinn var stofnaður árið 1983 voru þrjár konur á þingi. Nú eru þær tuttugu og fjórar. Okkur hefur óneitanlega orðið ágengt í baráttunni um tölfræðina síðustu áratugi. En tölurnar segja greinilega ekki alla söguna.

Einbeittur brotavilji

Hvers vegna féll ríkisstjórnin? Hvers vegna var verið að kjósa? Jú, það var kosið vegna þess að stjórnvöld mættu fórnarlömbum kynferðisofbeldis sem leituðu til þeirra eftir upplýsingum með valdhroka – ef ekki valdniðslu – og glórulausri mannvönsku. Í stað þess að veita þeim

svör var reynt að þagga niður í þeim.

Stærsti ósigur kvenna í kosningunum voru ekki þau sex þingsæti kvenna sem töpuðust. Þótt tölfræðin breytist, þótt konum fjölgi á þingi, þótt konur verði forsætisráðherrar hefur það ekkert að segja ef hugarfarið breytist ekki með. Stærsti ósigurinn í nýliðnum kosningum var viðhorf framboðanna til kvenna.

Af þeim ellefu flokkum sem buðu fram til Alþingis virtist engum finnast ástæða til að gera tilefni kosninganna að kosningamáli. Slikt hefur verla reynst flokkunum áreynslulaust. Það krefst ansi einbeitts brotavilja að búa svo um hnútana að ofbeldi gegn konum komist ekki á dagskrá kosninga sem: a) eru haldnar einmitt vegna þöggunar og tómlætis gagnvart ofbeldi gegn konum b) eiga sér stað á sama tíma og um alla heimsbyggð á sér stað bylting vegna opinberana á ofbeldi gegn konum.

Mjúku málin eru alvöru málin

Nýr kvennalisti? Ef ekki núna, hvenær þá?

Nýr kvennalisti þarf þó ekki að vera eingöngu skipaður konum. Því, eins og nýafstaðnar kosningar sýna, snýst kvennabaráttan ekki aðeins um fjölda kvenna á Alþingi. Hún snýst um hugarfarsbreytingu. Hún snýst um að hætt sé að líta á málefni sem konum finnast brýn sem „mjúku málin“. Hún snýst um að við hættem að afskrifa heilbrigðismál, skólamála, þróun verðlags og útgjöld heimilinsins sem þrjá sem stelpurnar á þingi dútla við meðan strákarnir sinna alvöru málum eins og að sprengja upp náttúruverur og bora jarðgöng – mjúku málin eru alvöru málin. Hún snýst um að við hættem að líta niður á „kvennastörf“ og byrjum að borga kennurum, þ.m.t. leikskólakennurum, og hjúkrunarfræðingum laun sem endurspeglar virði þeirra og mikilvægi. Hún snýst um að við hættem að líta á ofbeldi gegn konum sem svo mikið feimnismál að það er ekki rétt í kurteislegum stjórnmálarökræðum RÚV. Kvennabaráttan snýst um að koma í veg fyrir að nokkurn tímann aftur verði konum sýnd viðlíka vanvirðing – svívirðilegt skeytingarleysi – og þeim var sýnt í alþingiskosningum 2017.

Ert þú með heimilislækni?

Ný heilsugæslustöð Urðarhvarfi 14, Kópavogi

Skráning stendur yfir, opin öllum, óháð búsetu. verið velkomin !

Sími 510 6500, www.hv.is



HEILSUVERND

því hver dagur er dýrmætur

HEILSUGÆSLA

Urðarhvarf 14 | 203 Kópavogur | s: 510 6500 | www.hv.is



Vinna við hitaveitulögnina í Öskjuhlíð árið 1940

Hitaveitan þá og nú

Málþing um sögu Hitaveitu Reykjavíkur
í höfuðstöðvum OR, 9. nóvember kl. 14.30.

Á þessu ári eru **100 ár liðin frá fæðingu Jóhannesar Zoëga, sem var hitaveitustjóri í Reykjavík** í aldarfjórðung á einhverjum mestu uppbyggingarárum hennar. Í hans tíð var lokið við hitaveituvæðingu alls höfuðborgarsvæðisins með tilheyrandi lífskjarabótum fyrir verulegan hluta þjóðarinnar.

Dagskrá

- Stefán Pálsson sagnfræðingur – **Ævi og störf Jóhannesar Zoëga**
- Dr. Einar Gunnlaugsson, jarðefnafræðingur hjá OR – **Hitaveita Reykjavíkur í 87 ár**
- Hildigunnur H. Thorsteinsson, framkvæmdastjóri Þróunar hjá OR – **Hengillinn; hvað höfum við lært á aldarfjórðungi?**
- Þorleikur Jóhannesson, verkfræðingur hjá VERKÍS – **Djúpdæluþytingin**
- Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs SA – **Hitaveitan og þjóðarhagur**
- Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi og stjórnarmaður OR – **Hitaveitan og lífsgæðin**

Að erindunum loknum munu Stefán, Kjartan og Halldóra Geirharðsdóttir, leikkona og daglegur sundlaugagestur, taka þátt í spjallborði um hitaveituna og áhrif hennar.

Dr. Brynhildur Davíðsdóttir, stjórnarformaður OR, stýrir málþinginu.
Að því loknu er boðið upp á veitingar.

Sá besti 2011 hefur engu gleymt



Einstakur Marcus Walker spilaði sinn fyrsta leik hér á landi síðan 2011 þegar hann lék með KR b í 100-108 tapi fyrir Breiðabliki í 16-liða úrslitum Maltbikars karla í gær. Walker, sem var besti leikmaður KR þegar liðið varð Íslands- og bikarmeistari árið 2011, sýndi að hann hefur engu gleymt og var stigahæstur á veltinum með 42 stig. KR-ingar leiddu lengi vel en munurinn á úthaldi sagði til sín í seinni hálfleiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Samkeppnin nú þegar hafin

26 leikmenn fara með íslenska landsliðinu í æfingaferð til Katar síðar í mánuðinum. Leikir gegn heimamönnum og Tékkum marka upphaf undirbúnings liðsins fyrir HM í Rússlandi næsta sumar.

FÓTBOLTI Heimir Hallgrímsson, landsliðsþjálfari, tilkynnti í gær stóran landsliðshóp sem fer í æfingaferð til Katar á næstu dögum en fram undan eru æfingaleikir gegn bæði heimamönnum og sterku liði Tékkna.

Um alþjóðlega leikdaga er að ræða og gat Heimir því valið alla leikmenn sem gátu gefið kost á sér. Heimir tekur með sér alla leikmenn

sem voru með í síðasta verkefni, að þeim Emil Hallfredssyni og Jóni Dada Böðvarssyni undanskildum en báðir eiga við meidsli að stríða.

Þá bætast þeir Ingvar Jónsson, markvörður Sandefjord í Noregi, og Theódór Elmar Bjarnason, sem nýlega gekk í raðir Elazigspor í Tyrklandi, í hópinn.

„Leikmennirnir sem við völdum eru þeir sem mest hafa verið með

okkur í aðdraganda þess að við tryggðum okkur HM-sætið,“ sagði Heimir við Fréttablaðið á blaðamannafundi KSÍ í gær. „Þetta eru því að hluta til verðlaun fyrir þá að við tökum svona stóran hóp með okkur. En um leið vita menn að það eru að minnsta kosti fimm úr þessum hópi sem ekki fara með til Rússlands og því samkeppni um sæti í lokahópnunum hafin.“

Sín hlutverk á hreinu

Heimir sagði að um afslappaða ferð verði að ræða. Leikirnir séu ekki jafn mikilvægir og leikir Íslands hafi verið að undanfögnu og að það hafi verið ósk hans að fara með liðið í hlýtt loftslag og afslappað umhverfi. „Þessi ferð er hugsuð til að við fáum þar tækifæri til að ræða meira saman og plana framhaldið og undirbúninginn fyrir HM í sumar. Við viljum fara yfir hvað við getum lært af síðustu lokakeppni,“ sagði Heimir sem gerir þó vitanlega kröfur til þeirra sem koma til með að spila leikina.

„Ég vil sjá að þeir sem spila þessa leiki séu með leikfræðin á hreinu sem og sín hlutverk á veltinum. Þeir sem hafa fengið tækifærið hingað til hafa staðið sig vel og ég vona að okkur takist að stækka þann hóp enn frekar.“

Vonandi erfitt verkefni

Ísland mun spila æfingaleiki í janúar og jafnvel febrúar en þó án þeirra atvinnumannanna Íslands sem spila í sterkustu deildum Evrópu. Næsti alþjóðlegi leikdagur verður svo í

Ég vil sjá að þeir sem spila séu með leikfræðin á hreinu og sín hlutverk á veltinum.

Heimir Hallgrímsson
landsliðsþjálfari



mars og lokahnykkur undirbúningsins fyrir HM í Rússlandi hefst síðari hluta maímánaðar.

Heimir fær því að gefa mörgum leikmönnum tækifæri fyrir stóru stundina næsta sumar en hann segir að svipað fyrirkomulag hafi gefist vel fyrir tveimur árum, er liðið var að undirbúa sig fyrir EM í Frakklandi.

„Menn notuðu tækifærið með landsliðinu sem gulrót til að leggja enn meira á sig og spila vel með sínum félagsliðum. Allir sóknarmenn okkar voru að skora reglulega og þegar Íslendingur var að spila var hann yfirleitt valinn maður leiksins. Það var afar erfitt að velja lokahópin fyrir EM og ég vona að það verði erfitt fyrir HM.“

eirikur@frettabladid.is

Nýjast

Domino's-deild karla í körfubolta

Keflavík - Þór Þ. 98-79

Keflavík: Cameron Forte 27/11 fráköst, Ágúst Orrason 13, Reggie Dupree 13/6 stoðs., Ragnar Örn Bragason 11, Magnús Már Traustason 10, Hilmar Pétursson 6/6 stoðs., Daði Lár Jónsson 6, Guðmundur Jónsson 5, Þröstur Leó Jóhannsson 5, Jón Arnór Sverrisson 2.

Þór Þ.: Jesse Pellet-Rosa 29, Halldór Garðar Hermannsson 21/7 stoðsendingar, Þorsteinn Már Ragnarsson 11, Emil Karel Einarsson 7/8 fráköst, Snorri Hrafnkels-son 4, Davíð Arnar Ágústsson 4, Ólafur Helgi Jónsson 2/7 fráköst, Styrmir Snær Prastarson 1.

Stig liðanna

Efst		Neðst	
KR	8	Haukar	4
Keflavík	8	Stjarnan	4
Tindastóll	8	Þór Ak.	4
ÍR	8	Valur	2
Grindavík	6	Þór Þ.	2
Njarðvík	6	Höttur	0

Maltbikar karla í körfubolta

KR b - Breiðablik 100-108

Maltbikar kvenna í körfubolta

Fjölnir - Skallagrímur 69-87

HEIMIR TIL FÆREYJA

Heimir Guðjónsson, fyrrverandi þjálfari FH, er tekinn við færeyska liðinu HB. Heimir gerir tveggja ára samning við HB sem endaði í 5. sæti færeysku úrvalsdeildarinnar á síðasta tímabili. Heimir var látinn fara frá FH í haust eftir 17 ára samfellda dvöl hjá félaginu. Undir hans stjórn varð FH fimm sinnum Íslandsmeistari.

Helgin

Laugardagur:		
09.00	Abu Dhabi Ladies	Sport 4
09.00	Turkish Airlines	Golfst.
12.20	Stoke - Leicester	Sport
14.20	Augsburg - Leverk.	Sport 2
14.55	A. Villa - Sheff. Wed.	Sport
17.00	Laugardagsmörkin	Sport
17.20	West Ham - Liverpool	Sport
17.20	Dortmund - Bayern	Sport 2
19.40	Barcelona - Sevilla	Sport
20.30	Shriners Hospitals	Golfst.
02.00	UFC 2017	Sport

Sunnudagur:

08.30	Turkish Airlines	Golfst.
11.50	Spurs - C. Palace	Sport
14.05	Man. City - Arsenal	Sport
16.15	Chelsea - Man. Utd.	Sport
16.50	Selfoss - ÍBV	Sport 2
18.00	Panthers - Falcons	Sport 3
18.30	Messan	Sport
19.40	Real M. - Las Palmas	Sport 4
19.50	Haukar - ÍBV	Sport 2
20.30	Shriners Hospitals	Golfst.
21.20	Cowboys - Chiefs	Sport 3

Olís-deild kvenna í handbolta:

L13.30	Stjarnan - Fjölnir
L13.30	Grótta - Selfoss
S20.00	Haukar - ÍBV

Olís-deild karla í handbolta:

S17.00	Afturelding - Víkingur
S17.00	Selfoss - ÍBV
S18.00	Haukar - Grótta
S19.30	Fram - Fjölnir
S19.30	FH - ÍR
S19.30	Stjarnan - Valur

Maltbikar kvenna í körfubolta:

L14.00	Þór Ak. - Snæfell
L15.00	Grindavík - Keflavík
S16.00	Breiðablik - Haukar
S19.15	Njarðvík - Stjarnan

Maltbikar karla í körfubolta:

S16.00	ÍR - Snæfell
S16.30	KR - Vestri
S16.00	Breiðablik - Haukar
S19.15	Njarðvík - Stjarnan

KVÖLDSTUND MED
PAT METHENY
ANTIO SANCHEZ · LINDA MAY HAN OH · GWILYM SIMCOCK
17. NÓVEMBER Í ELDBORG

MÍÐASALA
TIX.IS, HARPA.IS OG
Í SÍMA 528 5050



RENAULT
Passion for life

NÝR RENAULT GRAND SCENIC

GLÆSILEGUR 7 MANNA FJÖLSKYLDUBÍLL



RENAULT GRAND SCENIC

DÍSIL, SJÁLFSKIPTUR, ELDSNEYTISNOTKUN
FRÁ 4,0 L/100 KM*

Staðalbúnaður m.a.: Fjarlægðarvari að aftan og framan, 20" álfelgur, regnskynjari fyrir rúðupurrkur, sjálfvirk há/lág ljós (High beam assist), akreinarvari (Lane departure warning), vegaskiltisnemi (Roadsign recognition), R-Link kerfi, 7" snertiskjár, leiðsögukerfi með Íslandskorti, útlarp 4x20W með 8 hátölurum, Audio-streaming Bluetooth kerfi, USB og AUX tengi.

VERÐ FRÁ: 4.390.000 KR.



„ÞÚ TANKAR SJALDNAR
Á RENAULT“

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is





CLEVELAND

Hornsófi með tungu. Hægri eða vinstri tunga. Dökk- eða ljósgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 308 x 140/203 x 81 cm

134.993 kr.
~~179.990 kr.~~



CLEVELAND

Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Dökk- eða ljósgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 231 x 140 x 81 cm

86.243 kr.
~~114.990 kr.~~



FRIDAY

Fjölskyldusófinn, hægri eða vinstri tunga. Dökkgrátt eða brúnt áklæði. Stærð: 330 x 230/170 x 90 cm

241.927 kr.
~~299.990 kr.~~



BROADWAY

Tungusófi frá Furninova. Ljósgrár. Stærð: 258 x 153 x 78 cm

202.493 kr.
~~269.990 kr.~~



ELLY

Þriggja sæta sófi. Dökkblátt eða Bordeaux-rautt sléttflauel. Stærð: 183 x 82 x 85 cm

67.493 kr. ~~89.990 kr.~~



EASY

Tungusófi. Tungu getur verið bæði vinstri og hægra megin. Dökk- eða ljósgrátt áklæði. Stærð: 232 x 145 x 85 cm

127.493 kr.
~~169.990 kr.~~



DENVER

Tveggja og þriggja sæta sófar. Með dökkbrúnu slitsterku PU-áklæði.

2ja sæta: 168 x 98 x 88 cm
97.493 kr. ~~129.990 kr.~~

3ja sæta: 218 x 98 x 88 cm
127.493 kr. ~~169.990 kr.~~



TANGO

2ja sæta sófi. Slitsterkt ppelsínugult eða dökkgrátt áklæði. St.: 150 x 90 x 96 cm.

74.993 kr.
~~99.990 kr.~~



DIALMA BROWN 2113

Fjögurra sæta Chesterfieldsófi úr hágæða vindla-brúnu gæðaleðri. Stærð: 255 x 100 x 73 cm

DIALMA BROWN
INTERIORS & LIFESTYLE

674.993 kr.
~~899.990 kr.~~

DIALMA BROWN 5147

Tveggja sæta sófi. Viðarrammi og gráu Castano Brizzolato áklæði. Stærð: 117 x 78 x 88 cm



198.743 kr.
~~264.990 kr.~~

Reykjavík 10 – 18 virka daga
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 10 – 18 virka daga
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru. Verð gildir til 20. nóvember 2017, eða á meðan birgðir endast.

SÓFA VEISLA



25% AF ÖLLUM SÓFUM

AFSLÁTTUR

RIA

Nettir og einstaklega þægilegir tveggja og þriggja sæta sófar. Holly grænt, ljós- eða dökkgrátt slitsterkt áklæði.



3ja sæta: 192 x 83 x 79 cm

59.993 kr. ~~79.990 kr.~~

2ja sæta: 152 x 83 x 79 cm

52.493 kr. ~~69.990 kr.~~

BRENNER

2,5 og 3ja sæta sófi. Dökkgrátt slitsterkt áklæði. Einnig fáanlegur í svörtu Savoy/split leðri.

2,5 sæta, stærð: 165 x 97 x 82 cm

119.993 kr. ~~159.990 kr.~~

3ja sæta, stærð: 230 x 97 x 82 cm

149.993 kr. ~~199.990 kr.~~



FLÓRENS

Ítalskir gæðasvefnisófar. Rauðir, bláir, ljósbrúnir og dökkgráir. Vönduð heilsudýna.

Stærð: 198 x 93 H: 88 cm.

Dýnustærð: 140x200 cm

202.425 kr.

~~269.990 kr.~~



Þú finnur Sófaveislu-
blaðið á husgagnahollin.is

 HÚSGAGNA
HÖLLIN

FRÉTTABLAÐIÐ **HELGIN****Góði úlfurinn á Airwaves**

Úlfur Emilio er tíu ára gamall og tekur þátt í uppákomum tengdum Iceland Airwaves í ár og kemur fram í Norræna húsinu á morgun.

Góði Úlfurinn hefur slegið rækilega í gegn með lagi sínu Græða peninginn. Góði Úlfurinn er listamansnafn, en hann heitir í raun Úlfur Emilio. Úlfur er nýorðinn tíu ára gamall og er nemandi í fimmta bekk í Austurbæjarskóla. Það hefur verið nóg að gera hjá honum síðustu daga og hann tekur þátt í ýmsum uppákomum sem tengjast Iceland Airwaves. Hann kemur til dæmis fram á atburði Airwaves fyrir unga fólkið og foreldra þess sem verður haldinn í Norræna húsinu á morgun, sunnudag, frá kl. 13-15.

Daginn sem blaðamaður hittir hann á heimili hans í Norðurmýri er starfsdagur í skólanum, hann hefur nóg að gera og það stendur til að spila á tvennum tónleikum þennan sama dag. Síminn stoppar ekki að sögn móður hans, Tinnu Þórudóttur Þorvaldar, sem þarf að takmarka vinnu-semi sonarins til að gæta að skólagoöngu og heimanámi.

Úlfur segist alls ekki geta svarað því hvers vegna honum gangi svona vel. Það sé ógjörningur að vita af hverju fólki finnst það sem því finnst. „Nei, ég get sko ekki svarað þessu,“ segir hann og hnyklar brúnir.



ÞETTA ER BARA ÞAÐ SEM

ÉG GERI Í ALVÖRUNNI.

ÞETTA ER BARA SVONA

MINN DAGUR. ÉG SYNG

BARA UM ÞAÐ.

Hann segist ekki setjast niður til að semja texta við lög sín. „Þetta er bara það sem ég geri í alvörunni. Þetta er bara svona minn dagur. Ég syng bara um það,“ segir hann. Hann er byrjaður á nýju lagi og er til í að segja blaðamanni hvað það heitir: „Hvenær kemur fri?“ segir hann að lagið heiti. „Það er sko bara þannig,“ segir hann og móðir hans segir hann spyrja ansi oft hvenær sé fri næst!

Vinum hans finnst að sjálfsögðu árangurinn ansi góður. „Þeim finnst þetta flott hjá mér. Flott að ég sé að gera þetta, þeir styðja mig.“

Hann á sér margar fyrirmyndir



Úlfur Emilio, „Góði úlfurinn“, fyrir framan heimili sitt í Norðurmýrinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

í íslensku rappsennunni og nefnir Emmsjé Gauta, Herra hnetusmjör og Jóa Pé og Joey Christ.

Góði úlfurinn er rappnafn með rentu því hann segist alls ekki koma fram til að vera frægur eða fá athygli. „Ég vil bara hafa skemmtilegt. Ég vildi finna mér eitthvað að gera og þetta er það sem mér finnst langskemmtilegast að gera.“

Að sjálfsögðu fær Úlfur borgað fyrir að koma fram. Hvað skyldi hann ætla að gera við peningana? „Ég ætla að setja þá alla inn á bankabók. Svo þegar ég er orðinn fullorðinn kaupi ég mér bíl, hús, húsgögn og föt.“ **kristjanabjorg@frettabladid.is**

Iceland Airwaves fyrir fjölskylduna

Á sérstökum fjölskyldudegi í tengslum við Iceland Airwaves hátíðina verður boðið upp á lifandi tónlist í Norræna húsinu á morgun, sunnudag. Þá verður kynning á tónlistarleiknum Mus-sila Musical monster adventure. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

Dagskráin hefst á tónlistaratriði fyrir yngstu kynslóðina með Lögnum af visnaplötunum, Einu

sinni var og Út um græna grundu í útsetningum Gunnars Þórðarsonar. Eftir þásu stígur á svið Góði Úlfurinn sem flytur tvö lög, því næst tekur Vegan Klíkan við sviðinu og flytur músikalskt rapp.

Dagskrá í Sal

13:00 Lögnum af Visnaplötunum
14:00 Góði Úlfurinn
14:30 Vegan Klíkan

Um helgina

Sigrún Guðný Markúsdóttir

25 ÁRA AFMÆLI KVENNAÞINGSINS FAGNAÐ

Ég ætla að fara í ræktina á laugardaginn og chilla aðeins með stelpunum mínum. Kvöldinu ætla ég síðan að verja með um 60 flottum vinkonum á 25 ára afmæli Kvennaþingsins. Á sunnudeginum ætla ég að standa vaktina í búðinni minni, Akkúrat, og taka vel á móti gestum og gangandi.



Stella Rósenkranz

ALLT ANNAD EN RÓLEG HELGI

Mig langar að taka það rólega um helgina en það stefnir allt akkúrat í hina áttina. Afmæli, surprise-partí og Airwaves! Það eru margir íslenskir artistar sem ég ætla að mæta á og styðja.

**LESTU**

Mistur eftir Ragnar Jónasson sem fjallar um flókið og erfitt mál sem lög-reglukonan Hulda Hermannsdóttir þarf að kljást við skömmu eftir að hafa sjálf lent í fjölskylduharmleik sem skilur eftir sár sem aldrei gróa.

**HLUSTAÐU**

Kynntu þér fjölbreytta off-venue dagskrá Iceland Airwaves hátíðarinnar. Þar ættu allir tónlistarunnendur að finna eitthvað við sitt hæfi, alveg ókeypis!

TÓNLEIKAR OG BAKSTUR

Ég ætla að byrja helgina á því að halda tónleika á Söguloftinu í Landnámssetrinu í Borgarnesi á föstudagskvöldinu. Laugardagsins ætla ég svo að njóta heima í faðmi fjölskyldunnar og mér finnst ansi líklegt að við mæðgur bökkum eitthvað gott saman og fáum góða vini í heimsókn. Á sunnudaginn er svo stefnt á að leggja lokahönd á myndband við lagið Dream Small sem kemur út í lok mánaðarins.



Hafdis Huld Prastardóttir.



Sigurður Þór Óskarsson.

FJÖLL OG FJARSKALAND

Ég ætla að ganga á fjöll um helgina og kannski veiða nokkra rjúpur ef ég sé þær. Svo er sýning á Fjarskalandi á sunnudaginn sem gengur hverja helgi fyrir fullu húsi í Þjóðleikhúsinu.

Bæjarlistamaður Seltjarnarness 2018

Menningarnefnd Seltjarnarness auglýsir eftir umsóknum frá listamönnum búsettum á Seltjarnarnesi og/eða rökstuddum ábendingum um nafnbótina **Bæjarlistamaður Seltjarnarness 2018**.

Bæjarlistamaður Seltjarnarness skal vera reiðubúinn að vinna með menningarsviði bæjarins að því að efla áhuga á list og listsköpun á Seltjarnarnesi og taka þátt í viðburðum bæjarins með það að leiðarljósi.

Í umsókninni skulu koma fram ítarlegar upplýsingar um náms- og starfsferil viðkomandi og hugmyndir um á hvern hátt nýta eigi styrkinn við listsköpun.

Nafnbótinni fylgir starfsstyrkur að upphæð einni milljón króna. Umsækjendur eru beðnir um að haga umsóknum í samræmi við reglur um Bæjarlistamann sem finna má á heimasíðu bæjarins www.seltjarnarnes.is.

Umsóknum og/eða ábendingum skal skilað fyrir 25. nóvember n.k. í gegnum heimasíðu bæjarins (umsóknir/eyðublað), með tölvupósti á netfangið maria.b.oskarsdottir@seltjarnarnes.is eða bréfléiðis á Bæjarskrifstofur Seltjarnarness, Austurströnd 2, 170 Seltjarnarnesi merkt: „Bæjarlistamaður 2018“.

Menningarnefnd Seltjarnarness



www.seltjarnarnes.is

SELTJARNARNESBÆR

BÍLAPARTÝ



Fimm stjörnu veisla í tvær vikur á planinu! Glæsilegt úrval!
Veglegur afsláttur af völdum bílum! Fjör og frábær kjör! Spennandi partýleikur!

TILBOÐ



48.000 kr.*
á mán. m.v. 20% innborgun.

SUBARU Levorg Premium
Nýskr. 01/17, ekinn 15 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð 4.390 þús. kr.

TILBOÐ:
3.690 þús. kr.

VINNUR ÞÚ BÍLINN?

TAKTU ÞÁTT Í SPENNANDI LEIK

**VÍSSENDINGAR
Á BILALAND.IS**

Giskaðu á hve mikið bíllinn er ekinn og hann gæti orðið þinn!
Hann er til sýnis hjá Bilalandi, Kletthálsi 11
Allar upplýsingar um leikinn á www.bilaland.is

OPIÐ ALLA HELGINA: LAU. 12-16 & SUN. 13-16

ergo

Ergo býður upp á betri
lánakjör í bílapartýinu!



22.000 kr.*
á mán. m.v. 20% innborgun.

Rnr. 370748

DACIA Logan
Nýskr. 04/15, ekinn 42 þ.km,
dísil, beinskiptur.
Verð 1.890 þús. kr.

TILBOÐ:
1.490 þús. kr.



38.000 kr.*
á mán. m.v. 20% innborgun.

Rnr. 400148

SKODA Yeti 4x4
Nýskr. 07/14, ekinn 49 þ.km,
dísil, beinskiptur.
Verð 3.090 þús. kr.

TILBOÐ:
2.290 þús. kr.



69.000 kr.*
á mán. m.v. 20% innborgun.

Rnr. 144351

KIA Sorento III Luxury
Nýskr. 04/16, ekinn 74 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 5.490 þús. kr.

TILBOÐ:
4.790 þús. kr.



37.000 kr.*
á mán. m.v. 20% innborgun.

Rnr. 390243

VOLVO V40
Nýskr. 04/14, ekinn 85 þ.km,
dísil, beinskiptur.
Verð 2.790 þús. kr.

TILBOÐ:
2.190 þús. kr.



42.000 kr.*
á mán. m.v. 20% innborgun.

Rnr. 370723

VW Tiguan Trend&Fun
Nýskr. 05/14, ekinn 59 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 3.290 þús. kr.

TILBOÐ:
2.490 þús. kr.



25.000 kr.*
á mán. m.v. 20% innborgun.

Rnr. 321106

HYUNDAI i30 Classic Wagon
Nýskr. 05/14, ekinn 100 þ.km,
bensín, beinskiptur.
Verð 1.690 þús. kr.

TILBOÐ:
1.190 þús. kr.



22.000 kr.*
á mán. m.v. 20% innborgun.

Rnr. 390104

RENAULT Megane Sport Tourer
Nýskr. 02/12, ekinn 80 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 1.590 þús. kr.

TILBOÐ:
1.090 þús. kr.



113.000 kr.*
á mán. m.v. 20% innborgun.

Rnr. 370559

LAND ROVER Discovery 4 SE
Nýskr. 07/12, ekinn 113 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 6.480 þús. kr.

TILBOÐ:
5.590 þús. kr.



59.000 kr.*
á mán. m.v. 20% innborgun.

Rnr. 144185

BMW X1 XDrive 18d
Nýskr. 02/14, ekinn 43 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 3.990 þús. kr.

TILBOÐ:
3.490 þús. kr.



29.000 kr.*
á mán. m.v. 20% innborgun.

Rnr. 370494

RENAULT Megane Scenic III
Nýskr. 08/14, ekinn 68 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 2.490 þús. kr.

TILBOÐ:
1.690 þús. kr.

Bílapartýið stendur til 18. nóvember.
Allir velkomnir!
www.bilaland.is

Bílaland, Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is

bílaland

Flókið að vera besti vinur pabba

Árið 2017 hefur fyrir Mikael Torfasyni einkenst af öfgum í gleði og sorg. Hann missti föður sinn í vor úr alkóhólisma og eignaðist barn fyrir tæpum tveimur vikum. Hann gerir upp uppvöxt sinn og sögu fjölskyldu sinnar á óvæginn en hlýjan máta í nýrri bók, *Syndafallinu*. Í frásögninni tekst hann á við siðferðilegar spurningar um lífið og dauðann.

Kristjana Björg
Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Mikael Torfason er íklæddur þykkri dúnúlu þótt það sé fremur milt í veðri. Hann er víst eiginlega alltaf í úlpu. „Það er öryggstilfinningin,“ sagði eitt sinn náinn ástvinur við hann. Hann er með stóran schäferhund með sér og er kominn til að grípa sér kaffibolla með blaðamanni á Gamla kaffihúsinu í Fellahverfi. Þótt hundar megi núna tæknilega séð fara á kaffihús þá má hann Sesar bíða úti á meðan eigandinn ræðir um líf sitt og tilurð nýrrar bókar. *Syndafallið*. Nýútkomin fjölskyldusaga Mikael. Foreldrar hans, Hulda og Torfi, eru í miðdepli. Torfi lést í vor eftir bráð veikindi vegna alkóhólisma.

Fyrir tveimur árum gaf Mikael út bókina *Týnd í Paradís*. Þar sagði Mikael frá fyrstu æviárum sínum til fimm ára aldurs. Mikael fæddist með alvarlegan sjúkdóm í meltingarfærum og bókin var uppgjör við þann tíma en foreldrar hans voru þá í Vottum Jehóva.

Faðir í fimmta sinn

Mikael býr í Seljahverfinu. Hann hefur sterka tengingu við Breiðholtið. Þar er hann að hluta til alinn upp. „Ég bjó hérna í Fellunum þegar ég kláraði fyrstu bókina mína. Fyrir tuttugu árum. Nú bý ég í Seljahverfi. Ég hleyp hér í hverfinu á morgnana,“ segir Mikael og lýsir hlaupaleiðinni. „Ég hleyp úr Seljahverfinu, hér í gegnum Fellin og fæ smá urban jungle, héðan og í náttúruna í Elliðaárdal og svo aftur heim. Þetta er frábær hlaupaleið,“ segir Mikael. „Ég kann verulega vel við að búa í Seljahverfi, það er fallett og rötgróíð. Mér finnst ég heppinn. Ég á hús, ég á fyrir nauðsynjum. Það er ekki sjálf-sagt,“ segir Mikael, sem eignaðist sitt fimmta barn fyrir tveimur vikum. Mikael er kvæntur Elmu Stefaníu Ágústsdóttur leikkonu. „Ég átti þrjú börn fyrir og Elma eina dóttur, sem er þá stjúpdóttir mín,“ segir Mikael frá og bætir því við að tvö barna hans séu í raun uppkomin.

„Ég er svolítið stressaður núna því við Elma erum svo til nýkomin heim af fæðingardeildinni. Tengdaforeldrar eru heima að hjálpa



„Í mörg ár fannst mér ég þurfa að vera eins og hann, harður og duglegur. Brynja mig. Ég slaufaði yfir tilfinningarnar því það var það sem ég hélt að maður yrði að gera til að komast af,“ segir Mikael sem segir sjálfskoðun og skrif undanfarin ár hafa leitt sig áfram í þroska og í átt að jafnvægi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

til,“ segir hann en öllum heilsast vel. Dagskráin hefur verið þétt. Það er stutt síðan hann frumsýndi verkið Guð blessi Ísland sem hann samdi með Þorleifi Erni Arnarssyni í Borgarleikhúsinu og nú fylgir hann eftir nýrri bók. Hann segist vera svolítið í lausu lofti.

Skammt stórra högga á milli

„Það er erfitt að ganga svona nærri sér. Ætli maður sé ekki líka svolítið stressaður yfir því hvernig fólk tekur þessari frásögn. Þetta ár hefur verið mikill tilfinningarússibani. Pabbi dó í vor og ég var rétt í þessu að eignast dóttur. Ég er svolítið í lausu lofti,“ segir Mikael spurður hvernig honum líði nú þegar bókin er komin út. „Árið 2017 hefur einkenst af öfgum í bæði sorg og gleði. Það hefur verið skammt stórra högga á milli og það er þess vegna sem ég hef

ekki haft tíma til að gera upp tilfinningar mínar. Mér hefur aldrei verið meira sama um þá dóma sem ég fæ. Lífið skiptir meira máli núna,“ segir hann en Mikael missti af frumsýningu verksins Guð blessi Ísland því dóttir hans fæddist aðfaranótt frumsýningardagsins. Verkið hlaut mikið lof gagnrýnenda, fimm stjörnur í Fréttablaðinu, en hann hefur haft lítinn tíma til að melta viðtökur við leikriti og bók.

„Ég á kannski bágt með að svara því hvernig mér líður núna eftir að bókin er komin út. Ég man samt vel hvernig mér leið þegar ég var að klára að skrifa bókina. Ég var í miklu uppnámi. Að skrifa um pabba og alkóhólismann. Horfa á þetta allt saman af væntumþykju. Það var erfitt uppgjör en samt mikil hreinsun. Ég hef oft notað skriftir til að hreinsa út tilfinningar. Stundum í

gegnum skáldaðar persónur en síðar í skrifum um mig og fjölskylduna.“

Heppinn

Sagan er óvæginn. Mikael dregur ekkert undan í frásögn sinni. Öfgarnar í fjölskyldulífi hans eru miklar. Móðir hans, Hulda, sveiflast í glímu við geðveiki, fátækt og ástarsorg. Stundum er hún glöð diskódrottning. Öðrum stundum undirgefinn Vottur Jehóva. Faðir hans var athafnasamur drykkjumaður. Ævintýramaður.

Mikael og systkini hans þurfa oft að axla ábyrgð og hafa áhyggjur sem ættu ekki að vera hluti barnæskunnar.

„Ég var heppinn að eignast þau fyrir foreldra. Ég hef alltaf fengið að hafa rödd. Segja frá upplifun minni og okkar sögu. Hún hefur aldrei verið bæld. Mamma og pabbi eru bæði þannig persónuleikar og hafa

verið miklir þátttakendur í bókum mínum. Ég tók viðtöl við pabba fram á dauðadag hans. Ég er enn að taka viðtöl við mömmu. Þeim finnst ekkert sjálfsgðara. Ég á fleiri, fleiri klukkutíma af viðtölum við foreldra mína. Ég er með þetta allt vélritað. Mér finnst ævi þeirra mjög merki-leg,“ segir Mikael.

Góðir vinir

Torfi Geirmundsson, faðir Mikael, var vel þekktur í íslensku samfélagi. Hann rak Hárhornið við Hlemm um árabíl. Hann var sextíu og sex ára gamall þegar hann lést í vor. Þeir feðgar voru góðir vinir. „Ég kann enga skýringu á því hvers vegna við vorum alltaf góðir vinir. Alveg þangað til hann dó. Ég var mikið með honum þessar síðustu vikur í lífi hans. En fram að því töludum við saman mörgum sinnum í ➔

Jeppasýning í dag!

Laugardaginn 4. nóvember. Klukkan 10:00 til 14:00

Vertu klár fyrir veturinn!



Rexton

- Byggður á grind
- Millikassi með læsingu og lágu drifi
- 7 þrepa sjálfskipting
- 2.6 tonna dráttargeta
- Fjór hjóladrifinn
- 7 manna

Verð frá:

4.990.000 kr.

TOYO TIRES
harðskeljaðekk

Toyo vetrardekk í kaupauka

Toyo vetrardekk undir öllum SsangYong jeppum og sumardekk í skottinu.



Tilboð á 33" breytingu

33" breytingarpakki fyrir Rexton á aðeins 290.000 kr.

 **SSANGYONG**

Verið velkomin í reynsluakstur!

Reykjavík
Tangarhöfða 8
Sími: 590 2000

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Bílaríki, Akureyri
Glerárgötu 36
Sími: 461 3636

| benni.is.

Opið:
Virka daga frá 9:00 til 18:00
Laugardaga frá 10:00 til 14:00

**Bilabúð
Benna**
Serfræðingar í bilum

➔ viku. Um allan fjandann. Hann hafði gaman af mér. Ég hafði gaman af honum. Hann var ævintýralegur maður eins og ég reyni að gera skil í bókinni. Hann vildi alltaf taka mikinn þátt í mínu lífi. Talaði við mig eins og jafningja og hafði ofboðslegt umburðarlyndi fyrir mér þegar ég var ungur og reiður. Ég hugsa að ég hefði ekki sömu þolinmæði fyrir sjálfum mér," segir Mikael og hlær. „Það var alveg sama hvaða vitlausu skoðanir maður hafði, eða hversu mikið maður vildi rífa kjaft. Hann dæmdi aldrei. Hann var svona fjölfræðingur, vildi vita allt um allt og ekkert. Hafði svona alþýðlegan áhuga á öllu milli himins og jarðar.“

Stóð sína vakt við stólinn

Árið 2007 keyrði Mikael föður sinn á Vog. Þá farsjúkan af alkóhólisma. Torfi átti mörg góð ár eftir meðferðina þar til hann féll. Það var áfall fyrir alla í fjölskyldunni að hann skyldi veikjast.

„Þetta var reiðarslag. Að þessi króníski heilasjúkdómur hefði lagt hann að velli á svona skömmum tíma. Ég keyrði pabba í meðferð fyrir tíu árum síðan. Þá var hann búinn að vera farsjúkur dagdrykkjumaður í meira en áratug. Hann hefði dáið ef hann hefði ekki orðið edrú. Þó það sé kaldhæðnislegt þá fór honum vel að vera drykkjumaður. Það var hans bölvun. Hann gat nefnilega alltaf klippt fullur. Þannig að hann átti alltaf pening og stóð sína vakt við rakarastólinn. Pabbi var kóngurinn á Hlemmi þar sem hann rak hárgreiðslustofuna sína. Rónarnir komu til hans og fengu lánaðan pening hjá honum. Það var ekki öfugt. Hann sturtaði stundum í sig hálfum lítra af vodka til að losna við titringinn í höndunum til að geta klippt.“

Líkamlegt þrot

Árið 2006 eignaðist ég son. Hann er skírður í höfuðið á honum og heitir Jól Torfi. Pabbi var í skírinni mjög veikur maður. Skírmarveislan var um haustið og ég bjóst varla við að hann myndi lifa af veturinn. Þá var það annaðhvort að hann myndi leggjast banaleguna eða fara í meðferð.

Á endanum gafst hann upp. Það var algjörlega líkamlegt. Hann fékk enga andlega vakningu eins og stundum er talað um í alkáfræðunum. Þetta var algjört líkamlegt þrot," segir Mikael um þann tímamark sem hann keyrði föður sinn í meðferð. „Hann var kominn með ofnæmi fyrir öllu. Vinir mínir í blaðamennsku tóku einhver viðtöl við hann og birtu myndir þar sem hann var að fletta blöðunum með plasthanska. Hann var kominn með ofnæmi fyrir prentsvertunni. Hann var allur í útbrotum og augun sokkin. Hann var bara fávæður. Búinn að fara mörgum sinnum á spítala og fá sýklalyfi æð. Þetta var bara maður sem var við dauðans dyr. Hann mundi ekkert eftir verunni á Vog. Hann var bara meðvitundarlaus. Pabbi hefði ekki lifað það af að þurrka sig upp annars staðar en á Vog.“

Dýrmæt ár

Fjölskyldan græddi nokkur ár með Torfa. „Við áttum góðan áratug. Fengum pabba, afa, tengdaföður. Það var dýrmætt því það var erfitt og flókið að vera besti vinur hans þessi síðustu ár hans í drykkju áður en hann fór í meðferð. En svo virkilega gaman að vera besti vinur hans árin eftir að hann varð edrú. Það fór honum svo vel. Hann fór að ferðast meira, taka þátt í starfi SÁÁ. Hann skipulagði útihátíðir þangað sem maður mætti með krakkana. Þegar maður horfir til baka til þessa tíma, þá fyllist maður sorg að hann skyldi hafa fallið. Það er þyngra en tárur taki að hugsa til þess að pabbi hafi drukkið sig í hel.“

Áður en Torfi veiktist og var greindur með skorpulífur voru vissulega merki um að hann væri fallinn. „Þetta er svo svakalega lúmskur fjölskyldusjúkdómur. Neysla náins ástvinar hefur flókin áhrif á sálarlífið. Okkur



„Ég tók viðtöl við pabba fram á dauðadag hans. Ég er enn að taka viðtöl við mömmu," segir Mikael. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Brot úr bókarkafli



Á Sahlgrenska sjúkhuset var pabbi með privatstofu. Sem er nokkuð sem hann átti aldrei sem krakki og heldur ekki sem kvæntur maður. Þá hreiðraði pabbi um sig sín megin í hjónarúmi og skipti sér aldrei af því hvernig heimili konur hans vildu skapa. Hann hafði enga skoðun á því, sagði hann þeim og trúði því sjálfur. Eða þannig lýsti hann þessu fyrir mér þegar hann var



orðinn einn og bjó í gluggalausri geymslu undir Hárhorninu við Hlemm. Á einhvern furðulegan hátt leit hann á það sem svo að hann væri loksins sjálfstæður maður. Hann bjó ekki lengur í húsi móður sinnar eða á heimili eiginkonu. Torfi var orðinn einn og hann gat steikt sér hakk og soðið spaghetti þar sem hann lá í baðkarinu sem hann notaði til að vaska upp leirtauði áður en hann kom upp vaski við hlið þess. Með réttu eða röngu fannst honum loksins vera frjáls. Laus við konur og veraldarvafstur. Hann ætlaði aldrei aftur að smíða nýja eldhúsinnréttingu eða kúga konu eins og hann gerði við móður mína þegar hann var vottur.

grunaði en við héldum í vonina. Ég talaði oft við hann og hafði miklar áhyggjur af honum. Varð ringlaður eftir furðuleg samtöl og velti því fyrir mér hvort hann væri kominn með elliglið eða byrjaður að drekka aftur.“

Neitað um nýja lífur

Torfi lést eftir nokkurra vikna veik-

Paradís. En það var skrítið að vera allt í einu kominn í þá aðstöðu að hugsa um hann. En á sama tíma fannst mér gott að geta verið til staðar fyrir hann. Hann fékk góða þjónustu á Landspítalanum. Læknar gerðu allt fyrir hann sem þeir gátu og sendu okkur út til Svíþjóðar til að freista þess að hann fengi nýja lífur.“

Torfa var neitað um lifrarigræðslu í Svíþjóð. Læknar í Svíþjóð mátu hann of langt leiddan alkóhólisma. „Þetta eru rosalega erfðar og stórar siðferðilegar spurningar sem kvikna í kringum veikindi hans. Hvað gerum við fyrir þá sem eru með sjúkdóma sem valda því að þeir skaða sig? Eða velja sér lífsstíl sem veikir þá? Hvernig eigum við að koma fram við þá í heilbrigðiskerfinu? Eigum við að neita alkóhólistum um þjónustu? Af því að einhverjum finnst alkóhólismi vera aumingjaskapur. Það var niðurstaða sænsku læknanna en hér heima höfðu íslenskir læknar aðra skoðun.“

Ég vildi að hann hefði fengið tækifæri. Ég vildi fá fleiri góð ár með pabba. Hann svaraði meðferð vel á sínum tíma og ég trúði því að hann myndi gera það aftur. En þetta er takmörkuð auðlind. Líffæri. Og þetta var niðurstaðan. Við hefðum getað logið og sleppt því að segja frá drykkju pabba. Þá væri hann með okkur í dag því það er hægt að fá skorpulífur án þess að það sé afengistengt. En pabbi skammaðist sín aldrei fyrir að vera alkóhólismi. Alkóhólismi er krónískur heilasjúkdómur en ölkum sem viðurkenna sjúkdóm sinn opinberlega er refsað. Þeim er gert að borga hærri tryggingar til dæmis. Og fá verri heilbrigðisþjónustu. Eða allavega í Svíþjóð.“

Hreinsun og sjálfskoðun

Mikael segist ekki viss um að hann hefði getað skrifað þessa frásögn fyrir tíu árum. „Ég hefði ekki haft þroskan til þess. Ég hef frá því ég var ungur verið svakalega agaður. Keyrt mig áfram af dugnaði. Ég er kominn af fátæku fólki. Sjálfsmynd mín hefur mótast af því. Ég átti mér til dæmis fyrirmynd í afa mínum sem var hreppsómagi. Hann var tekinn hágrátandi af móður sinni eftir að pabbi hans drukknadi. Hann var settur í föstur á fimmta aldursári. Hann stofnaði sína fjölskyldu, eignaðist þak yfir höfuðið og dó níraður í Englandi. Þangað fór hann því hann ætlaði sko ekki að deyyja á kostnað íslenska ríkisins eða leggja upp á hreppinn hér heima.“

Í mörg ár fannst mér ég þurfa að vera eins og hann, harður og duglegur. Brynja mig. Ég slaufaði yfir tilfinningarnar því það var það sem ég hélt að maður yrði að gera til að komast af. En það er þessi hreinsun og sjálfskoðun sem ég hef stundað í gegnum skrifin sem hafa leitt mig



PABBI VAR KÓNGURINN Á HLEMMI ÞAR SEM HANN

RAK HÁRGREIÐSLU-

STOFUNA SÍNA. RÓNARNIR

KOMU TIL HANS OG FENGU

LÁNAÐAN PENING HJÁ

HONUM.

áfram í þroska og í átt að jafnvægi. Í dag get ég skoðað fortíðina með hlýju og húmor. Ég hef mjög blendnar tilfinningar gagnvart hetjusögum. Það er ekki hollt til lengdar að vaða í gegnum lífið á hnefanum.“

Fjölskylda Mikaeles hefur það líka ágætt. „Lilja systir tók við rekstri föður míns á Hlemmi. Elsti bróðir minn býr og starfar á Akureyri. Svo á ég uppeldisbróður, hann heitir Knútur og rekur Fríðheima á Suðurlandi. Ég held að Tryggvi Geir bróðir minn sé edrú núna sem er gott. Og Bashir bróðir minn var að losna úr fangelsi í Bretlandi. Hann er á reynslulausn og ætlar að reyna að standa sig. Það litur vel út og hann á frábæra konu sem hefur beðið hans utan múranna. Við höfum svo öll dílað við dauða pabba hvert á sinn hátt. Ég hef kosið að gera það að hluta til með því að skrifa.“

Til staðar

Og nú fer Mikael bráðum að tygja sig heim til fjölskyldunnar. Skrifstofan er heima. „Ég er í draumastöðunni sem faðir. Ég vinn heima og skrifborðið er í miðri stofunni. Ég er alltaf til í að fara og smyrja nýja brauðsneið handa einhverjum. Heimilið er vinnustaðurinn og vinnustaðurinn er heimilið. Mér finnst alls ekki erfitt að einbeita mér enda vanur að vinna og halda einbeitingu á hávaðasömum ritstjórnunum þegar ég var bláðamaður. Og það bara má reyndar alltaf trufla mig. Ég hef prófað að fá mér vinnustofu og fannst það ómöglegt. Og þegar ég var ritstjóri átti ég alltaf að vera í vinnunni. Það var ekki góður lífsstíll. Stress og taugaveiklun. Í seinni tíð þá hefur mér ekki fundist það þess virði að skrifa nema mér líði vel. Að það sé í samhengi við lífið einhvern veginn. Það er svo notalegt að bíða eftir því að krakkarnir komi heim úr skólanum. Ég er til staðar. Get hent í kjötsúpu ef ég er í stuði og látið hana malla allan daginn. Og núna erum við Elma í fæðingarorlofi og ég finn vel fyrir því hversu vel ég er staddur í lifinu og hvað ég hef nú verið heppinn.“

BÍLL ÁRSINS Á ÍSLANDI 2018

Bandalag íslenskra bílblaðamanna valdi Peugeot 3008 sem Bíll ársins 2018 á Íslandi úr hópi 30 bíla. Þetta er mikil viðurkenning á gæðum Peugeot sem hafa heillað heimsbyggðina, ekki síst í ljósi þess að fyrr á árinu var Peugeot 3008 valinn Bíll ársins í Evrópu. Auk þessa hlötnaðist Pure Tech bensínvél bílsins sá heiður að vera valin Vél ársins þriðja árið í röð.

MOTION & EMOTION



KOMDU OG KEYRÐU BÍL ÁRSINS PEUGEOT 3008



PEUGEOT



Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 8
Sími 515 7040

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Njír og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

Úr Stanford í Kísildalinn

Líney Arnórsdóttir var fyrsta íslenska konan til að hljóta inngöngu í MBA í Stanford háskóla í Kaliforníu. Eftir útskrift fékk hún starf hjá tæknifyrirtæki í Kísildalnum. Líney segir frá glæstum námsferli sínum og lífinu í Kísildalnum þar sem hallar verulega á konur.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Líney Arnórsdóttir er í stuttu frí heima á Íslandi. Hún er þrjátíu og tveggja ára gömul, býr í San Fransisco, nánar tiltekið í Kísildalnum, og starfar hjá frumkvöðlafyrirtækinu Pocket Games.

Námsferill Líneyjar er glæsilegur. Hún þakkar það góðri undirstöðu í æsku. Hún naut skólagöngu víða um heim. Foreldrar hennar eru Guðrún Matthíasdóttir og Arnór Sigurjónsson, starfsmaður utanríkisráðuneytisins. „Við fluttum oft þegar ég var lítil. Ég flutti fyrst út þrjú ára gömul. Átta ára gömul til Bandaríkjanna. Þrettán ára gömul til Brussel í Belgíu. Ég held það hafi hjálpað mér mikið að fá að stunda nám við góða einkaskóla í Evrópu, sá í Brussel var einn sá allra besti. Þar var nám á háu stigi og ég lærði að taka nám alvarlega. Að kunna að meta það sem mér bauðst og oft voru kennararnir á heismælikvarða,“ segir Líney.

Fékk fullan námsstyrk

Líney flutti heim sextán ára gömul. „Ég var langt á undan jafnöldrum mínum á Íslandi í námi. Ég hóf nám á alþjóðabraut í Menntaskólanum við Hamrahlíð og útskrifaðist á tveimur árum, sautján ára gömul. Ég tók mér leyfi frá námi eftir útskriftina en skræði mig svo seinna í sálfræði við Háskóla Íslands. Þaðan útskrifaðist ég semidúx árið 2007,“ segir Líney og rekur skólagöngu sína hér á landi.

Líney fór í vísindaferð ásamt fleiri nemendum í sálfræði í sendiráð Bandaríkjanna. „Þar heyrði ég útundan mér af styrkveitingu í boði til náms í Bandaríkjunum. Mig dreymdi um að búa og starfa í Bandaríkjunum svo ég vatt mér í sendiráðið og sótti um styrk til náms við Háskólann í Miami. Það kom mér á óvart þegar ég fékk styrkin að hann reyndist fullur námsstyrkur til tveggja ára,“ segir Líney, sem segist hafa pakkað föggum sínum niður í snatri og flutt út. „Ég hafði mánuð til að flytja til Bandaríkjanna og hefja nám við skólann. Svo ég þurfti að vera snör í snúningum,“ segir Líney.

Heim í hruninu

„Ég stundaði nám í almanna-tengslum við Háskólann í Miami og gekk afar vel. Ég kenndi við skólann og varð dúx. Mér líkaði vel í skólanum en gat ekki hugsað mér að búa þar áfram. Það er oft glíma, annað hvort líkar mér skólinn eða vinnustaðurinn eða borgin sem ég bý í. Það hefur alltof sjaldan farið saman,“ segir Líney. „Það hefur alltaf verið draumur minn að búa í New York. Þess vegna ákvað ég að keppa um stöðu hjá einu stærsta almanna-tengslafyrirtæki heims, Ketchum í New York. Ég var ein tít nýútskrifaðra sem kepptu um starfið. Reynslutíminn var tíu vikur. Ég hlaut starfið en þá kom babb í bátinn. Þetta var

nefnilega árið 2010. Hrunið lék Bandaríkjamenn illa og Obama hafði stöðvað útgáfu atvinnuleyfa. Það fór því þannig að þótt ég hefði lagt allt þetta á mig og fengið starfið þurfti ég að snúa aftur heim til Íslands,“ segir Líney frá.

„Hingað var ég komin í gríðarlega erfitt atvinnuástand. Nýbúin að landa draumastarfinu en föst, atvinnulaus á Íslandi. Ég tók að mér öll þau verkefni sem mér buðust. Ég tók að mér verkefni fyrir Útflutningsráð og fyrir Útón. Ég gafst hins vegar ekki upp á New York. Ég sannfærði yfirmenn mína hjá Ketchum um að ráða sér lögfræðinga og ná atvinnuleyfinu fyrir mig. Það hófst og ég flutti aftur út,“ segir Líney frá.

Hún starfaði hjá Ketchum í þrjú ár. Henni líkaði vel að búa í borginni. Segir það henta sér vel að búa í stórborgum þar sem er fjöldi fólks með ólíkan bakgrunn. Þannig skerir hún sig ekki sérstaklega úr hópnum. Er hvorki heimamaður né aðkomamaður. „Í þetta sinn var það vinnustaðurinn sem hentaði mér ekki. Ég ákvað að flytja aftur heim. Þá hafði Útflutningsráð orðið að Íslandsstofu. Mörg spennandi verkefni sem þau unnu að, svo sem Inspired by Iceland og fleiri. Þau höfðu reglulega samband við mig út og spurðu mig hvort ég vildi koma heim að vinna fyrir þau. Einn daginn sló ég bara til,“ segir Líney frá.

Lærði öll kvöld og helgar

Á Íslandsstofu fékk hún umsjón með umfjöllun um Ísland og varð einnig tengiliður við Norður-Ameríku. „Ég ákvað að læra tungumálið og kynna uppurprunalandinu betur. Ég hafði aldrei búið lengi á Íslandi sem fullorðin manneskja og fann fljótt fyrir óþreyju að komast aftur út í stærra samfélag. Það var samt ótrúlega góð og skemmtileg reynsla að starfa hér,“ segir hún frá.

Hugmyndin að því að sækja um í MBA nám við Stanford Graduate School of Business kviknaði. Hún einsetti sér að hljóta inngöngu og setti allt kapp á það. Aðeins fjórir Íslendingar hafa hlotið inngöngu í námið. Líney varð fyrsta konan til að komast í skólann. „Ég er ekki með þennan dæmigerða bakgrunn sem fólk hefur sem teknið er inn í skólann, viðskiptafræði eða hagfræði. Fram undan var inntökupróf og ritgerðaskrif. Ég læsti mig inni um kvöld og helgar og lærði stíft – í marga mánuði. Fjölskyldan hélt ég væri að missa vitið. En ég tók prófið og fékk nógu háa einkunn og fékk að halda áfram í ferlinu. Ég skrifaði ritgerðirnar og skilaði þeim. Fékk svo loksins tölvupóst um að ég hefði komist í viðtal,“ segir Líney um ferlið.

Fékk hjálp við kostnað

„Mér var sagt að því miður væri enginn á Íslandi tiltækur til að taka viðtalið við mig. En ef ég væri fyrir tilviljun í London tveimur dögum seinna, þá væri hægt að taka það þar. Ég lét sem það væri einmitt svo. Ég væri einmitt fyrir algjöra tilviljun stödd í London eftir tvo daga. Þvílík heppni,“ segir Líney og hlær því hún



Líney þakkar góðri undirstöðu í einkaskólum í Evrópu góðan árangur sinn í námi og starfi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



MÉR VAR HJÁLPAÐ MIKIÐ, SKÓLAGJÖLDIN VORU EKKI SLIGANDI EN MAÐUR LIFIR SVOLÍTÍÐ HÁTT Í KRINGUM ÞESSA KRAKKA. ÞURFTI AÐ FERÐAST ÚT UM ALLT.

pantaði sér flug til London strax eftir að samtalinu lauk.

„Viðtalið fór fram á British Museum. Þangað kom aðvifandi bankagaur frá New York í síðum frakka. Þetta var bara eins og atríði í James Bond mynd. Ég fór til Íslands daginn eftir og beiddi eftir samtali, ég missti reyndar næstum af því. En svarið var já! Ég komst inn.“

Líney komst fljótlega að því að hún myndi ekki þurfa að hafa miklar áhyggjur af kostnaði við námið. „Ef þeir sem komast inn í skólann þurfa á styrkjum að halda til að klára námið, þá fást þeir. Þeir vilja halda í það fólk sem velst inn í skólann. Ég ræddi við tvo af þeim Íslendingum sem komust inn í námið til að fræðast um þetta og fleira.“

Condoleezza Rice kenndi

Námið í skólanum var ævintýrlegt að sögn Líneyjar. Hún naut leiðsagnar heimspekktra fyrirlesara og kennara. „Condoleezza Rice kenndi mér á fyrsta árinu. Mér fannst gaman að segja þessa frá því. Þá kenndu mér Steve Ballmer, framkvæmdastjóri Microsoft, og Evan Spiegel, fram-

kvæmdastjóri Snapchat. Þetta var góður tími, segir Líney frá. Hún segir kostnaðinn ekki hafa sligað sig. „Mér var hjálpað mikið, skólagjöldin voru ekki sligandi en maður lifir svolítið hátt í kringum þessa krakka. Þurfti að ferðast út um allt. Það var kostnaður sem ég þurfti að standa undir,“ nefnir hún.

Íslendingar í Kísildalnum

Líney útskrifaðist frá Stanford síðasta sumar og hefur síðan unnið í tækni-geiranum í Kísildalnum hjá frumkvöðlafyrirtækinu Pocket Games. „Þetta er tölvuleikjafyrirtæki sem sér um markaðssetningu á leikjum fyrir fræga fólk. Ég hef verið að vinna með Dolan tvíburunum sem yngri kynslóðin þekkir vel. Það er mjög spes að semja við sextán ára gaura, þeir vita alveg hvað þeir vilja. Ég hef líka unnið með leikkonunum úr Pretty Little Liars og fyrir Demi Lovato. Pocket Games telst lítið fyrirtæki í Kísildalnum, þar starfa um 300 manns. Það er svolítið myndið að þar erum við fjórir Íslendingar. Ekkert okkar þekktist áður. Það er merkilegt vegna þess að í öllum dalnum eru í ➔

Við gefum Grænt ljós



Upplýstir viðskiptavinir okkar eiga kost á að fá Grænt ljós, sem staðfestir að þeir noti **100% endurnýjanlega orku**. Það felur í sér tækifæri til aðgreiningar á markaði þar sem græn vottun gegnir lykilhlutverki. Þú sækir um Grænt ljós á www.orkusalan.is.

orkusalan 



Ferðalög með skólafélögnum voru hluti af náminu.



Á setti þáttanna Pretty Little Liars með Keegan Allen og Janell Parish.



Útskrift fagnað.

➔ mesta lagi 20 Íslendingar. Við erum fá hér. Það er oft hent gaman að þessu í fyrirtækinu. Íslendingarnir eru að taka yfir!" segir Líney og hlær.

Engin kvennaklósett

Fréttir af kynjahalla í Kísildalnum, áreitni og mismunun fara ekki fram hjá neinum. Hvernig horfir þetta við Líneyju?

„Það er staðreynd að það hallar á konur hér þó að það fari svolítið eftir iðnaði hversu mikið. Í tilteknum greinum hér, til dæmis áhættufjárfestingum, eru nærri engar konur. Við förum í slík fyrirtæki nýverið. Í sumum þeirra er ekki einu sinni kvennaklósett. Þar starfa bara karlar og þar er mikil karlamenning. Þá eru



Ég og frændi minn Oddur Sturluson fyrir framan skólann.

í stétt verkfræðinga hér mest karlar. En það hefur orðið mikil vakning í kjölfar umræðu og fréttu af ástandinu hér. Maður finnur fyrir baráttunni og því að þetta er að koma meira upp á yfirborðið. Það er mikil viðleitni til þess að fjölga konum í áhrifastöðum í Kísildalnum en líka fjölbreytni almennt.“

Gjörbreytt líf

Líney hefur innsýn í það hvernig heimurinn þróast hjá ungu fólki. Hún segir ótrúlegar breytingar hafa átt sér stað á örfáum árum. „Deilihagkerfið er að stækka. Það tekur enginn leigubíl lengur, það er bara Uber. Það fer enginn óvart á góðan veitingastað. Það nota allir öpp á

borð við Yelp til að tékka áður en það er farið út að borða. Við gerðum könnun í vinnunni og komumst að því að 13-14 ára stúlkur, níttján prósent þeirra tékkar á símanum sínum í sturtu! Það er rosalegt. Svo horfir okkar kynslóð bara ekki á sjónvarpið lengur. Ef fólk horfir á eitthvað, þá er það Netflix. Við eyðum helmingi tíma okkar á samfélagsmiðlum og í öppum. Þetta eru gjörbreyttir tímar sem einkennast af miklum framförum og breytingum. Eldri kynslóðir eiga bág með að ná utan um þetta. Þetta eru að minnsta kosti afar áhugaverðir tímar í markaðssetningu hvað sem þessar breytingar þýða fyrir samfélagið í heild,“ segir Líney.

Er bíllinn tilbúinn fyrir kuldann í vetur?

TUDOR

alltaf öruggt start eftir kaldar nætur.



Hraðþjónusta

Við mælum rafgeyma og skiptum um.

Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta

SKORRI

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfða 12 • 110 Rvk • 577 1515 • skorri.is

2 FYRIR 1

Frá kr.
54.915



Frá kr.
71.645



2 FYRIR 1

á flugsæti
m/gistingu

FLUGSÆTI

ÁÐUR KR.
79.900

NÚ KR.
39.950

TENERIFE & GRAN CANARIA

BÓKAÐU SÓL
ALLUR PAKKINN

Íslensk fararstjórn,
taska og handfarangur
innifalið.

TENERIFE



Hotel Isla Bonita 🌟🌟🌟+

Frá kr. 109.270 m/allt innifalið

Netverð á mann frá kr. 109.270 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herb. Netverð á mann frá kr. 142.645 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
22. nóvember í 14 nætur.



Hotel Villa Adeje Beach 🌟🌟🌟

Frá kr. 103.245 m/allt innifalið

Netverð á mann frá kr. 103.245 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í stúdíó. Netverð á mann frá kr. 119.845 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.
22. nóvember í 14 nætur.



Paradero I Apartments 🌟🌟

Frá kr. 54.915 m/ekkert fæði innif.

Netverð á mann frá kr. 54.915 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í stúdíó. Netverð á mann frá kr. 71.645 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.
6. desember í 14 nætur.

GRAN CANARIA



Roque Nublo 🌟🌟+

Frá kr. 89.995 m/ekkert fæði innif.

Netverð á mann frá kr. 89.995 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
28. nóvember í 21 nótt.



Las Brisas 🌟🌟+

Frá kr. 99.995 m/ekkert fæði innif.

Netverð á mann frá kr. 99.995 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
28. nóvember í 21 nótt.



Turbo Club 🌟🌟🌟

Frá kr. 139.995 m/allt innifalið

Netverð á mann frá kr. 139.995 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
28. nóvember í 21 nótt.

HARÐPARKETDAGAR Í NÓVEMBER

10 - 40% AFSLÁTTUR
AF HARÐPARKETI,
UNDIRLAGI OG LISTUM

VANDAÐU VALIÐ

HARÐPARKET



IM1854 Soft Oak Light



HARÐVIÐARVAL

Fimm atriði sem þú þarft að vita um ástandið í Katalóníu

1. Katalónar gengu til kosninga þann 1. október og kaus meirihluti með því að lýsa yfir sjálfstæði. Spánverjar segja kosningarnar ólöglegar og rúmlega 800 særðust í átökum við lögreglu á kjördag. Kjörsoðn var um fjórutíu prósent vegna sniðgöngu sambandsinna og aðgerða lögreglu en níutíu prósent kjósenda samþykktu að lýsa yfir sjálfstæði.

2. Forseti héraðsstjórnar Katalóníu undirritaði óljósa sjálfstæðisyfirlýsingu eftir kosningar og fór fram á viðræður við yfirvöld á Spáni. Spánverjar kröfðust þess í kjölfarið að yfirlýsingin yrði dregin til baka. Allt kom fyrir ekki og Spánverjar sviptu héraðið sjálfstjórn, ráku héraðsstjórnina og leystu upp þingið.

3. Katalónska þingið kom saman stuttu áður en Spánverjar sviptu héraðið sjálfstjórn og samþykktu að lýsa yfir sjálfstæði.

4. Ríkissaksóknari Spánar fer fram á ákæru yfir þeim sem stóðu að sjálfstæðisyfirlýsingunni og kosningunum. Níu ráðherrar héraðsstjórnarinnar mættu fyrir rétt á fimmtudag og átta eru í gæsluvarðhaldi. Fimm, meðal annars Carles Puigdemont, fyrrverandi forseti héraðsstjórnarinnar, eru á flótta í Belgíu og hefur evrópskrar handtöku-skipunar verið krafist.

5. Puigdemont ætlar ekki að sækja um hæli í Belgíu. Hann ætlar heldur ekki til Madrid til þess að mæta fyrir rétt og vill lögmáður hans að skjólstæðingur sinn sé yfirheyrður í Belgíu.

Hættulegur glæpamaður eða katalónsk frelsishetja

Allra augu beinast að Carles Puigdemont, fyrrverandi forseta héraðsstjórnar Katalóníu. Hann er eftirlýstur og á flótta í Belgíu. Ástæðan er kosningar um sjálfstæði héraðsins og sjálfstæðisyfirlýsingin sem kostaði Katalóníu sjálfstjórnarréttindin.

Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is



Undanfarnar vikur í lífi hins katalónska Carles Puigdemont hafa verið viðburðaríkar en flestir eiga að venjast. Eftir að hafa staðið í fremstu víglínu í sjálfstæðisbaráttu spænska héraðsins hefur handtökuskipun verið gefin út á hendur honum. Puigdemont á yfir höfði sér þrjátíu ára fangelsi en mun væntanlega ekki gefast upp í baráttunni.

Skiptar skoðanir eru á Puigdemont. Ýmsir telja hann frelsishetju og verndara katalónsku þjóðarinnar. Aðrir segja hann ófgafullan uppreisnarmann sem gerir allt til að slíta Spán í sundur. Spánverjar og Katalónar eru þó sameinaðir í því að augu þeirra beinast nú, og hafa undanfarið beinst, að þessum umdeilda manni.

Baráttan hefst

Þegar Puigdemont var svarinn í embætti forseta héraðsstjórnar Katalóníu hefur hann líklegast búist við því að sjálfstæðisbaráttan yrði erfið. Hann óraði þó ef til vill ekki fyrir því að hann myndi flýja land vegna viðbragða spænska ríkisins.

„Við höfum náð miklum árangri, en við munum ekki þreystast. Við erum full vonar. Ekkert er ómöglegt,“ sagði hinn nýi forseti þegar hann ávarpaði Katalóna stuttu eftir að hann var svarinn í embætti, umkringdur katalónskum fánum.

Orð hans um að hann myndi sameina Katalóníu í hinni erfiðu sjálfstæðisbaráttu féllu spænsku ríkisstjórninni ef til vill ekki í geð. En þótt Katalónar hafi ekki sameinast, eins og fjöldamótmæli gegn sjálfstæði í héraðshöfuðborginni Barcelona hafa sýnt, hefur Puigdemont uppfyllt loforð sitt um að boða til kosninga og lýsa yfir sjálfstæði.



Harkaleg viðbrögð

Þær fjórar vikur frá því Katalónar gengu til kosninga og þar til héraðið lýsti loks yfir sjálfstæði voru viðburðaríkar.

Puigdemont beið í nokkra daga að kosningum loknum, eftir að öll atkvæði höfðu verið talin, með að gefa út nokkra yfirlýsingu. Þegar að því kom þótti yfirlýsingin afar óskýr.

Það er sanngjarnt að segja, þótt það sé ef til vill ónákvæmt, að Puigdemont hafi „nokkurn veginn“ lýst yfir sjálfstæði. Vissulega sagðist hann hafa skrifað undir yfirlýsingu þess efnis en hann frestaði gildistöku hennar í von um að fá Spánverja að borðinu til viðræðna um samhliða ákvörðun um sjálfstæði héraðsins.

Þessu höfnuðu Spánverjar. Mariano Rajoy forsætisráðherra og Soraya Sáenz de Santamaría varaforsætisráðherra fóru fyrir spænska ríkinu í hörðum orðaskiptum og fóru fram á að Puigdemont skýrði mál sitt og drægi sjálfstæðisyfirlýsinguna óljósu til baka. Ellegar myndu Spánverjar svipta Katalóníu sjálfstjórnarréttindum.

Puigdemont lét hins vegar ekki segjast. Sakaði hann Spánverja um að beita ófgafullri hörku í aðgerðum og orðræðu sinni og neitaði að draga yfirlýsinguna til baka. Svo fór að þann 21. október síðastliðinn samþykkti Rajoy að svipta héraðið sjálfstjórn.

Spænska öldungadeildin kaus um ákvörðunina fimm dögum síðar og samþykkti. Þann 27. október brást katalónska héraðsþingið við með því



KATALÓNAR KUSU SJÁLFSTÆÐI ÞANN 1. OKTÓBER.

SPÁNVERJAR SEGJA

KOSNINGARNAR

ÓLÖGLEGAR OG

PUIGDEMONT Á YFIR

HÖFÐI SÉR 30 ÁRA

FANGELSI

að lýsa yfir sjálfstæði og degi síðar hafði spænska ríkið lagt niður héraðsstjórnina og þingið og tekið yfir lögreglustörf í héraðinu. Í stað Puigdemont stýrir fyrrnefnd Soraya Sáenz de Santamaría nú héraðinu.

Flóttinn og handtakan

Og enn færðist meiri harka í leikinn þegar ríkissaksóknari Spánar krafðist þess þann 30. október að ráðamenn í héraðinu, sem að vísu höfðu þá misst stöðu sína, yrðu ákærðir fyrir uppreisn og aðra glæpi. Þrjátíu ára fangelsisdómur eru viðurlögin við uppreisninni einni.

Við þetta flúði Puigdemont land með nokkrum af ráðherrum héraðsstjórnarinnar og var förinni heitið til Belgíu. Forsetinn útlægi réð sér lögfræðing þar í landi en sagði á blaðamannafundi að hann hygðist ekki sækja um hæli.

Níu ráðherrar héraðsstjórnarinnar mættu fyrir rétt í Madrid til yfirheyrslna á fimmtudaginn. Tök dómstóllinn þá ákvörðun að hneppa átta í gæsluvarðhald en sleppa einum. Puigdemont auk fjögurra annarra hundsðuðu boðunina. Vegna þess fór ríkissaksóknari Spánar fram á evrópska handtökuskipun á fimmmenningana.

Tíminn geymir næstu skref og er ekki ljóst hvað gerist í framhaldinu. Miðað við orð Pauls Bekaert, lögmanns Puigdemont, er þó ólíklegt að hinn eftirlýsti forseti mæti sjálfviljugur til Spánar. Hefur Bekaert óskað eftir því að Puigdemont verði yfirheyrður í Belgíu.

Óeining um sjálfstæði

Kosningabandalagið JxSí, eða Sameinuð um já, fékk flest þingsæti á katalónska héraðsþinginu eftir kosningar árið 2015 þótt sætum bandalagsins hafi reyndar fækkað um níu. Það dugði ekki til að mynda meirihluta á héraðsþinginu og gekk CUP til liðs við bandalagið enda flokkurinn einnig hlynntur sjálfstæði.

Með sjálfstæðissinna í meirihluta á þinginu var leiðin greidd til að boða til kosninga um sjálfstæði héraðsins. Það réttist þann 1. október síðastliðinn, þrátt fyrir að stjórnlagadómstóll Spánar hafi úrskurðað kosningarnar ólöglegar.

Tæp fjórutíu prósent Katalóna



Spænska lögreglan þótti ganga fram af hörku á kjördag. NORDICPHOTOS/AFP

kusu um framtíð héraðsins í kosningunum. Kjörsoðnin var ekki hærra vegna ákalls katalónskra sambandsinna um að sniðganga kosningarnar og vegna þess að spænska lögreglan reyndi að koma í veg fyrir þær. Níutíu prósent þeirra sem mættu á kjörstað greiddu atkvæði með sjálfstæði.

Katalónar eru nú sundradir. Könnun El Mundo frá því í október sýnir fram á að ef gengið yrði til kosninga í héraðinu nú, líkt og Spánverjar hafa fyrirskipað að verði gert í desember, myndu JxSí og CUP missa meirihluta sinn.

Með sjálfstæðisbaráttuna í hjarta

Sjálfstæðisbaráttan á hjarta Puigdemont,“ sagði Jami Matamala, einn nánasti vinur hans brottrekna forseta, í viðtali við CNN á dögunum. Sagði Matamala að aðgerðir Puigdemont væru engin sýndarmennska. Þær væru útpældar og sýndu hvaða mann hann hefur að geyma.

Þessi náni vinur segir að örin eftir harðræði Francisco Franco, einræðisherra Spánar frá 1939 til 1975, séu djúp. Franco bannaði á sínum tíma katalónska tungu og beitti sér af hörku gegn katalónskum hefðum og menningu héraðsins. Við andlát einræðisherrans hafi framtíðin hins vegar virst björt og Katalónía hafi fljótlega fengið sjálfstjórnarvöld.

„Við höldum að Franco-stefnan hefði runnið sitt skeið. Við höldum að við byggjum við lýðræði, en það sem gerðist á kjördag sýnir okkur



Ýmsir deila baráttugleðinni með Puigdemont. NORDICPHOTOS/AFP

að spænskt lýðræði er ekki áreiðanlegt,“ sagði Matamala og vitnaði til þess að fjölmargir hefðu sæst í átökum við spænsku lögregluna þegar kosid var um sjálfstæði þann 1. október síðastliðinn.

Annar nánasti vinur Puigdemont, Antoni Puigverd, sagði í viðtali við CNN að hann væri ekki stuðningsmaður sjálfstæðisbaráttunnar. Þrátt fyrir það væru þeir perluvinir. „Puigdemont hefur aldrei verið drifinn af persónulegum metnaði. Hann hefur einungis metnað fyrir því að bæta hag Katalóna. Þetta skapar vandamál fyrir spænska ríkið. Þeir geta ekki eyðilagt feril hans því hann veit það sjálfur að hann er að förna ferli sínum,“ sagði Puigverd í byrjun október. Þessi orð um að Puigdemont væri að förna ferli sínum rættust síðan í lok október þegar Spánverjar lögðu forsetaembættið niður.

ÓLÓE

LAUGARDAGUR 4. NOVEMBER 2017

Helgin



Ásta Elínardóttir ákvað um áramótin að prófa eitthvað nýtt í hverjum mánuði. Í október var hún í sömu fötum á hverjum degi og uppgötvaði að við eyðum allt of miklum tíma og orku í fót. ➔6



Jensen býður góða nótt á hverju kvöldi og góðan dag á hverjum morgni, enda er endurnærandi nætursvefn leiðarljós hins eftirsóttá, norska rúmframleiðanda.

Góð hvíld og ljúfir draumar

Norskir og góðir gestir, í slagtogi með Óla Lokbrá, ráða ríkjum í Epal í dag. Með lykil að góðum nætursvefni og uppskrift að sælu og vellíðan í Jensen-rúmum, sem fullvissa eigendur sína alltaf um að hafa valið rétt rúm að morgni. ➔2



MARAÐON
NOW OG
11GB Á
3.990 KR.

*á mánuði

365.is | **365**



Hvert og eitt Jensen rúm er klæðskerasniðið að óskum og þörfum eigenda sinna og kemur Epal færandi færandi hendi með rúmið og setur það upp heima.

Framhald af forsiðu →

Meira að segja draumfarirnar eru yndislegar," segir Garðar Haukur Guðmundsson hjá Epal um þá sælu að eiga vísan nætursvefn í hágæða draumarúmi frá norska framleiðandanum Jensen. „Maður vaknar úthvöldur á líkama og sál, endurnærður og fullur orku fyrir nýjan dag.“

Garðar veit hvað hann syngur um Jensen-rúmin sem litu fyrst dagsins ljós í Svelvík við Óslóarfjörð í febrúar 1947.

„Jensen óskar þér góðrar nætur að kvöldi og góðs dags að morgni. Góður nætursvefn er nauðsynlegur fyrir heilbrigði og vellíðan og það hefur Jensen haft að leiðarljósi í sjötíu ár," segir Garðar. „Rúmin eru sérhönnuð til að veita bestu hugsanlegu svefngæði, enda vitad að maðurinn er í fastasvefni þriðjung ævi sinnar, að meðaltali sjö og hálfan tíma á sólarhring, sem gera 229 klukkustundir eða 1,3 vikur í hverjum mánuði; 2.745 tíma eða heilar 15,6 vikur á ári. Því er eins gott að vanda valið á rúmi og Jensen kappkostar að þú vaknir í vissu um að hafa valið rétt rúm.“

Nostrað við hvert og eitt rúm

Hvert og eitt Jensen-rúm er klæðskerasniðið að eiganda sínum.

„Sérstaða Jensen er að sérsníða rúm að óskum hvers og eins. Úrvalið er ríkulegt þegar kemur að dýnum, gormakerfi, áklæði, rúmgöflum, fótum, litum, yfirdýnum og heildarútliti rúmsins," segir Garðar, en fjórar vikur tekur að fá rúmið sérsníðað og sent til Íslands.

„Þá komum við færandi hendi með rúmið, setjum það upp heima



Hönnun Jensen er glæsileg og sigild, og setur elegant blá á svefnherbergið.

Gormakerfi Jensen veitir hárréttan stuðning fyrir líkamann, hvort sem það er bak, mjaðmir, axlir eða háls.

Garðar Haukur Guðmundsson

og nánast búum um fyrir fyrstu nóttina. Það fer ekki fram hjá neinum sem prófar gæðin að þar er um alvöru Jensen-rúm að ræða og leynir sér ekki að nostrað hefur verið hvert rúm til að tryggja góðan svefn.“

Gæðin felast ekki síst í sérhönnuðu svæðaskiptu pokagormakerfi Jensen, sem hentar vel öllum aldri og líkamsformi. Öll þróunarvinna er í samstarfi með kiropraktorum og sérfræðingum í svefnrannsóknnum.

„Við val á dýnu er mikilvægt að

horfa á hæð, þyngd og vaxtarlag. Gormakerfi Jensen veitir hárréttan stuðning fyrir líkamann, hvort sem það er bak, mjaðmir, axlir eða háls, og hvort sem valin er mjúk eða stíf dýna. Rétt dýna dregur úr líkum á óþarfa vöðvaspennu, bakvandamálum og óværum svefni, hún þarf að halda hryggnum beinum og styðja vel við líkamann.“

Vistvæn náttúrusmið

Jensen er grænt rúm. Náttúran er í hávegum höfð.

„Náttúrulegur efniviður, nýjasta tækni og nútíma gæðavefnaður gera Jensen-rúm að einstöku hús-gagni. Fólk sefur því með góðri samvisku í vistvænni náttúrusmið. Það skiptir máli því æ fleiri velja vistvænt fyrir heimili sitt og tilveru," segir Garðar.

Verksmiðja Jensen í Svelvík er með umhverfissvæna vottun.

„Jensen-rúmin eru einnig með



Garðar Haukur Guðmundsson og Guðmundur Hannesson í rúmdeild Epal.

Svansvottun, og vottun frá Möbelfakta og AEH+. Þá hafa þau hlotið verðlaun norska hönnunarráðsins fyrir þægindi, framleiðslu og góða hönnun, og allar vörur Jensen eru prófaðar hjá óháðum svissneskum eftirlitsaðila, þar sem Jensen fær fyrstu einkunn,“ útskýrir Garðar um Rollsinn í skandinavískum rúmunum. Jensen er leiðandi í framleiðslu á skandinavískum hágæðarúmunum.

„Rúmin skarta skandinavísku, tímalaus útliti og einnig fást glæsileg náttborð, rúmgöflar og lampar frá Jensen. Vinsælastir eru gráir tónar og litbrigði úr náttúrunni en þó eru nú meira áberandi litir að koma inn," upplýsir Garðar, en í Epal fæst allt sem gerir svefnherbergið að draumi; ljós, fylgihlutir, húsgögn og frábærar lausnir.

Jensen framleiðir þrjár gerðir af rúmunum: Nordic Seamless boxdýnrúm, Continental rúm og stillanleg rafmagnsrúm. Áttatíu prósent

seldra Jensen-rúma hjá Epal eru stillanleg.

„Stillanleg rúm eru ekki lengur bundin við fólk á efri árum heldur höfða nú til allra aldurs hópa sem velja stillanleg rúm til að njóta dekur og þæginda," upplýsir Garðar.

Öll rúm frá Jensen eru með fimm ára ábyrgð og 25 ára ábyrgð á rúm-botnum og gormakerfi.

„Verðið kemur líka skemmtilega á óvart og kemur mjög vel út miðað við gæðin. Það finna allir óskadýnuna hjá Jensen. Rúm sem veita góða hvíld og ljúfa drauma.“

Í dag koma norskir sérfræðingar Jensen í heimsókn í Epal til að aðstoða viðskiptavinum við val á réttu rúmi. Í tilefni af því gefur Epal 10 prósent afslátt af pöntunum.

Epal er í Skeifunni 6, þar sem hægt er að kynna og prófa Jensen í návígi. Sjá nánar á epal.is

Er orkuleysi, útblásinn magi eða verkir að hrjá þig?

Orkuleysi, verkir og sjúkdómar geta orsakast af skorti eða truflun á eðlilegri ensímvirgni líkamans. Ensím gegna mikilvægu hlutverki og eru nauðsynleg í allri meltingu og efna-skiptum líkamans. Einkenni skorts á ensímum geta verið brjóstsviði og magaverkur.

Ensím eru nauðsynleg í allri meltingu og efnaskiptum líkamans. Hver kannast ekki við að verða þreyttur eftir þunga máltíð? Sumir fá einnig óþægindi, uppþembu, vindverki og meltingartruflanir en það tengist að öllum líkindum skorti á meltingar-ensímum. Ensím „klippa“ stærri fæðueiningarnar niður í minni einingar svo þær eigi greiðari leið út í blóðrásina.

Jafnvel vítamín og steinefni þurfa ensím til að virka. Þegar við borðum hráfæði, er fæðan bæði stútfull af vítamínum og steinefnum en inniheldur auk þess náttúruleg meltingarensím sem brjóta niður fæðuna og þar af leiðandi þarf meltingarkerfi líkamans ekki að hafa eins mikið fyrir að melta slíka fæðu. En þegar matur er unninn og/eða eldaður, verða ensímín í fæðunni óvirk, sem getur leitt til þess að flytja þarf ensím úr öðrum kerfum líkamans til meltingarvegarins svo eðlileg melting geti átt sér stað. Þetta ferli er orkufrekt og skerðir bæði líkamlega og andlega orku ásamt því að hafa slæm áhrif til lengri tíma á ónæmiskerfið.

Rotnun og gerjun í þörmum er mjög óeðlileg fyrir líkamann

Margir eru með ómelta fæðu í lengri tíma í þörmunum sökum ensímsskorts, sem getur hreinlega stíflað meltingarveginn. Ómelt fæða í meltingarvegi getur valdið gerjun og/eða rotnun og hefur það ferli í för með sér framleiðslu á eitru- og sindurefnum sem getur valdið ótímabærri öldrun í vefjum og hreinlega skaðað frumur líkamans. Til að koma í veg fyrir þetta ferli er mikilvægt að neyta hráfæðis og/eða taka inn meltingar-

ensím fyrir máltíðir til að auðvelda niðurbrot fæðunnar.

Einkenni skorts á ensímum geta verið:

- Brjóstsviði
- Vindverkir
- Uppþemba
- Kviðverkir & ógleði
- Bólur
- Nefrennsli
- Krampar í þörmum
- Ófullnægt hungur
- Exem
- Höfuðverkur
- Skapsveiflur
- Liðverkir
- Húðkláði
- Húðroði
- Svefnleysi



Anna Gréta sefur betur og er ekki lengur útblásinn eftir máltíðir eftir að hún byrjaði að taka Enzymedica meltingarensímín.

Margföld orka og laus við magavandamál

Segja má að hún Anna Gréta hafi öðlast nýtt líf eftir að hún fór að nota Enzymedica meltingarensímín en það var ekki bara meltingin sem varð betri, heldur náði hún betri svefni og því varð hún orku-meiri og gláðari. Hún hafði þetta að segja:

„Ég hef haft psoriasis gigt í meira en 20 ár og hef tekið töluvert af lyfjum þess vegna. Fyrir nokkrum árum fór ég að glíma við magavandamál sem eru líklegast tilkomin vegna lyfjanotkunar en fyrir utan magánot og uppþemba var ég alltaf þreytt og orkulaus. Ég hef prófað svo margt gegnum tíðina en fundið lítinn mun, þar til ég kynntist Enzymedica ensím-

unum. Þvílíkur munur og það besta er að ég fann muninn strax. Ég er ekki lengur útblásinn eftir máltíðir, hægðir urðu fljótt reglulegar, orkan margfaldaðist og ég er ekki að kljást við magavandamál lengur.“

Byltingarkennd ensím

Enzymedica meltingarensímín eru mest seldar meltingarvaran í Bandaríkjunum og þau öflugustu sem til eru á markaðnum í dag. Fyrirtækið hefur einkaleyfi á aðferð sem kallast Therablend en þá er blandað mörgum stofnum ensíma sem vinna á mismunandi pH-gildum og ná þau þannig að melta hvert orkuefni mun betur og hraðar. Ensím sem unnin eru með þessari aðferð hafa mælst

Ensím hjálpa til við að slá á óþægindi svo sem loftmyndun, uppþemba, meltingartruflanir og meltingaróreglu með því melta fæðuna hraðar og betur.

á bilinu 5-20 sinnum öflugri og vinna meira en sex sinnum hraðar en önnur leiðandi meltingarensím. Enzymedica ensímín eru 100% vegan og innihalda ekki fylliefni, bindiefni eða önnur flæðiefni.

Söluastaðir: Flest apótek, heilsu-búðir og Fræið Fjarðarkaupum.

Frábær virkni af Bio-Kult

Þegar Ragna Lóa Stefánsdóttir kom heim frá Marokkó var hún með slæma magakveisu og leið illa. Hún fór til læknis sem gaf henni lyf við kveisunni. „En það var eins og ég næði mér ekki alveg af magakveisunni og ákvað ég því að prófa Bio-Kult Original þar sem ég hafði heyrt svo gott af því,“ segir Ragna Lóa.

Mælir með Bio-Kult

Árangurinn lét ekki á sér standa

og fann Ragna Lóa ótrúlega fljótt mun eftir að hafa tekið Bio-Kult í nokkra daga. „Ég hef fundið að með aldrinum þá verð ég viðkvæmari í maganum og það er ekki sama hvað ég borða, ég þarf að passa betur upp á mataræðið til að halda meltingunni í lagi. Bio-Kult Original kemur þar sterkt inn fyrir mig, því mér finnst meltingin betri og ég finn að það gerir mér gott,“ segir hún

Bio Kult fyrir alla

Áhrif þarmaflórunnar á heilsu eru sífellt að verða skýrari. Gagnsemi góðgerla verður sífellt kunnari. Hver rannsóknin á fætur annarri rennir stöðum undir mikilvægi þess að passa vel upp á þarmaflórana til að efla almenna heilsu. Góðgerlarnir frá Bio-Kult hafa slegið í gegn hérlandis og eru fáanlegir í fjórum gerðum og hver þeirra með mismunandi virkni.



Ragna Lóa fann ótrúlega fljótt mun á sér eftir að hafa tekið Bio-Kult í nokkra daga.



- **Bio-Kult Candéa** – inniheldur auk frostþurrkaðra góðgerla hvítlauk og greipkjarnaþykki sem hjálpa til við að auka mótstöðuafli líkamans gegn umgangspæstum og vexti sveppa.
- **Bio-Kult Original** – inniheldur háan styrk frostþurrkaðra góðgerla sem styrkir meltinguna og hjálpar til við að koma jafnvægi á bakteríuflóru líkamans.
- **Bio-Kult Pro Cyan** – bleika blómið – inniheldur, auk frostþurrkuðu góðgerlanna, A-vítamín og trónuberjabykkni

sem henta einstaklega vel til að stuðla að eðlilegri starfsemi þvagrásar.

- **Bio-Kult Infantis** – sérblönduð góðgerlablanda fyrir börn sem inniheldur einnig Omega 3 og D-vítamín. Kemur í duftformi í handhægum bréfum sem auðvelt er að sáldra út á mat.

Veldu þá tegund sem hentar þér best.

Fáanleg í öllum apótekum, heilsuverzlunum og heilsuhillum stórmarkaða.

D-vítamín skortur algengur á norrænum slóðum

Ný rannsókn sýnir að börn sem voru í D-vítamínskorti þurftu að taka allt að þrefaldan dagskammt í sex mánuði til að ná ásættanlegum gildum. Íslendingar þurfa að taka D-vítamín allt árið um kring.

D-vítamín er nauðsynlegt fyrir heilbriggt taugakerfi, heila, hjarta og æðakerfi. Það er nauðsynlegt fyrir húðina, beinin, sjónina og heyrnina svo nokkuð sé nefnt og það ver okkur fyrir alvarlegum sjúkdómum. Rannsóknir gefa einnig sterkt til kynna að D-vítamín sé í raun grundvallarefni til að viðhalda heilsu og fyrirbyggja sjúkdóma en vitað er um a.m.k. 100 mismunandi sjúkdómseinkenni eða sjúkdóma sem tengjast D-vítamínskorti.

D-vítamínskortur á norðlægum slóðum

„Sérfræðingar við Friedman School of Nutrition Science and Policy hafa birt rannsóknir sem gerðar voru á skólabörnum í Boston og sýndu að allt að 90% þeirra skorti D-vítamín. Einnig kom þar fram að þeir sem eru í ofþyngd, með dökka húð og/eda lifa á norðlægum slóðum séu oftast í skorti en aðrir. Þessar niðurstöður ættum við á Íslandi ekki að hundsá þar sem hér vantar verulega upp á að sólin skini nægilega mikið á okkur og einnig eru allt of mörg börn í ofþyngd.“



Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsumarkþjálfari hjá Artasan.

„Peir sem eru í ofþyngd, með dökka húð og/eda lifa á norðlægum slóðum eru oftast í skorti en aðrir.“

Friedman School of Nutrition Science and Policy

Við þetta má svo bæta að landskönnun á mataræði 6 ára barna á Íslandi frá 2011–2012 sýndi að einungis um 25% barnanna fengu ráðlagðan dagskammt eða meira af D-vítamíni og var neysla fjórðungs barna undir lágmarksþörf (2,5 µg/dag). Vonandi eru þessar tölur orðnar betri í dag en það er full þörf á stöðugri umfjöllun þar sem þetta vítamín er okkur svo lífsnauðsynlegt,“ segir Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsumarkþjálfari hjá Artasan.

Allt að þrefaldur dagskammtur

Í september voru svo birtar niðurstöður klínískra rannsókna (við sama skóla) þar sem skoðað var hvað það þyrfti mikið magn í daglegri inntöku af D-vítamíni til að hækka gildin hjá þeim

D-lúx 3000 munnúðarnir eru til fyrir alla aldurshópa.



börnum sem mældust í skorti. Í ljós kom að stærstur hluti barnanna þurftu að taka 2000 a.e. (alþjóðlegar einingar) af D-vítamíni í 6 mánuði til að ná ásættanlegum gildum en hámarksskammtur fyrir 9 ára og eldri er 4000 a.e. á dag. Þetta segir okkur að ef um D-vítamínskort er að ræða, dugir ekki að taka bara ráðlagðan dagskammt, enda eru þeir hugsadur til að viðhalda þeim gildum sem fyrir eru, ekki til að hækka þau.

Hver eiga gildin að vera?

Landlæknisembættið telur að D-vítamín gildin eigi ekki að fara undir 50 nmól/l og eru það svokölluð skortsmörk. Dr. Michael Holick, sem er einn helsti sérfræðingur í heimi um D-vítamín og mikilvægi þess, telur að lágmarksgildi ættu að vera 75 nmól/l og reyndar eru fleiri sérfræðingar þeirrar skoðunar. Ef við erum nálægt skortsmörkum má kannski segja að hættan á skorti sé frekar fyrir hendi, þ.e.a.s. ef við sleppum því að taka vítamínið inn.

Hvar fáum við D-vítamín

Þetta vítamín er ekki eins og önnur vítamín sem við getum fengið úr fjölbreyttri fæðu en aðeins um 10% af D-vítamíni koma úr matnum. Sólin er helsta og besta uppspretta D-vítamíns en það verður til í líkama okkar vegna áhrifa UVB-geisla sólarinnar á húðina. Þetta gerist eingöngu þegar sólin er mjög hátt á lofti og ef hún skín á stóran hluta

líkamans. Landlæknisembættið hvetur fólk til þess að taka D-vítamín sérstaklega í formi bætiefna því eins og áður kom fram er það okkur lífsins ómögulegt að fá það úr fæðunni eða frá sólinni nema í takmörkuðum mæli,

D-vítamín dagur

2. nóvember er víða kallaður D-vítamín dagurinn (og sums staðar D-vítamín vika) þar sem lögð er sérstök áhersla á að upplýsa fólk um mikilvægi D-vítamíns. Þetta er að sjálfsögðu gert með það að leiðarljósi að bæta heilsufar almennings. Mikil vakning hefur orðið á sl. árum eða áratug hvað varðar neyslu á D-vítamíni og sífellt fleiri rannsóknir benda til þess að við getum stórbætt

heilsufar okkar með því að taka inn meira af því í formi bætiefna sem nemur opinberum ráðleggingum. Helsta ástæðan er líklega sú að allt of margir eru í skorti eða við skortsmörk á meðan ráðlagðir dagskammtar miðast við að viðhalda gildunum en ekki að hækka þau.


D-lúx munnspreyinn frá Better You tryggja hámarksupptöku en með því að úða D-lúx út í kinn förum við fram hjá meltingarkerfinu og tryggjum hraða og mikla upptöku. D-lúx hentar grænmetisætum og sykursjúkum, sem og þeim sem eru á glúteinlausu fæði.

Sölustaðir: Flest apótek, heilsu- búðir og heilsuhillur verslana.



ERTU MEÐ STERK BEIN?

BEINVERND ER MIKILVÆG ALLA ÆVI



OSTEO ADVANCE er fullkomin blanda fyrir beinin

- Kalk og magnesíum í réttum hlutföllum
- D vítamín tryggir upptöku kalksins
- K2 vítamín sér um að kalkið skili sér í beinin



Sölustaðir: Flest apótek, heilsu- búðir og heilsuhillur verslana

lindex.is

NÝ VERSLUN

OPNUM Í DAG
KL. 12:00 Á
VESTURLANDI

*Dalbraut 1,
Akranesi*

LINDEX

Er um meira en fötin okkar

Ásta Elínardóttir ákvað um áramótin að prófa eitthvað nýtt í hverjum mánuði. Í október var hún í sömu fötum á hverjum degi og uppgötvaði að við eyðum allt of miklum tíma og orku í föt.

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@365.is



Ég fæ alltaf reglulega góðar hugmyndir. Eitt af uppáhaldsmyllumerkjunum mínum er einmitt #égfæbaragóðarhugmyndir," segir Ásta og bætir við: „Ég ákvað um áramótin að þetta ætti að verða besta ár lífsins og setti mér fullt af markmiðum yfir árið. Bæði lítil eins og að snóða á mér hárið og stór eins og að semja lag, einn mánuðinn borðaði ég ávöxt á hverjum degi, annan æfði ég mig á hljóðfæri á hverjum degi og einn mánuðinn setti ég alltaf á mig varalit á morgnana. Það nýjasta var svo með fötin. Ég hef lengi velt þessu fyrir mér, alveg síðan dóttir mín byrjaði í Hjallastefnunni á sínum tíma og var í skólafötum. Engin rifrildi um föt, ekkert vesen að velja og þægindi alltaf í fyrirrúmi. Svo ég ákvað að prófa að vera í sömu fötum í heilan mánuð og þvo þá bara oftar.“

Þægindi og notagildi voru Ástu efst í huga þegar hún valdi sér fötin. „Ég er mjög virk manneskja og geri allskyns vitleysur alla daga. Suma daga þarf ég að mála myndir eða vegg, hoppa í polla, klifra upp í tré eða moka eftir ornum, suma

Þetta hefur opnað á margar samræður um fatasóun, líkamsvirðingu, sjálfið sem felst í fatastíl, notagildi fata og verslunaræði Íslendinga.

daga er ég á fundum allan daginn, aðra daga þarf ég að sinna eldhúsinu eða kúra uppi í sófa. Sumir dagar eru djamm dagar og aðrir dagar eru með finum veislum. Ég hugsaði því: dökkur grunnur, svartar buxur úr slitsterku efni og svartur hlýrabolur. Utan yfir það kom svo skyrtta, sem ég gæti leikið mér með að hafa hneppa, opna eða bundna eftir því hvert tilefnið væri. Og svo gul prjónapeysa þegar mér yrði kalt.“ Hún tekur fram að nærföt, yfirhafnir og skór hafi ekki verið hluti af þælingunni. „Veðrið á Íslandi er svo margbreytilegt að skór og yfirhafnir fóru eftir því. Og nærfötin fóru eftir tilefni, eins og allt kven- og transfólk þekkir.“

Ásta segist almennt hafa mætt mjög jákvæðum viðbrögðum. „Þetta hefur opnað á margar samræður um fatasóun, líkams-



Ásta Elínardóttir ákvað að ögra sjálfri sér með því að klæðast sömu fötum í heilan mánuð.

virðingu, sjálfið sem felst í fatastíl, notagildi fata og verslunaræði Íslendinga. Ég frétti líka af einhverri dómu sem var einmitt í svörtum buxum og hvítri skyrtu í heilt ár og væri alveg til í að ræða



Fötin sam Ásta valdi til að nota við öll tilefni í október voru rauðköflótt skyrtta, svartur hlýrabolur og svartar þægilegar og flottar buxur.
MYND/ANTON BRINK

12.990
SLIM 712

Vörunúmer: 18884-0001
Danmörk kr 14.980*
Svíþjóð kr. 12.694*

*Skv. levi.com og gengiskrá. Isl.banka 1.11.17

LIVE IN Levi's®


Levi's Kringlunni - Levi's Smáralind - Levi's Glerártorgi

við hana um hennar upplifun.“


Hún segir að mesta áskorunin hafi falið í því að nota sömu föt í vinnunni og þegar hún fór út með vinkonum sínum. „Já, og hrekkjavaka! Ég er mikil búningakona og dóttir mín var alveg miður sín yfir því að ég fengi ekki að fara í búning. Við náðum þó að redda því þegar við áttuðum okkur á því að fötum mínum svipar mjög til fatastíls persónu úr uppáhaldsþáttunum mínum. Við máluðum bara á mig smá glóðarauga og þá var ég klár.“

Og Ásta er ekki hætt. „Þegar ég vaknaði morguninn 1. nóvember bara nennti ég ekki að finna mér neitt annað. Það sama gerðist svo 2. nóvember og mig grunar að það gæti haldið eitthvað áfram. Ég ætla samt að kaupa mér betri buxur bráðum þar sem þetta snið er ekki alveg nógu þægilegt við kálfana, og mig langar í skyrtu í öðrum lit einhvern tíma.“

Ásta segir að helsti lærdómurinn sem hún hafi dregið af þessari tilraun sé sá að við eyðum almennt of miklum tíma í föt. „Það getur vissulega verið gaman að máta föt en mest allur tíminn fer í að gagnrýna eigin líkama og hvernig hann virðist vera í fötum. Þessari gagnrýni er bara ekki boðið lengur. Við erum svo miklu meira en fötin okkar.“



Þó Ásta hafi verið í sömu fötum í heilan mánuð með tilheyrandi þvottastússi voru yfirhafnir og skór ekki innifalin enda býður íslenska veðurfarið ekki upp á slíkt.



Hér má sjá Ástu í vinnunni í skyrtunni góðu, en hún valdi fötin sem hún klæddist í októbermánuði út frá þægindum og notagildi.

Konditor/ bakari yfirmaður í tertudeild

Bakameistarinn Suðurveri leitar að jákvæðum og metnaðarfullum konditor og eða bakara með stjórnunarhæfileika og brennandi áhuga á kökugerð til að ganga til liðs við okkur. Starfið er laust nú þegar

Umsóknareyðublað er að finna á heimasíðu Bakameistarans www.bakameistarinn.is og nánari upplýsingar um starfið má fá hjá framleiðslustjóra Bakameistarans ottar@bakameistarinn.is í síma 864-7733



Austurvegi • Patabranni • Glasiba • Húsgóðahöllinni • Mjóð • Smátorgi • Suðurveri

Staða sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs í Borgarbyggð



Borgarbyggð auglýsir starf sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs laust til umsóknar. Um er að ræða fjölbreytt og áhugavert starf í lifandi umhverfi. Viðkomandi verður einn af þremur sviðsstjórum sem heyra beint undir sveitarstjóra í skipuriti Borgarbyggðar.

@gunnlaugur_audunn_juliusson photo

Menntunar og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af verkefnastjórnun og þróun verkferla.
- Reynsla af stjórnun og opinberri stjórnsýslu.
- Góð íslenskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Góð samskiptahæfni.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags við Samband íslenskra sveitarfélaga. Umsóknarfrestur er til 13. nóvember n.k.

Nánari upplýsingar um starfið veita Gunnlaugur Júlíusson sveitarstjóri og Eiríkur Ólafsson sviðsstjóri fjármálasviðs í síma 4337100. Umsóknir ásamt ítarlegri starfsferilsskrá og kynningarbréfi skulu sendar til gunnlaugur@borgarbyggd.is



Starfssvið:

- Yfirumsjón með starfi að skipulags- og byggingarmálum, framkvæmdum sveitarfélagsins, eignaumsýslu, sormálum, umhverfismálum, hreinlætismálum, brunavörnum og almannavörnum, landbúnaðarmálum og öðru því sem undir sviðið heyrir.
- Framkvæmd verkefna í samræmi við samþykktir sveitarstjórnar hverju sinni.
- Umsjón með gerð þeirra fjárhagsáætlana, starfsáætlana og framkvæmdaáætlana sem undir sviðið heyrir.
- Undirbúningur fyrir og umsjón með fundum umhverfis, skipulags- og landbúnaðarnefndar Borgarbyggðar.
- Eftirlit með framkvæmd samninga, laga og reglugerða sem gilda hverju sinni og heyra undir sviðið.
- Samskipti við opinberar stofnanir, íbúa sveitarfélagsins og aðra þá sem tengjast verkefnum sviðsins.
- Önnur verkefni sem undir sviðið heyrir hverju sinni.



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

Starfsmaður í mötuneyti í Menntaskólanum í Kópavogi

Menntaskólinn í Kópavogi óskar eftir að ráða starfsmann í mötuneyti skólans. Um er að ræða hlutastarf og er vinnutími frá kl. 09:00-13:00. Starfið felur í sér afgreiðslu, undirbúning málsverða og frágang. Æskilegt er að umsækjandi hafi reynslu af vinnu í mötuneyti og/eða menntun á þessu sviði.

Áriðandi er að viðkomandi eigi gott með samskipti og sé þjónustulipur.

Laun eru skv. samningi SFR- stéttarfélags í almannathjónustu og fjármálaráðherra f.h. rikissjóðs.

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu skólans í síma 594 4000 hjá skrifstofustjóra eða umsjónarmanni mötuneytis.

Skólameistari



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Markmið samkeppnislaga er að efla virka samkeppni í viðskiptum. Samkeppniseftirlitinu ber að ná markmiðum samkeppnislaga með því að vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri, vinna gegn skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum og auðvelda aðgang nýrra keppnauta að markaðnum.

Hjá Samkeppniseftirlitinu starfar hópur sérfræðinga sem allir hafa háskólamenntun á kandidats- eða meistarastigi. Það er markmið Samkeppniseftirlitsins að hjá því starfi úrvalsfólk með mikla þekkingu og reynslu á ýmsum sviðum.

Nánari upplýsingar um stofnunina má finna á www.samkeppni.is

Viltu efla samkeppni almenningi til hagsbóta? Samkeppniseftirlitið leitar að öflugum sérfræðingum

Samkeppniseftirlitið leitar að öflugum sérfræðingum sem hafa brennandi áhuga á samkeppnismálum. Munu þeir verða hluti af sérfræðingateymi stofnunarinnar og bera ábyrgð á úrlausn samkeppnismála á fjölbreyttum sviðum atvinnulífsins. Jafnframt munu þeir greina og fylgjast með samkeppnisstöðu fyrirtækja á tilteknum mörkuðum.

Helstu viðfangsefni

- Ábyrgð á úrlausnum samkeppnismála á fjölbreyttum sviðum atvinnulífsins
- Greiningar á samkeppnisstöðu fyrirtækja
- Eftirlit og greining markaða
- Rannsóknir og gagnavinnsla
- Skýrslu- og álitserðir

Menntunar- og hæfniskröfur

- Kandidats- eða meistarapróf í lögfræði eða hagfræði
- Frumkvæði við úrlausn viðfangsefna
- Reynsla af samkeppnis- og/eða stjórnsýslumálum er æskileg
- Góð greiningarhæfni og skipulögð vinnubrögð
- Hæfni í samskiptum
- Mjög gott vald á íslensku og ensku, í mæltu og rituðu máli

Samkeppniseftirlitið áskilur sér rétt til þess að ráða starfsfólk á grundvelli auglýsingarinnar næstu sex mánuði eftir birtingu hennar.

Nánari upplýsingar veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is) í síma 511-1225 og Hilmar Þórðarson, sviðsstjóri rekstrarsviðs Samkeppniseftirlitsins (hilmar@samkeppni.is) í síma 585-0707. Umsóknarfrestur er til og með 20. nóvember 2017. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og henni þarf að fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf. Öllum umsóknum verður svarað að ráðningu lokinni.

Intellecta, Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.

Becromal

Framleiðslustjóri



Becromal Iceland ehf. leitar að öflugum framleiðslustjóra til starfa. Framleiðslustjóri ber ábyrgð á rekstri framleiðslusviðs og heyrir starfið undir rekstrarstjóra Becromal.

Umsóknarfrestur

13. nóvember

Starfssvið:

- Skipulag og dagleg stjórnun í framleiðsludeild.
- Gæðamál og þátttaka í rekstri gæðakerfis.
- Samskipti og upplýsingagjöf við aðra stjórnendur og samstarfsaðila.
- Þátttaka í umbótaverkefnum.
- Skýrslugerð.
- Önnur tilfallandi verkefni.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/5937

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýttist í starfi.
- Reynsla af stjórnun og rekstri framleiðslu.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Samskipta- og leiðtogahæfni.
- Samvirkusemi og ósérhlífni.
- Hæfileiki til að vinna sjálfstætt.
- Góð enskukunnátta er nauðsynleg í ræðu og riti.

Becromal Iceland ehf. er iðnfyrirtæki sem framleiðir aflþynnur fyrir rafþetta sem notaðir eru í ýmsum iðnaði, s.s. vindorku og sólarorku. Framleiðsla Becromal á Akureyri hófst í ágúst 2009 þegar fyrsta framleiðsluvél fyrirtækisins var gangsett. Hjá Becromal starfa 110 manns.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Fræðslu- og jafnréttisfulltrúi



Bandalag háskólamanna (BHM) óskar eftir að ráða fræðslu- og jafnréttisfulltrúa til starfa. BHM eru heildarsamtök háskólamenntaðra á vinnumarkaði og gegnir lykilhlutverki í hagsmunagæslu fyrir starfsstéttir háskólamenntaðra hér á landi.

Umsóknarfrestur

12. nóvember

Starfssvið:

- Móta og skipuleggja fræðslustarf fyrir félagsmenn aðildarfélaga BHM, kjörna fulltrúa, trúnaðarmenn og starfsfólk aðildarfélaga BHM.
- Umsjón með útgáfumálum og verkefnum á sviði jafnréttismála.
- Tengiliður BHM við stjórnvöld á sviði jafnréttismála.
- Nefndarseta og vinna í starfshópum fyrir hönd BHM.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/5951

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýttist í starfi.
- Þekking og reynsla á málefnum stéttarfélaga, jafnréttislögum, stjórnsýslurétti og vinnumarkaðsmálum er kostur.
- Framhaldsmenntun á sviði fræðslumála og / eða reynsla á því sviði er æskileg.
- Góð samskiptahæfni og færni til að vinna í hópi.

Bandalag háskólamanna (BHM) er heildarsamtök háskólamenntaðra á íslenskum vinnumarkaði, stofnað 23. október 1958. Innan vébanda þess starfa 27 aðildarfélög sem í eru rúmlega 12.000 félagsmenn. Hlutverk BHM er m.a. að semja um sameiginleg hagsmuna- og réttindamál félagsmanna samkvæmt umboði, vera aðildarfélögum til fulltingis við gerð kjarasamninga og standa vörð um hagsmuni félagsmanna gagnvart stjórnvöldum og löggjafarvaldi.

BHM er vinnustaður þar sem jafnrétti er haft að leiðarljósi.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Árnason Faktor

Lögfræðingur

ARNASON
FAKTOR

ARNASON FAKTOR óskar eftir að ráða lögfræðing til starfa. Leitað er að kraftmiklum og metnaðarfullum einstaklingi sem hefur áhuga á að vinna í sterku teymi starfsmanna fyrirtækisins.

Umsóknarfrestur

12. nóvember

Starfssvið:

- Almenn ráðgjöf á sviði hugverkaréttar og þá sérstaklega á sviði vörumerkja, hönnunar, léna og einkaleyfa.
- Almenn ráðgjöf hvað varðar önnur auðkenni og hugverk í atvinnustarfsemi.
- Almennt utanumhald, rekstur og vernd á framangreindum réttindum.
- Önnur lögfræðileg vinna, svo sem samningagerð, er tengist vernd hugverka.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/5950

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólagráða í lögfræði, cand.jur. eða meistarágráða (5 ára nám í lögfræði áskilið).
- Áhugi og þekking á hugverkarétti æskileg og þá sérstaklega hugverkarétti á sviði iðnaðar.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti, mjög góð íslensku- og enskukunnátta.
- Samskiptafærni og geta til að starfa í teymi.
- Skipulagshæfileikar, samvirkusemi, sjálfstæði og áreiðanleiki.

Árnason Faktor sérhæfir sig í ráðgjöf um vernd hugverka með sérstaka áherslu á þjónustu við íslenskt atvinnulíf. Starfsfólk okkar hefur áratuga reynslu á sviði hugverkaréttar og leggjum við mikla áherslu á þjálfun og þekkingaruppbyggingu starfsmanna til hagsbóta fyrir viðskiptavini okkar. Starfsmenn félagsins hafa menntun og reynslu á sviði laga, tækni, raun- og hugvísinda.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Kvikmyndamiðstöð Íslands

Framleiðslustjóri

Kvikmyndamiðstöð Íslands leitar að öflugum einstaklingi í starf framleiðslustjóra. Um er að ræða áhugavert og krefjandi starf með það að markmiði að efla kvikmyndagerð og kvikmyndamenningu á Íslandi. Framleiðslustjóri annast umsýslu og afgreiðslu styrkumsókna sem berast stofnuninni vegna kvikmyndagerðar. Nánari upplýsingar um starfssvið er að finna á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.

Umsóknarfrestur
20. nóvember

Starfssvið:

- Umsjón með móttöku, skráningu og meðferð umsókna um styrki úr Kvikmyndasjóði og endurgreiðslu vegna kvikmyndagerðar.
- Samskipti við umsækjendur, kvikmyndaráðgjafa og aðra hluteigandi aðila.
- Samskipti við erlenda sjóði og samstarfsaðila KMÍ.
- Skipulagning fundar vegna kvikmynda ásamt ritun fundargerða og utnumhald gagna.
- Önnur verkefni tengd styrkveitingum.

Upplýsingar og umsókn
capacent.is/s/5947

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Starfsreynsla / þekking á kvikmyndum, listum og menningu.
- Reynsla af umsýslu upplýsinga og gagna.
- Reynsla af alþjóðlegu samstarfi er kostur.
- Nákvæmni og sjálfstæð vinnubrögð.
- Frumkvæði og lausnamiðuð hugsun.
- Lipurð í samskiptum.



Kvikmyndamiðstöð Íslands var sett á fót árið 2003 og gegnir lykilhlutverki í íslenskri kvikmyndagerð með því að veita fjármagni til framleiðslu íslenskra kvikmynda og sjónvarpsverka, kynna íslenskar kvikmyndir á alþjóðlegum vettvangi og styðja við kvikmyndamenningu á Íslandi með margskonar hætti. Hlutverk Kvikmyndamiðstöðvar Íslands er skilgreint í Kvikmyndalögum nr. 137/2001.

Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Forstjóri Framkvæmdasýslu ríkisins

Laust er til umsóknar embætti forstjóra Framkvæmdasýslu ríkisins. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf fyrir stjórnanda með góða samskiptahæfni, frumkvæði, sjálfstæði og viðeigandi faglegan bakgrunn.

Starfssvið:

- Ábyrgð á daglegum rekstri og starfsemi stofnunarinnar
- Stefnumótun og áætlanagerð
- Samskipti við stjórnvöld og hagsmunaaðila
- Stjórnun mannaúðs
- Erlend samskipti

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Haldgöð reynsla af stjórnun
- Háskólapróf á meistarastigi eða samsvarandi sem nýtist í starfi er skilyrði
- Fagleg þekking og reynsla af verklegum framkvæmdum
- Reynsla af stefnumótunarvinnu og breytingastjórnun
- Þekking á opinberri stjórnsýslu er æskileg
- Leiðtogaþæfileikar og geta til að hvetja aðra til árangurs
- Framúrskarandi samskiptahæfni og uppbyggilegt viðmót
- Frumkvæði og metnaður til að sýna árangur og kraftur til að hrinda verkum í framkvæmd
- Hæfni til tjáningar í ræðu og riti á íslensku og ensku

Fjármála- og efnahagsráðherra skipar í embættið til fimm ára í senn. Um er að ræða fullt starf. Launakjör eru samkvæmt ákvörðun kjararáðs þar til breyting laga tekur gildi um áramót sbr. 39. gr. laga nr. 70/1996.

Umsóknarfrestur er til og með 20. nóvember 2017. Umsóknir óskast sendar á netfangið fjr@fjr.is. Þeim þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfi. Nánari upplýsingar veita Sverrir Jónsson sverrir.jonsson@fjr.is og Aldís Stefánsdóttir aldis.stefansdottir@fjr.is í síma 545 9200.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um skipan í embættið.



FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Hlutverk Framkvæmdasýslu ríkisins er að vera leiðandi á sviði opinberra framkvæmda með það að markmiði að bæta verklag og auka skilvirkni, hagkvæmni og gæði við framkvæmdir ríkisins.

Framkvæmdasýslan veitir ráðuneytum og ríkisstofnunum ráðgjöf um byggingatæknileg málefni og undirbúning framkvæmda á vegum ríkisins.

Hún fer með yfirstjórn verklegra framkvæmda, sbr. lög nr. 84/2001, um skipan opinberra framkvæmda og reglugerðar nr. 715/2001, um skipulag opinberra framkvæmda.

Nánari upplýsingar um starfsemina má finna á www.fsr.is



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

Ertu klár

...til starfa í framsæknu þekkingarfyritækni með sterku, snörpu og skemmtilegu fólki?

1# Sérfræðingur í stjórnkerfum

Við leitum að verk- eða tæknifræðingi með áhuga á forritun og hönnun stjórnkerfa ásamt þekkingu á rafstýrirásum og stjórnþúnaði.

Kunnátta á eftirfarandi hugbúnað er æskileg:

Autocad/Autocad Electrical, TiaPortal, Intouch Wonderware, Allen Bradley, PlantPax, FTView, HTML, SQL.

2# Brunahönnuður

Við leitum að byggingarverkfræðingi með sérmenntun eða reynslu í brunaverkfræði og brunavörnum bygginga. Stór og spennandi verkefni framundan.

Hæfniskröfur

Kári Jónsson, einn efnilegasti körfuboltamaður landsins, heldur mikið upp á grínistann Pétur Jóhann og segir Hafnarfjörð klárlega vera besta bæ landsins. Hann stefnir á atvinnumennskuna.

Starri Freyr
Jónsson

starri@365.is



Einn efnilegasti körfuboltamaður landsins, hinn tvtitugi Kári Jónsson, skrifaði nýlega undir samning við uppeldisfélag sitt Hauka eftir að hafa leikið einn vetur með Drexel-háskólanum í Bandaríkjunum. Hann segir aðalástæðu vistaskiptanna tilkomna vegna þess að hann var einfaldlega hættur að hafa gaman af hlutunum ytra. „Mér leið ekki nógu vel og hafði ekki gaman af því sem ég var að gera dagsdaglega. Ég þurfti að ákveða hvað væri best fyrir mig persónulega og þótt þetta hafi verið mjög erfið ákvörðun og tækifæri sem erfitt er að gefa frá sér var þetta það sem ég þurfti að gera. Mér líður strax betur hérna heima og finn að neistinn gagnvart körfunni og daglegu lífi er kominn aftur.“

Hann segir lífið í Bandaríkjunum undanfarið ár hafa verið fint að mörgu leyti. „Auðvitað er margt öðruvísi þar en hér heima á Íslandi. Helsti munurinn er hversu stórt allt er í Bandaríkjunum en skólinn og körfuboltinn er sama batterið og er haldið mjög vel utan um allt saman. Það voru t.d. nokkrir námsráðgjafar

sem sáu bara um körfuboltaliðið sem hjálpaði mér persónulega mjög mikið auk þess sem liðið hafði 4-5 þjálfara í full starfi.“

Mikil körfuboltafjölskylda

Kári er fæddur inn í mikla körfuboltafjölskyldu. Afí hans er Ingvar Jónsson körfuboltaþjálfari, oft nefndur faðir körfuboltans í Hafnarfirði. Faðir hans er Jón Arnar Ingvarsson, margfaldur landsliðsmaður í körfubolta auk þess sem föðubróðir hans, Pétur Jónsson, á að baki 27 landsleiki með A-landsliðinu í körfubolta. „Það er talað um fátt annað en körfubolta í fjölskyldubodum. Ég læri svo mikið frá þeim sem mér finnst mjög dýrmætt. Eini gallinn er að oft eftir tapleiki eða slaka leiki þá fær maður strax að heyra hvað maður hefði getað gert betur. Það er ekki endilega það sem maður vill heyra strax eftir slakan leik en kannski það sem maður þarf að heyra til að læra af þeim.“

Spenntur fyrir þjálfun

Hann segist spenntur fyrir nýbyrjuðu tímabili, Haukar séu með spennandi hóp og skemmtilegt lið. „Auðvitað er tímabilið nýbyrjað og liðið er með nýjan útlending þannig að við erum ennþá að slípa



Kári Jónsson í leik með U20 ára landsliðinu á Evrópumótinu í Grikklandi í sumar þar sem liðið lenti í 8. sæti. MYND/FIBA

Lista- og menningarráð Kópavogsbæjar

Ljóðstafur Jóns úr Vör



Lista- og menningarráð Kópavogsbæjar efnir í sautjanda sinn til árlegru ljóðasamkeppinnar um Ljóðstaf Jóns úr Vör.

Skilafrestur er til og með 8. desember og skal ljóðum skilað í fjórum eintökum undir dulnefni. Hverju ljóði skal fylgja umslag merkt með dulnefninu sem inniheldur upplýsingar um nafn, heimilisfang, símanúmer og netfang skáldsins. Einungis umslög sem tilheyra ljóðum sem fá verðlaun eða viðurkenningu verða opnuð og öllum gögnum verður fargað að keppni lokinni. Athugið að ljóðin mega ekki hafa birst áður.

Greint verður frá niðurstöðum samkeppinnar og verðlaun veitt sunnudaginn 21. janúar 2018 í Salnum í Kópavogi.

Verðlaunaafhendingin er liður í Dögum ljóðsins í Kópavogi, árlegri ljóðahátíð sem hefur þann tilgang að efla og vekja áhuga á ljóðlist.

Nánari upplýsingar:
menningarhusin@kopavogur.is
eða 441 7607



Afinn og faðir körfuboltans í Hafnarfirði, Ingvar Jónsson, með tveimur barnabörnum sínum og körfuboltastrákum. Hilmar Pétursson er til vinstri og Kári Jónsson til hægri.

okkur saman. Ég er mjög spenntur fyrir vetrinum og það verður fjör. Ég mun a.m.k. klára þennan vetur heima og næsta sumar skoða ég möguleika mína. Ef tækifæri opnast til að spila í Evrópu mun ég skoða það en núna er einbeitingin hérna heima.“

Fátt annað en körfuboltinn kemst því að í lífi Kára þessa dagana. Þegar hann er spurður hvert hann stefni síðar í lífinu viðurkennir hann að hann hafi í raun ekki hugmynd um hvað hann vilji starfa við eða hvernig nám hann vilji stunda. „Vonandi kemur það á næstunni. Það er margt sem mig langar til að læra enn frekar um boltann þannig að þjálfun er eitthvað sem ég mun örugglega fara út í.“

Hvað ætlar þú að gera um helgina? Það er ekkert planað annað en æfingar og gera eitthvað skemmtilegt með kærustunni og fjölskyldu. Hver er óskamorgunmaturinn um helgar? Þessi týpiski ameríski morgunmatur, egg, beikon og pönnukökur.

Hver er uppáhaldsmaturinn? Það

er jólamaturinn í fjölskyldunni sem er rjúpur. En það er bara einu sinni á ári þannig að uppáhalds helgarmaturinn er góð steik og bernaise-sósa. Það er fátt sem toppar það.

Hvaða NBA-leikmenn eru í mestu uppáhaldi? Það er LeBron James en sá sem ég horfi á aðallega til að læra af er Manu Ginobili, örvhentur galdramaður.

Hvernig tónlist hlustar þú á? Aðallega rapp og hipphopp. Herra Hnetusmjör er besti íslenski tónlistarmaðurinn.

Hvernig kvikmyndasmekkur hefur þú? Ég horfi meira á sjóvarpsþætti. Í mestu uppáhaldi eru Game of Thrones, The Walking Dead og Stranger Things.

Hver er fyndnasti maður landsins? Pétur Jóhann Sigfússon.

Er Hafnarfjörður besti bæ landsins? Alveg klárlega, enginn annar bæ kemst nálægt því.

Hvaða hæfileika hefur þú sem utanaðkomandi vita ekki um þig? Ég er ekki þekktur fyrir mikla hæfileika en það sem fáir vita er að ég er mjög góður nuddari.

Nú er hægt að greiða með **Netgíró!**

Stórglæsilegt úrval af sparifatnaði!

ZIKZAK
TÍSKUHÚS



Dýrgripir í leynum

Dýrgripir geta leynst víða. Sumir þeirra láta kannski ekki mikið yfir sér en geta reynst stórmerkilegir við nánari skoðun. Hægt verður að koma með gripi til greiningar hjá Þjóðminjasafninu á morgun.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is



Margir eiga erfðagripir eða ættargripir í fórum sínum án þess að vita sögu þeirra, svo sem hversu gamlir þeir eru eða hvaðan þeir koma og hafa áhuga á að fá upplýsingar um það," segir Freyja Hlíðkvist Ómars- og Sesseljudóttir, sérfræðingur á muna-sviði Þjóðminjasafnsins, en tvisvar á ári stendur safnið fyrir viðburðinum Áttu forngríp í fórum þínum?

Fjölbreytt flóra gripa

„Það er allur gangur á því hvaða muni fólk kemur með til greiningar og yfirleitt er um að ræða fjölbreytta og skemmtilega flóru gripa. Sumir koma jafnvel með gripi sem þeir vita allt um en vilja sýna okkur. Það er mjög fróðlegt að sjá hvað er til í fórum fólks,“ segir Freyja.

Margir koma með hluti sem hafa verið lengi í þeirri eigu og jafnvel gengið á milli kynslóða. Freyja segir alltaf ánægjulegt að geta orðið fólk að liði og finna út aldur og uppruna slíkra gripa. „Við erum þrjú sem stöndum vaktina á sunnudaginn frá 14-16 og hvert okkar hefur sitt sérsvið. Hver og einn gripur er myndaður svo við



Freyja reiknar með að margir komi með gripi til skoðunar á morgun. MYND/STEFÁN

höfum yfirsýn yfir hvað fólk kemur með til greiningar. Stundum tekst okkur ekki að greina þá muni sem fólk kemur með og leitum þá jafnvel út fyrir landsteinana, til kollega

okkar í nágrannalöndunum og oft tekst að fá nánari upplýsingar um viðkomandi hlut. Við verðummetum ekki gripina en greiningin er fólk að kostnaðarlausu.“

Les úr höfðaletri

Freyja segir að persónulega hafi hún mestan áhuga á alþýðugripum og leturútskurði. „Þetta er dálítið norðalegur áhugi,“ segir hún hlæj-

“Fólk þarf ekki að óttast að við tökum gripina til varðveislu heldur taka allir sína gripi aftur með heim.

andi. „Alþýðugripur er yfirleitt gripur sem hefur tilheyrð hversdagslífi fólks. Þessir gripir eru oft gernýttir og hætta er á að þeir glatist á meðan finni gripir standast frekar tímans tönn. Mér þykir óskaplega gaman þegar fólk kemur með gripi með útskornu höfðaletri, sem hafa verið í eigu sömu fjölskyldunnar í marga ættliði, og ég get lesið úr letrinu fyrir það. Oft áttar það sig þá á hver uppruni hlutarins er og í eigu hvers hann var. Ég veit ekki hvor verður þakklátari, ég eða eigendurnir.“

Allir fara með sína gripi heim

Alltaf koma fram gripir sem koma á óvart en Freyja segir alla flórana vera skemmtilega. „Fólk þarf ekki að óttast að við tökum gripina til varðveislu á Þjóðminjasafninu heldur taka allir sína gripi aftur með heim. Við ráðleggjum fólk hvernig best er að varðveita þá, við sem best skilyrði, en hita- og rakaveiflur og sólarljós geta skemmt hluti á skömmum tíma.“

VANDAÐAR ÚLPUR FYRIR VETURINN

STÆRÐIR 42-56

SJÁÐU ÚRVALIÐ OG PANTAÐU Í NETVERSLUN WWW.CURVY.IS EÐA Í SÍMA 581-1552



SENDUM FRÍTT HVERT A LAND SEM ER!



14.990 kr



12.990 kr



18.990 kr



12.990 kr



13.990 kr



15.990 kr



Á jólabasarnum á morgun verður hægt að gera góð kaup og styrkja gott mál-fni. Kvenfélagið Hringurinn vinnur að mannúðarmálum í þágu barna.

Jólabasar Hringsins

Jólabasar Hringsins verður haldinn á Grand Hótel Reykjavík á sunnudaginn klukkan 13. Á basarnum verða til sölu handgerðir munir, tertur, smákökur og fleira kruderi. Jólabasarinn markar einnig upphaf jólakortasölu Hringsins.

Basarinn er ótvíræð visbending um að jólin eru að koma og tækifæri til þess að styrkja gott málefni um leið og gerð eru góð kaup.

Barnaspítalasjóður Hringsins var stofnaður árið 1942. Í hann fer öll fjáröflun Hringsins og í uppbyggingu Barna- og unglingeðeildar Landspítala, BUGL. Mörg önnur verkefni, sem tengjast veikum börnum, hafa verið studd og styrkt.

Allir þeir fjármunir sem safnað er renna óskiptir í Barnaspítalasjóð og eru öll verkefni félagsins unnin af Hringskonum í sjálf-bodastarfi.



Á morgun kl. 13 hefst jólabasar Hringsins á Grand Hótel Reykjavík.

Curvy.is

Fákafeni 9, 108 RVK | Sími 581-1552 | www.curvy.is

Smáauglýsingar

512 5000

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki



Suzuki fjörgengis utanborðsmótorar Nettir, léttir, sparneynir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

SUZUKI UMBODIÐ ehf
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 565-1725
suzuki@suzuki.is
Suzuki.is / suzukisport.is



ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppbod - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

GEFDU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar



TOYOTA RAV4 nýskr. 06/2005, ekinn aðeins 136 þ.km, sjálfskiptur, nýtt í bremsum, ný smurður. TILBOÐSVERÐ 699.000 kr. Raðnr. 256890 á BILO.is



VW POLO COMFORTLINE SJÁLFSKIPTUR nýskr. 01/2006, ekinn 117 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 660.000 kr. Raðnr. 257033 á BILO.is



SUBARU TRIBECA B-9 nýskr 07/2007, ekinn 116 þ.km, bensín, sjálfskiptur, leður, aukadekk á felgum. Flottur bíll! Verð 1.590.000 kr. Raðnr. 257032 á BILO.is



CITROEN C3 nýskr. 02/2004, ekinn 221 þ.km, bensín, 5 girar. Bíll í finu standi! TILBOÐSVERÐ 222.000 kr. Raðnr. 257031 á BILO.is



AUDI A6 2,0 TDI 03/2013, ekinn 103 þ.km, diesel, sjálfskiptur, S-line sæti, 19" álfelgur. Flottur bíll! Verð 4.590.000 kr.áhv. 2,4mkr. Skipti ód. Raðnr. 256375 á BILO.is

Höfðahöllin
Funahöfða 1, 110 Rvk.
Sími: 567 4840
www.bilo.is

567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS
BÍLAHÖLLIN
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK



SKODA Kodiaq 4x4 ambition . Árgærd 2017, ekinn -1 þ.KM, diesel, sjálfskiptur 7 girar. Verð 5.950.000. ER Á STADNUM Rnr.116026.



LEXUS Rx300. Árgærd 2006, ekinn 137 þ.KM, bensín, sjálfskiptur 5 girar. Verð 1.690.000. Rnr.116063.



VW Caddy. Árgærd 2007, ekinn 117 þ.KM, bensín, 5 girar. Verð 590.000. Rnr.340767.



TOYOTA Land cruiser 120 gx. Árgærd 2003, ekinn 306 þ.KM, diesel, sjálfskiptur 4 girar. Verð 1.490.000. Rnr.212674.

Nýja bílahöllin
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 567 2277
www.nyja.is

Bílar til sölu



Lítið keyrður Kia Sportage árg. 2011, ekinn 88 þ.km. Vel með farinn, í reglul. viðhaldi hjá Öskju og ennþá í ábyrgð. Sjálfskiptur, diesel vél og á nýjum vetrardekkjum. Verð: 2.490 þús. Uppl. í s. 896-0747.



Til sölu Land Cruiser, keyrður 149þ. m. krók. Ný tímæreim, nýtt í bremsum, ný dekk og felgur, og einn eigandi. s. 8644777



SsangYong Tivoli XDI, 2016, Diesel 4x4, ekin 6.000Km, Sjálfskiptur, mikið af aukabúnað. verð:2.690.000. S:8214940



Vel með farinn Ford Explorer XLT árg. 2007 sjsk. 4x4. (7 sæti) Ek. 128.500 km. Verð 1.590.000 Uppl. í s. 840 7120



Ford Mustang '66. Sirka hálfnaður í upperð. 4 gira beinskiptur toploader. Það fylgir með honum töluvert af bæði nýju og gömlu dóti. Verð 1.600 þús. Uppl. í s. 690-7272

Megane station bsk, vél ek. 93 þ. Ný tímar, kúpl, brems og fl. Uppl. í s. 897 9252

Peugot 206, árg 2007, ek. 117 þ. Nýtt hedd, tímar, brems, legur og fl. Uppl. í s. 897 9252

Hjólbarðar



NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBERU VERÐI.
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

Þjónusta

Hreingerningar



ÞVOTTAKOMPAÑÍE

ÞHVOTTAHUS.IS

Þvottþjónusta fyrir hótél, veitingastaði, verktaða o.fl. Áreiðanleg þjónusta á mjög sanngjörnu verði. Leitið tilboða 895-5812!

VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki o.fl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málalarar

REGNBOGALITIR

Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Nýmálun, endurmálun, spörtlun, lökkun og fl. Vönduð vinnubrögð og snyrtileg umgengni. Hrófur Ingi Skagfjörð löggiltur málaramestari Upplýs, málalarar@simnet.is, Sími 891 9890

MÁLARI

Get bætt við mig verkum fyrir veturinn í allri almennri málingavinnu. S:841-0490

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikæls. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

• FYRIRTÆKI
• FJÖLBÝLISHÚS
• SKIP
• VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagning og trésmíði. S. 616 1569

Nudd

NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Janna.

Unaðsnudd 105 Reykjavík. S. 781 2666 Natalia

Til sölu Range Rover Supercharged 2007.



Þetta er sennilega einn fallegasti, og best varðveitti bíll af þessari kynslóð í landinu. Ekinn 147 þús km. Hefur fengið reglulegt viðhald og geymdur inni á vetrum. Bíllinn er af smíðaárgerð 2007 breyttur í 2010-12 útlit, samlitum með Overfinch stílbreytingum. Verð 3.790 þús.

Sendið fyrirspurnir á: grenivellir@gmail.com

Stærsti fasteignavefur landsins

fasteignir.is á vísir.is

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjórnuþspá. Tarot. Ársspá.
 Draumráðningar, ást og peningar.
 Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG
 DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
 Tilboð dyrasímakerfi, töfluskripti.
 Löggildur rafverktaki. rafneisti@
 simnet.is

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR.
S. 663 0746.

Bjóðum hagstætt verð í töfluskripti.
 Straumblik ehf. Löggiltur
 Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Önnur þjónusta



Parketslípun og Málun www.
 parketogmalun.is 25 ára reynsla.
 Parket og málarameistari að
 störfum. Hausttilboð 2900 kr Fm.
 7728100

Keypt
& Selt

Til sölu

LOK Á HEITA POTTA OG
HITAVEITUSKELJAR.

Stærðir í cm: 200x200, 210x210,
 220x220, 235x235, 235x217,
 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola
 1000 kg jafnarðarpunga af snjó.
 Vel einangruð og koma með
 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á
 markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt.
 Opnara til þess að auðvelda opnun
 á loki. www.Heitipottar.is Sími 777
 2000 Haffi og 777 2001 Grétar

Óskast keypt

KAUPUM GULL -
JÓN & ÓSKAR

Alla virka daga í verslun okkar
 Laugavegi 61 Jón & Óskar
 jonogoskar.is s.552-4910

RÚMBOTN 153X200
(QUINSIZE) ÓSKAST

Óska eftir vel með förunum og
 ódýrum rúmbotni í stærð 153x200
 Nánari upplýsingar í s. 699 2778

Heilsa

Nudd

FERÐANUDD

Menntaður nuddsérfræðingur.
 Karlmaður. Kemur á staðinn. Nánari
 upplýsingar á heimasíðu: www.
 mobile-massages.com eða í síma:
 7612295

Skólar &
Námskeið

Námskeið

ICELANDIC & ENGLISH F.
FOREIGNERS - ENSKA: L, LL,
LLLL

ÍSLENSKA f. útlandinga. ENGLISH
 f. Adults/ ENSKA f. Fullorðna.
 NORWEGIAN/NORSKA. Start/Byrja:
 27/11 - 2018: 8/1, 5/2, 5/3. 2/4,
 30/4. 28/5, 25/6: 4 weeks/vikur x
 5 days/daga. 2 - 5 students/nem.
 Morn/Aftern/Evening. Morgna/
 Siðd/Kvöldis: www.iceschool.is - ff@
 icetrans.is - Fulloðinsfræðslan-
 IceSchool, Ármúli 5. s. 5571155 /
 8981175.

GEFÐU
HÆNU

gjofsemgefur.is
 907 2003

Hjálparstarf
 kirkjunnar

Heimilið

Barnavörur

VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI
+ SKIPTITASKA

Verð frá 99.900 kr. Barnið
 Okkar - Hliðasmára 4 - 201 Kóp.
 barnidokkar.is

Húsnæði

Húsnæði í boði

TIL LEIGU NÝLEGT 133 -
1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI
Í REYKJAVÍK

133 fm bil með allt að 9 m
 lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð
 malbikuð lóð, og greið aðkoma.

Nánari upplýsingar veitir Sverrir
 í s. 661 7000

Húsnæði óskast

Hjón á besta aldri sem eru að flytja
 til landsins frá Danmörku, óska
 eftir 2ja-3ja herb. íbúð í Reykjavík.
 Skilvisum greiðslum og góðri
 umgengi heitið. gudmbjork7@
 stofanet.dk

Óska eftir lítilli íbúð á
 höfuðborgarsv. í langtímaleigu.
 Skilvisum greiðslum heitið. Uppl. í
 s: 783 6006

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg
 af því. Allt að 20% afsláttur. www.
 geymslur.is

Hönnun

icePatent

RAFLAGNATEIKNINGAR

Önnumst gerð raflagnateikninga
 fyrir íbúðir og húseignir.

Upplýsingar í síma 852 2090,
 IcePatent@outlook.com
 www.IcePatent.is

Atvinna

Atvinna í boði

VÉLAVÖRD VANTAR

Vélavörð vantar til afleysinga á mb.
 Núþ BA 69 sem rær með beitingavél
 frá Patreksfirði. Uppl. í síma 896
 1462.

TANNLÆKNASTOFA

Tannlæknir í 108 RVK auglýsir eftir
 aðstoðamannskju í 60-100% starf
 eftir áramót. Umsóknir sendist á:
 melgull@hotmail.com

Atvinna


STARFSMENN S.S. SMÍÐIR,
RAFVIRKJAR, PÍPARAR,
BIFREIÐASTJÓRAR,
VÉLVIRKJAR OG MÁLARAR

PROVENTUS

Starfsmannþjónusta

551 5000

Ármúla 15, 108 Reykjavík - www.proventus.is - proventus@proventus.is



SUNNUDAGA

KLUKKAN 20:15

Leitin að
upprunanum

Önnur þáttaröð af þessum geysivinsælu
 þáttum sem slógu í gegn á síðasta ári og
 fengu bæði **Edduverðlaun** og
Blaðamannaverðlaun B.Í.
 Sigrún Ósk ferðast með
 viðmælendum sínum um
 víða veröld og aðstoðar þá
 við að leita uppruna síns.

365.is | 1817



MARGFALT SKEMMTILEGRÍ

Tilboð

Snyrti & nuddstofan Smart

Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ



Tilboð

- Indverskt Andlitsbað
- Húðhreinsun með gufu
- Lúxus maski
- Litun á augabrúnir
- Indverskt höfuð og andlitsnudd

Meðferð tekur 70 mín • Tilboð 9.500.-

Verið hjartanlega velkomin.

Tímabantanir í síma 789 3031 & 897 3035, helgasig2@gmail.com
 eða á facebook síðu: Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

MARABON
NOW OG 11GB
Á 3.990 KR.*

Fáðu 11 gígabæt í símann, endalaust mörg símtöl
 og sms ásamt aðgangi að Marabon Now.

Nánari upplýsingar um tilboðið á 365.is eða í síma 1817.

*á mánuði



11GB

365.is

365

55 ára

AFMÆLIS HÁTÍÐ

**55 VÖRUR
20-55%
AFSLÁTTUR**

**AÐEINS HELGINA
3.-5. NÓVEMBER**

Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST



**OPIÐ ALLA HELGINA
Á SUÐURLANDSBRAUT
OG Á GLERÁRTORGI**



Heimilistæki ht.is

7 VERSLANIR UM LAND ALLT

Krimminn er í senn krossgáta og skoðun á mannlegu eðli

Friðrika Benónýs-dóttir flutti til Parísar snemma á árinu og sendi nýverið frá sér bæði glæpasöguna Vályndi og Eldheit ástarbréf.

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Eftir þrjú áratugi í menningarbláðamennsku þar sem Friðrika Benónýs-dóttir skrifaði um bækur annarra, tók viðtöl við ótal höfunda og fjallaði um bókmenntir með margvíslegum hætti er hún nú búin að vanda sínu kvæði í kross. Flutt til Parísar ásamt sambýlismanni sínum, Magnúsi R. Einarssyni, útvarps- og tónlistarmanni, og búin að senda frá sér tvær bækur með örfárra vikna millibili. Fyrst komu Eldheit ástarbréf sem Friðrika valdi, þýddi og tók saman til útgáfu. En í kjölfarið Vályndi, glæpasaga, sem er önnur skáldsaga hennar. Sú fyrsta, Nema ástin, kom út fyrir sléttum 20 árum, haustið 1997.

Báðar hafa bækurnar hlotið góðar viðtökur en Friðrika virðist nú ekki kippa sér upp við upphæfðina. „Þegar ég hætti á Fréttablaðinu þá hringdi Tómas, útgefandi hjá Sögum, í mig og sagði að fyrst að ég væri nú orðin atvinnulaus þá hefði ég ekkert skárna að gera en að skrifa skáldsögu handa honum,“ segir Friðrika og hlær við tilhugsunina. „Þannig að ég fór að gramsa í einhverjum textabrotum sem ég átti í tölvunni, sá að það var alveg hægt að gera eitthvað úr þessu, svo ég bara lét vaða.“

Hluti af samfélagi

Við tók því nýr starfsferill en Friðrika lét ekki þar staðar numið heldur flutti nokkru síðar til Parísar. Hvers vegna skyldi þessi sögufræga borg hafa orðið fyrir valinu? „Það var nú þannig þegar ég var ung að þá ætluðu allir í minni klíku að flytja til Parísar og skrifa. Við lásúm öll Veislu í farangrinum eftir Hemingway alveg í drep og alla þessa gæja. Þetta var draumaáfangastaðurinn og flestir fóru fljótlega eftir menntaskóla en ég fór í staðinn að eiga börn og vinna fyrir salti í grautinn. Svo vaknar maður bara einn daginn sextugur og hugsar; shit! Ef ég ætla að gera þetta þá verður það að vera núna.“

Ákvaðstu þá bara að flytja til Parísar eða tóku þið Magnús þá ákvörðun saman? „Já, ég reyndar passaði mig á að láta hann koma með hugmyndina því annars hefðum við aldrei farið,“ bætir Friðrika við og skellihlær um leið og hún útlistar planið nánar. „Ég tók Magnús með mér til Parísar í fyrirasumar í tilefni af sextugsafmælinu mínu og fór með hann á alla uppáhaldsstaðina mína. Syndi honum hvað þetta er æðisleg og dásamleg borg – seldi honum alveg hugmyndina án þess að hann hefði hugmynd um að það væri verið að selja honum eitthvað. Í flugvélinni á leiðinni heim þá sagði hann: „Heyrðu, ég á örugglega nóg í eftirlaunasiðnum nú þegar, ég hætti bara að vinna eftir áramótin og við flytjum til Parísar.“ Ég var ekki lengi að taka hann á orðinu



Friðrika Benónýsdóttir segir að þegar hún var ung hafi allir í hennar klíku ætlað að flytja til Parísar og skrifa. Í upphafi ársins lét hún verða af því ásamt sambýlismanni sínum og þau kunna vistinni afar vel. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

því þessi borg er svo fögur og full af sögu, auk þess sem hrynjandin í lifinu þarna hentar mér vel.

En auðvitað ber að taka fram að maður er stikkfrí frá þjóðfélaginu, þarf ekki að vera einn og hálfan tíma á dag í metro í stressi að komast á skrifstofuna og allt þetta. París er í raun eins og samansafn af fjöldanum öllum af litlum þorpum og ég var bara búin að koma þrisvar á uppáhaldskaffihúsið mitt í götunni okkar þegar allir tóku mér fagnandi, kysstu mig á báðar kinnar og vissu hvernig ég vil hafa kaffið mitt. Það er góð tilfinning að finna að maður er velkominn og hluti af samfélagi þó svo það sé bara lifið á einu litlu kaffihúsi.“

Húmor- og náttúruleysi

Vályndi eftir Friðriku virðist skera sig frá mörgum íslenskum glæpasögum. Stillinn er þéttur, persónusköpunin djúp og áherslan ekki sist á hið mannlega, jafnvel fremur en á glæpinn. Friðrika gengst við þessu og segir að vissulega hafi þetta verið henni hugleikið. „Ég verð líka að játa, kannski á maður ekki að vera að segja svona, að mér hefur stundum fundist eins og íslenskir krimmar séu skrifaðir til þess að hófa til útlendinga. Það eru alltaf þessar andskotans náttúrulýsingar, myrkur og snjór og það var alveg á hreinu að ég ætlaði ekki að vera með neitt slíkt í þessari bók.

Mér hefur líka oft fundist vanta

húmor í krimma og þar virðast allir reyndar líka vera meira og minna náttúruleysir svo mig langaði til þess að snúa aðeins upp á þetta form og hafa þetta ekki alveg málað eftir númerum – þó svo auðvitað eigi maður ekkert að vera að segja svona,“ segir Friðrika og hlær aðeins óörugg um hvort það sé í lagi að slá svona fram en er snarlega minnt á að hún er búin að leggja gagnrýnandaglaraugunum.

En hvað er það við krimmana með öllum sínum morðum og heimsins hörmungum sem fær þig til þess að slaka á? „Morð í skáldsögu er yfirleitt bara ástæða til þess að skyggast betur inn í mannlegt eðli. Skoða hvernig fólk bregst við



MÉR HEFUR LÍKA OFT

FUNDIST VANTA HÚMOR Í

KRIMMA OG ÞAR VIRÐAST

ALLIR REYNDAR LÍKA

VERA MEIRA OG MINNA

NÁTTÚRULAUSIR SVO

MIG LANGAÐI TIL ÞESS AÐ

SNÚA AÐEINS UPP Á ÞETTA.

öfgakenndum aðstæðum eins og morð hlýtur að kalla fram. Sérstaklega í svona litlu samfélagi eins og þar sem ég sviðset mína bók á Húsavík. Þú ert bara venjuleg manneskja sem fór í parti á Jónsmessunótt en morguninn eftir vaknarðu og ert grunaður um morð. Hvernig ætlaðu að vinna þig út úr því? Þannig að góður krimmi verður að vera sambland af því að skoða mannlegt eðli ofan í kjólinn og vera skemmtileg krossgáta um leið.

Eins finnst mér skritið að skrifa um einhvers konar fjöldamorð á Íslandi eða eitthvað sem fólk planar mánuðum saman. Mér finnst betra að vera með þetta í andartakinu, láta persónurnar stjórna af tilfinningum og skoða þær út frá því. Skoða þær út frá einhverju sem er bara hér og nú. Aðalatriðið er ekki endilega hver er morðinginn, heldur hvaða áhrif það hefur á fólk í viðkomandi samfélagi og þá sérstaklega smáu afmörkuðu samfélagi. Þess vegna valdi ég að hafa sögu sviðið á Húsavík en ég er sjálf úr Þingeyjarsýslunni, Reykjadal. Hef reyndar ekki búið þar síðan 1980 svo þessi Húsavík er meira og minna skálduð og ég vona að Húsvíkingar fyrirgefi mér það. Skáldskapur er bara skáldskapur en samt er hann ákveðinn veruleiki.“

Sviðsetning og einlægni

Talandi um mikilvægi þess að skoða mannlegt eðli þá er óhjákvæmilegt að horfa til þess að Friðrika er líka með bókina Eldheit ástarbréf sem samanstendur af ástarbréfum fjölda einstaklinga frá ýmsum tímum. En er fólk ekki einmitt eins nakið og það verður í slíkum bréfum? „Jú, þú verður ekki mikið einlægari um sjálfan þig en í bréfi til ástarinnar þinnar. En það sem mér finnst svo áhugavert er að á sama tíma ertu alltaf að leika. Alltaf að sviðsetja þá persónu sem þú vilt að ástin þín sjái. Bréfin í bókinni ná yfir 400 ára tímabil og það er gaman að sjá hvernig samfélagið hefur þróast. Hvað er leyfilegt að segja á hverjum tíma.“

En hvernig valdirðu bréfin? „Fyrst ætlaði ég að hafa þetta bréf höfunda sem hefðu skipt hvað mestu máli í bókmenntum síns tíma. Svo var það ekki að gera sig vegna þess að sumir af þessum gæjum voru svo hundleiðinlegir. Þannig að ég valdi þetta meira út frá því hversu sönn mér fannst tilfinningin vera. Valdi þetta út frá einlægni. Það sem mér fannst hvað merkilegast var að ungir núlifandi karlmenn voru almennt til í að láta birta ástarbréfin sín en konurnar mun fremur veinuðu af skelfingu við tilhugsunina. Stundum hefur maður enga skýringu á hlutunum og lætur bara við það sitja. Það sem eftir stendur er að þetta er skemmtilegt aflestrar og forvitnileg skoðun á mannlegu eðli í senn. Alveg bráðskemmtileg vinna.“

ALVÖRU ÆFINGAFÉLAGAR

MIKIÐ ÚRVAL AF ÍPRÓTTAFATNAÐI FYRIR BÖRN OG UNGLINGA

ENDURANCE



Verð: 2990 kr.
Stærðir: 8/10 og 12/14

Verð: 4990 kr.
Stærðir: 8-14



Verð: 4990 kr.
Stærðir: 10-14

Verð: 6990 kr.
Stærðir: 8-14



Verð: 3990 kr.
Stærðir: 8/10-12/14

Verð: 2490 kr.
Stærðir: 8-14



Verð: 6990 kr.
Stærðir: 8-14

Verð: 2490 kr.
Stærðir: 8-14



Verð: 4990 kr.
Stærðir: 8-14



Verð: 4990 kr.
Stærðir: 8-14 (þykkar)

Verð: 4990 kr.
Stærðir: 8-14



Verð: 4990 kr.
Stærðir: 8-14 (128-164)

ARMASTRÍÐ



ÚTILÍF

síðan 1974

KRINGLUNNI · SMÁRALIND

utilif.is



Margir unglingar bíða ofurspenntir eftir að ná 16 ára aldri því þá er hægt að byrja að læra á bil fyrir alvöru. Svo eru sumir sem eru lítið að velta sér upp úr þessum málum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Lífið og tilveran án bílprófs

Margt fólk kannast við að hafa beðið með eftirvæntingu eftir að ná 17 ára aldri og fá bílpróf. En það á ekki við um alla. Á meðan mörgum þykir algjörlega ómissandi að fara allra ferða sinna keyrandi þá eru aðrir sem eru ekkert að flýta sér að taka bílpróf. Helgi Hrafn, Saga Sig og Guðmundur Bjarki eru á meðal þeirra.

Guðný Hrónn
gudnyhronn@365.is



Helgi Hrafn Gunnarsson þingmaður Pírata

Helgi Hrafn fékk bílprófið í kringum tvítugt. „Nær alfarið til að losna við hópprýsting og sífellt hjál nærstaddra um hvað það væri mikilvægt frelsi og allt það. Hins vegar endurnýjaði ég það aldrei og það rann út.“ segir Helgi sem hafði einfaldlegan engan áhuga á að fá bílpróf þegar hann náði bílprófsaldri.

Spurður út í hvort hann sé duglegur við að nota almenningssamgöngur segir hann: „Ég myndi ekki segja „duglegur“ því það er ekkert endilega neinn sérstakur dugnaður fölginn í því. Almenningsamgöngur eru ágæt, hvað sem fólk segir.



Ég nota strætó mjög mikið og finnst það bara ljómandi finn kostur. Maður getur lesið í símanum, hlustað á podcast eða jafnvel notað tölvuna í lengri ferðum. Ég tók reglulega 45 mínútna strætóferðir í vor og forritaði bara á meðan.“

Hefur bílprófsleysið aldrei valdið þér vandræðum? „EKKI svo ég muni, nema því að nærstöddum finnst það gjarnan vera heilagur réttur þeirra að ég sé með bílpróf. Það er mikil tilætlunarsemi gagnvart þessu í íslensku samfélagi.“

Er planið að fá sér bílpróf á næstunni? „EKKI nema ég eignist barn, en þá myndi ég meira að segja einungis gera það fyrir konuna mína.“

Guðmundur Bjarki Ólafsson þjónusturáðgjafi hjá Vodafone

Guðmundur er einn af þeim sem var ekkert að flýta sér að taka bílprófið en hann tók það í kringum þrítugt.

Hvað kemur til að þú fékkst þér bílpróf tiltölulega seint? „Það kemur til af ýmsum ástæðum, þyngst vegur án efa staðreyndin að foreldrar mínir ráku ekki bíl svo ég ólst ekki upp við að það væri keyrt neitt að ráði. Ég er fæddur og uppalinn á Akureyri, en þar er án erfiðleika hægt að komast upp með að eiga ekki bíl. Ég kunní líka ágætlega við að labba bara eitthvað einn með sjálfum mér, flestar mikilvægar ákvarðanir í lífi mínu hafa verið teknar á röltinu.“

Á unglingsárunum fékk Guðmundur gjarnan far með vinum og félögum þegar hann þurfti að komast á milli staða. „Einum allra besta vini mínum kynntist ég þegar við sóttum báðir nám í Verkmenntaskólanum á Akureyri. Við sátum stærðfræðitíma í síðasta tíma á föstudögum, en skutlið heim eftir kennslustund sem hann bauð mér varð smám saman að lengri rúntum um bæinn þar sem við bundumst órjúfanlegum böndum þeirra sem geta ekki lært stærðfræði.“

Hefur bílprófsleysið aldrei valdið



þér vandræðum? „Í raun ekki. Í stóra samhenginu er ég ekki mikilvægur og fáa vantaði fulltingi mitt með litlum fyrirvara á þeim tíma. Allavega lá fáum það mikið á að fá mig í heimsókn að ekki mætti hinkra eftir að ég skilaði mér með almenningssamgöngum.“

útskýrir Guðmundur sem hefur í gegnum tíðina komist að því að það er ekki gulltryggt að strætó skili farþegum á áfangastað á réttum tíma.

Aðspurður hvernig gekk að taka bílprófið segir Guðmundur það hafa gengið ljómandi vel. „Ég hafði góðan ökokennara sem kunningjakona mælti með, og hann dró mig í gegnum ferlið af þolinmæði og fagmennsku. Ég er stressaður einstaklingur að eðlisfari og er þeirri náttúru gæddur að ég get sannfært mig um að allt sem aflaga fer skrifist beint á mig og vanhæfni mína til að takast á við hindranir daglegs lífs. Til allrar hamingju talaði ökokennarinn rólega og virtist ekki vera stressaður sjálfur yfir því að vera í bíl þar sem ég var við stjórnvölinn svo á endanum hafðist þetta.“ útskýrir Guðmundur. Hann keyrir töluvert nú til dags en reynir að nota strætó á veturna.

Nokkrir aðrir sem eru ekki með bílpróf eða tóku bílprófið seint:

Ágúst Bent, rappari og leikstjóri.
Hrafn Jónsson, pistlahöfundur.
Þórunn Antonía, tónlistarkona.
Bubbi Morthens, tónlistarmaður.
Inga Sæland, þingkona.



Saga Sigurðardóttir ljósmyndari

Saga er nýkomin með bílpróf. Aðspurð af hverju hún fékk bílprófið tiltölulega seint segir hún: „Ég átti kærasta þegar ég var í menntaskóla sem var með bílpróf svo ég var ekkert að flýta mér að fá próf. Svo flutti ég til London og þar er óþarfi að vera með bílpróf. Svo kom ég til Íslands og tók þá loksins prófið, 30 ára gömul.“

Hvernig gekk svo að taka bílprófið? „Ég var hræðilega stressuð. Það verður held ég erfiðara, eftir því sem maður eldist, eins og að kenna gömlum hundi að sitja.“ segir Saga sem náði bæði verklega og bóklega prófinu í fyrstu tilraun. „Ég var alveg viss um að ég myndi falla í verklega þegar ég var í prófinu, ég hafði ekki verið svona stressuð lengi. En ég náði og ég hef sjaldan verið jafn glöð!“

Sögu þótti ekkert sérlega spennandi tilhugsun að vera með bílpróf þegar hún var unglingur að eigin sögn. „En ég tók nokkra ökutíma og fór í Ökuskóla 1. En ég bjó niðri í bæ þar sem ég gat gengið hvert sem er.“

Hvernig fórst þú leiðar þinnar þegar þú varst ekki með bílpróf? „Í London er snilld að taka strætó og lestina, þú þarft ekki bíl. Svo kom ég heim og hingað til hef ég hjólað og gengið allt enda bý ég í 101. Ég tók taxa og var dugleg að snikja far hjá vinum. Mér finnst ekkert sérstaklega gott strætókerfið hérna heima,



ÉG VAR ALVEG VISS UM

AD ÉG MYNDI FALLA Í

VERKLEGA ÞEGAR ÉG VAR

Í PRÓFINU, ÉG HAFÐI EKKI

VERIÐ SVONA STRESSUÐ

LENGI.

Saga sigurðardóttir.

en það hefur lagast og núna er frekar auðvelt að fylgjast með í gegnum appið. Miðað við kerfið í London finnst mér almenningssamgöngur hér lélegar.“ segir Saga.

Hefur bílprófsleysið aldrei valdið þér vandræðum? „Jú, ég var mjög háð öðrum og gat ekki skroppið neitt. Ég þurfti að plana allt t.d. ferð í Kópavog með fyrirvara, redda fari o.s.frv. Mér fannst aðallega leiðinlegt að vera háð öðrum og geta ekki bara skroppið þangað sem ég vildi.“ útskýrir Saga sem er ekki búin að kaupa sér bíl. Hún segir það hafa sína kosti þar sem hún hreyfi sig mikið vegna þess. Það er þó á dag-skránni hjá henni að fjárfesta í bíl. „Mig langar helst í rafmagnsbíl.“

10-30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM BORÐSTOFUBORÐUM OG STÓLUM



HRINGBORÐ -hvítt háglans
Stærð: 120X120cm
Verð: 59.900,-
TILBOÐSVERÐ: 47.920,-



ADRIANA
STÆKKANLEGT BORÐ – hnota
Stærð: 180(240)X100cm
Verð: 169.000,-
TILBOÐSVERÐ: 118.300,-



STÆKKANLEGT BORÐ
Hvítt háglans
Stærð: 160(248)X100cm
Verð: 199.000,-
TILBOÐSVERÐ: 179.100,-
Stærð: 200(288)X110cm
Verð: 219.000,-
TILBOÐSVERÐ: 197.100,-



NOTTINGHAM BORÐ
Gegnheill akasíuviður
Stærð: 200X100cm
Verð: 158.000,-
TILBOÐSVERÐ: 142.200,-



DEVON-X STÓLL
Verð: 19.800,-
TILBOÐSVERÐ: 16.830,-



DELTA STÓLL
Verð: 19.900,-
TILBOÐSVERÐ: 15.920,-



LOGAN STÓLL
Verð: 19.500,-
TILBOÐSVERÐ: 15.600,-



PORTO STÓLL
Verð: 19.900,-
TILBOÐSVERÐ: 17.910,-



MONET STÓLL
Verð: 19.900,-
TILBOÐSVERÐ: 17.910,-



CALE STÓLL
Verð: 15.900,-
TILBOÐSVERÐ: 10.335,-



TYLER SM STÓLL
Verð: 17.800,-
TILBOÐSVERÐ: 16.020,-



HUGO STÓLL
Verð: 17.900,-
TILBOÐSVERÐ: 14.320,-



Þorsteinn Matthíasson starfar við múrverk og er fastagestur í Kaffigarðinum. Hann er hrifnastur af fiskiréttum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Strangheiðarlegur heimilismatur

Heimilismaturinn hefur ekki tapað gildi sínu. Fjölmargir staðir á höfuðborgarsvæðinu bjóða upp á heiðarlegan heimilismat í hádeginu og þar taka menn hraustlega til matar síns.

Ásta Hrafnhildur
Garðarsdóttir
astahrafnhildur@frettabladid.is



Það er kominn matur“, er upphrópun sem margir kannast við. Við það kall þutu heimilismenn inn í eldhús þar sem kótilettum, soðningu, hömsum og spónamat voru gerð góð skil. Heimilismatur er sveipaður ákveðnum fortíðarljóma og eiga flestir sinn uppáhaldsrétt, og er ekki bara lambalærið eins og mamma gerði alltaf best.

Vinsælasta meðlætið

Ilmurinn af fiskibollum og lauksmjöri lá í loftinu þegar blaðamaður og ljósmyndari litu við í Kaffigarðinum, veitingasölu sem er í Húsasmíðjunni í Skútuvogi. Sársvangir viðskiptavinir tindust inn hver af öðrum og biðu með eftirvæntingu eftir því að sett yrði á diskana. Á matseðli dagsins voru fiskibollar, lasanja og lambalæri með bernaise.

„Það er hópur viðskiptavina sem kemur hingað daglega. Við bjóðum alltaf upp á fisk, en hann er geysivinsæll og margir vilja hann eingöngu“, segir María Erla Erlingsdóttir, umsjónarmaður Kaffigarðsins. Matseðillinn er fjölbreyttur og úrval meðlætis töluvert. Verðinu er haldið í lágmarki og skammtar eru stórir. „Við reynum að koma til móts við viðskiptavini okkar og bjóðum upp á nýjungar í salatborðinu en þrátt fyrir það er rauðkálið og grænu baunirnar langvinsælasta meðlætið. Það eru sumir hérna sem borða þetta með öllu, kjöt eða fiski.“

Það er mest að gera í hádeginu. Fjölmargir iðnaðarmenn sem eru á ferðinni vegna vinnu sinnar mæta reglulega til að fylla á orkustöðvarnar og vilja almennilegan mat en ekki samloku og gos á hlaupum.

„Flestir koma til okkar í hádeginu en það er líka töluvert að gera í morgunmatnum. Við opnum snemma og hér sitja menn og skrafa um heimsmálin yfir kaffibolla og kleinum. Það er til dæmis fimmtán manna hópur sem kemur hér alla morgna og hefur gert í fjölmörg ár. Menn komnir á eftirlaun, sumir voru starfsmenn Húsasmíðjunnar. Þeir sitja hér fram eftir morgni alltaf við sama borðið.



Rauðkál og grænar baunir. Heilög tvenna sem klikkar aldrei.



María Erla, rekstrarstjóri í Kaffigarðinum, segir mest að gera í hádeginu.

KOMDU í KOLAPORTIÐ

– dásamleg deild samfélagsins



OPIÐ UM HELGAR FRÁ KL. 11 – 17



FJÖLMARGIR IÐNAÐARMENN SEM ERU Á FERÐINI

**VEGNA VINNU SINNAR MÆTA REGLULEGA TIL AÐ FYLLA
Á ORKUSTÖÐVARNAR OG VILJA ALMENNILEGAN MAT EN
EKKI SAMLOKU OG GOS Á HLAUPUM.**



Hér var eitt sinn sjoppa þar sem bólugrafnir unglingar seldu flöskur fyrir kúlur. Það er af sem áður var.



Guðjón og Júlían koma næstum á hverjum degi.

„Staðurinn er lítill og ég vona að hann verði þannig áfram, það yrði ekki eins ef hann myndi stækka“, bætti Matthías við og sneri sér að máltíð dagsins.

Á næsta borði sátu Guðjón Eiðsson og Júlían Elí Steingrímsson, starfsmenn Skemmtigarðsins í Grafarvogi. „Geggjaður matur hérna, það kemur varla fyrir að maður sleppi úr degi,“ segir Guðjón en hann skelti sér á rifin þennan daginn og var ekki lengi að vinna á vel kúfuðum diskum.

„Þetta er miklu meiri matur,“ bætti félagi hans við, „maður verður betur saddir en ef við

værum að borða hamburgara á hverjum degi, svo er þetta bara ódýrara.“ Þeir félagar voru á einu máli um að það hefði verið löngu tímabært að opna svona stað í Kópavogi.

Viðmælendur fóru saddir út í daginn og blaðamaður var sendur heim með stútfullan matarbakka af kjötbollum, kartöflum og sósu, sem voru gerð góð skil.

Þrátt fyrir sibreytilegar tiskubylgjur í mataræði, þar sem allt þarf að vera grænt, vegan og lifrænt, þá hefur það ekki rutt kótil-ettunni og rauðkálínu af stali sínum – heimilismaturinn blifur-



**VIÐ OPNUM SNEMMA
OG HÉR SITJA MENN OG
SKRAFA UM HEIMSMÁLIN
YFIR KAFFIBOLLA OG
KLEINUM. ÞAÐ ER TIL
DÆMIS FIMMTÁN
MANNA HÓPUR SEM
HITTIST HÉR ALLA
MORGNA OG HEFUR GERT
Í FJÖLMÖRG ÁR.**

Virkilega léttir og skemmtilegir og gaman að fá þá til okkar í morgunkaffi. Ég passa upp á að eiga alltaf nóg af kleinum og vinarbrauði.“ Að þeim orðum sögðum var María rokin í eldhúsið þar sem að hádegisösin var að ná hámarki og því margt og mikið að gera.

„Ég kem hingað alla virka daga í hádeginu, maturinn er mjög góður og vel útlátinn,“ segir Þorsteinn Matthíasson sem starfar við múrverk. Aðspurður kvaðst hann oftast fá sér fisk sem væri afbragðsgóður og hráefnið greinilega fyrsta flokks.

Ekta íslenskur dæner í Kópavogi

Þar sem áður voru seldar kúlur og lakkrísör eru nú afgreidd rif, kjötbollur, sósa og salat. Veitingasalan Matstöðin kúrir í Kársnesinu í Kópavogi og þar er fullt út úr dyrum alla daga. „Hér er afgreiddur heiðarlegur heimilismatur“, gall við í kokkinum sem gaf sér ekki tíma fyrir frekara spjall og hélt áfram að bera fram steiktan fisk á fati. Matseðillinn er fjölbreyttur kjöt, fiskur, sósa og salat og að sjálfsgöðu dísætir kleinuhringir í eftirrétt. Hér er ekkert gefið eftir hvað gæði og skammtastærð snertir.

Þegar blaðamaður og ljósmyndara þar að garði var nokkuð ljóst að ordatiltækið þröngt mega sátir sitja átti mjög vel við. Fullt var út úr dyrum, en staðurinn er lítill og kósý og því ekki erfitt að fylla hann. Réttur dagsins var steiktur fiskur og rif í barbíkjúsósu og rauðkálið langvinsælasta meðlætið.

Félagarnir Sigurður Steinþórsson og Matthías Leó Árnason voru sársvangir eftir morgunverkin, en þeir félagar vinna við borun hjá Vatnsborun. „Það var sko kominn tími til að fá svona stað í Kópavogi. Við komum hingað næstum því á hverjum degi“, segir Sigurður og sporðrennir síðasta fiskbitanum. Matthías félagi hans hrósaði matnum einnig og sagði að besti fiskurinn í bænum væri á Matstöðinni.

Þeir félagar voru sammála um að rauðkálið og grænu baunirnar væru órjúfanlegur hluti af máltíðinni.

14 JÚN
15 JÚN
1-17 JÚN
2018
REYKJAVÍK
Í REYKJAVÍK
LISTAHÁTIÐ

**HINN EINSTAKI
BILL MURRAY
Í ELDBORG**

**MIDASALA HAFIN Á
LISTAHATID.IS OG TIX.IS**

Ógnin úr austrinu

Saga til næsta bæjar



Stefán Pálsson skrifar um sögu sjúkdóma

Um miðja fjórtándu öld gekk skelfileg farsótt yfir Evrópu. Plágan eða svartidauði eins og faraldurinn var síðar kallaður meðal nokkurra norður-evrópskra þjóða, olli gríðarlegum hamförum. Nær útilokað er að áætla mannfalið með nákvæmni, en sagnfræðingum telst til að á bilinu 30-60% af íbúum álfunnar hafi látið lífið.

Lýðfræðilegar breytingar af þessari stærðargráðu hlutu að hafa miklar og víðtækar afleiðingar og hafa fræðimenn keppt við að rekja hvers kyns þjóðfélagsbreytingar á síðmiðöldum til plágunnar. Þannig hafa sumir viljað rekja galdrafarið í Evrópu til svartidauða, aðrir leita í faraldrinum orsaka gyðingaofsókna í álfunni. Enn aðrir álíta að þar sé að finna ástæður þess að lénskerfið leið undir lok, landnámi norrænna manna lauk í Norður-Ameríku, sigurför Ottómanaveldisins í Mið-austurlöndum, hrun Mongólaríkisins, upphaf vísindahyggu og svo mætti lengi telja.

Kenningarnar eru margar og misvinsælar, en öllum ber saman um að miðaldaplágan hafi verið einn áhrifamesti atburður sögunnar. Sömu sögu megi segja um plágu Jústaniúsar, sem kennd var við keisarann sem ríkti í Konstantínópel þegar faraldur reið yfir um miðja sjöttu öld. Sú farsótt var að líkindum víðlika mannskæð og hefur verið notuð til að skýra margvíslegar menningarlegar og samfélagslegar breytingar í Evrópu næstu aldirnar á eftir.

Fyrir nútímalesendur kunna slíkar orsakaskýringar að virðast svo augljósar að tæpast þurfi að skýra þær sérstaklega. Að sjálf-sögðu hljóta hamfarir sem þurrka út allt að helming mannfjöldans á einu bretti að hafa gríðarleg áhrif jafnt á hugarfar, trúarbrögð, vísindi,

atvinnuhætti og stjórnmál. Nema hvað?

Vanrækt svið

Þessi sögusýn hefur þó ekki alltaf verið ríkjandi. Sagnfræðingar á átjándu öld og í byrjun þeirrar nítjándu gátu varla um farsóttir nema í framhjálaupi í verkum sínum og það þá helst ef þær höfðu lagt að velli höfðingja og stórmenni. Sjúkdómar og náttúruhamfarir voru álitin fyrirbæri sem mannlegur máttur fengi engu um ráðið og því óæskilegt að grípa til þeirra sem orsakaskýringa í sagnfræði, sem ætti að fela í sér síðferðislegan boðskap.

Það var ekki fyrr en komið var fram á nítjándu öldina að heilbrigðis- og farsóttasaga varð viðurkennd sem alvöru fræðigrein og um leið kviknaði áhuginn á sjúkdómum og afleiðingum þeirra í sögunni. Ef nefna ætti upphafsmann þessarar nýju hreyfingar, kemur aðeins einn til greina – Þjóðverjinn Justus Friedrich Carl Hecker.

Hecker var Berlínarbúi, fæddur árið 1795 og fetaði í fótspor föður síns með því að læra til lækni. Þegar á námsár-unum hneigðist áhuginn þó fremur til sagnfræði og tungumála. Fyrir vikið sökkta hann sér ofan í sögu læknisfræðinnar, sem heita mátti óranssakað svið. Rannsóknirnar vöktu áhuga yfirmanna læknadeildar Berlínarháskóla og hlaut hann kennarastöðu í greininni skömmu eftir útskrift og varð prófessor fáeinum árum síðar.

Það var engin tilviljun að Háskólinn í Berlín væri í fararbroddi í rannsóknunum á þessu nýja viðfangsefni sagnfræðinnar. Ný og áhrifamikil sýn á markmið og viðfangsefni sagnfræðinga var að koma fram í Þýskalandi um þessar mundir. Einn skeleggasti talsmaður hennar var Leopold von Ranke, sem bjó til það slagorð að sagnfræðingum bæri að segja söguna eins og hún gerðist í raun (þ. „wie es eigentlich gewesen“).

Fylgjendur Ranke lögðu litla áherslu á að leggja fram heildarkenningar eða draga saman niðurstöður rannsókna sinna, heldur kappkostuðu þeir að tina til sem mestar upplýsingar úr heimild-

unum, skýra sem nákvæmast frá viðfangsefninu og láta staðreyndirnar tala sínu máli. Nálgun þessi var mjög innblásin af rómantísku stefnunni, sem horfði á margt í fortíðinni, svo sem alþýðumenningu og þjóðhætti, með jákvæðari augum en tíðkast hafði. Ein birtingarmynd þess var áhugi á hvers kyns þjóðsagnaarfi. Viðfangsefni sagnfræðinga tóku því breytingum. Í stað þess að fjalla einungis um kóniga og höfðingja, urðu hífýli, atvinnuhættir og heilsufar að viðurkenndum rannsóknarefnum.

Plága hinna vanþróðu

Það voru þó ekki bara ferskir straumar í sagnfræðirannsóknunum sem urðu til þess að koma farsóttum miðalda á kortið hjá sagnfræðingum, heldur einnig ógn sem stéðjaði að íbúum Vestur-Evrópu: kóleran.

Þótt margir hafi þá staðalmynd af fyrri öldum að þá hafi fólk í sífellu mátt þola hinar skelfilegustu farsóttir, var raunveruleikinn nokkuð flóknari. Eftir svartidauða var plága landlæg í Evrópu um aldir og gekk í litlum og staðbundnum faröldrum á fáeinna ára fresti. Á sautjándu öld hafði máttur plágunnar farið mjög þverrandi og á átjándu öld mátti Vestur-Evrópa að mestu heita laus við stórar farsóttir.

Þessi staðreynd skýrðist af miklu leyti af heppni og bágun samgöngum, en í huga upplýsingarmanna átjándu aldar var það órækt dæmi um framfarir og yfirburði samtímans. Bjartsýnir evrópskir læknar freistuðust jafnvel til að lýsa því yfir að tími mikilla farsóttaværi liðinn í hinum þróaðri svæðum álfunnar. Ítrekaðar fregnir af drepsóttum í fjarlægum löndum, svo sem í Mið-Austurlöndum væru því öðru fremur til marks um lágt menningarstig fólks þar um slóðir.

Svo rammt kvað að þessum kenningum að ríkisstjórn Katrínar miklu



